# FRÉTTABLAÐIÐ

65. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. MARS 2016


# Makar verði undanskildir skráningu hagsmuna

**Forseti Alþingis telur að mjög gild rök þurfi til að undanskilja ekki maka frá hagsmunaskráningu þingmanna. Hiti var í þingmönnum í gær vegna upplýsinga um fjármál forsætisráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Reglur um hagsmunaskráningu maka eiga ekki við um maka þingmanna. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir að mjög gild rök þurfi til að breyta þessu.

Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eiginkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra, upplýsti á Facebook í fyrrakvöld að hún ætti félagið Wintris Inc. Félagið er skráð á Bresku Jómfrúareyjum. Það var stofnað í ársbyrjun 2008 til að halda utan um fjölskylduarf hennar. Ekki er minnst á félagið í hagsmunaskrá forsætisráðherra. Fréttavefurinn Vísir greindi svo frá því í gær að félagið hefði lýst um 500 milljóna króna kröfum í slitabú föllnu bankanna. Ekki liggur fyrir hve mikið af kröfunum var samþykkt.

„Þessi umræða var tekin á sínum tíma þegar reglurnar um hagsmunaskráningu voru settar. Sem var raunar áður en ég varð þingforseti,“ segir Einar og bætir við að það hafi verið niðurstaðan að undanskilja maka. „Meðal annars vegna þess að þarna var auðvitað verið að undirstrika sjálfstæði makans. Ekki síst í nútíma samfélagi. Makar geta verið að fást við ýmsa hluti í atvinnulífi eða í störfum sínum,“ segir Einar. Hann bætir við að víða í heiminum, þar sem reglur um hagsmunaskráningu gilda, séu hagsmunir maka ekki tilgreindir né heldur hagsmunir þingmanna vegna eigin húsnæðis. Hið sama eigi við hér.

Harðar umræður upphófust um málið í gær þegar Björn Valur Gíslason, varaformaður VG, kvaddi sér hljóðs í þinginu. Óskaði hann þess að þingfundi yrði frestað og forsætisráðherra útskýrði mál sín fyrir Alþingi. „Nú er komið í ljós að forsætisráðherrahjónin eru í gegnum peningafélag sitt skráð á Tortóla meðal kröfuhafa í alla íslensku bankana upp á mörg hundruð milljónir króna,“ sagði Björn Valur. Þingforseti hafnaði ósk Björns Vals en samflokksmenn Björns tóku undir málflutning hans.

Alþingi samþykkti í gær þingsályktunartillögu um siðareglur fyrir alþingismenn. Þar kemur fram að þingmenn skuli „forðast árekstra milli almannahagsmuna og fjárhagslegra hagsmuna þeirra eða annarra hagsmuna sem eru faglegir, persónulegir eða tengdir fjölskyldu þeirra, hvort sem þeir eru raunverulegir eða hugsanlegir.“ Takist þingmanni ekki að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af þessu tagi eigi hann að upplýsa um þá. **– jhh**

> **Makar geta verið að fást við ýmsa hluti í atvinnulífi eða í störfum sínum.**
>
> Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis



# Forstjórinn gengur enn í störf undirmanna



**Í gær hófst uppskipun áls í þriðja flutningaskipið í Straumsvík frá því verkfall félagsmanna Hlífar hófst. Yfirmenn í álverinu ganga í störf þeirra sem eru í verkfalli, m.a. Rannveig Rist sem sést hér á myndinni.** Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dæmir í breskum veiðiþætti

**LÍFIÐ** „Þetta er átta þátta sería þar sem átta veiðimenn taka þátt og í hverjum þætti dettur einn út. Fyrsti þátturinn í þessari seríu var tekinn upp hér á Íslandi,“ útskýrir Valgerður Árnadóttir sem tók að sér stöðu dómara í bresku þáttaröðinni Earth's Wildest Water: The Big Fish sem BBC-sjónvarpsveldið framleiðir.

Sjónvarpsmennirnir Ben Fogle og Matt Hayes heimsóttu landið í fyrra ásamt fylgdarliði í þeim tilgangi að leggja þrautir fyrir keppendur og dómari hvers lands sem heimsótt var sá svo um að vega og meta færni viðkomandi. Þættirnir hafa nú þegar verið teknir til sýningar í Bretlandi, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi og munu birtast víðsvegar um Evrópu innan skamms. **– ga /** **sjá 72**

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Mannréttindadómstóll Evrópu mun taka mál Ragnars H. Hall og Gests Jónssonar gegn íslenska ríkinu til umfjöllunar. 2



**SPORT** Guðmundur Guðmundsson undir pressu. 36- 42

**MENNING** Ljósmyndarinn Gavin Evans sýnir Bowie – The Session í nýjum Esjusal Hörpu. 48-59

**LÍFIÐ** Var settur í brandarabann og stofnaði því Facebook-hópinn Myndskrítlufélagið. 64-72


**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg suðlæg átt og bjart veður, en skýjað með köflum V-lands. Hiti 3 til 9 stig yfir daginn. SJÁ SÍÐU 46



Halla Tómasdóttir, frumkvöðull og fjárfestir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Halla býður sig fram

**FORSETAKOSNINGAR** Halla Tómasdóttir, frumkvöðull og fjárfestir, ætlar að bjóða sig fram til forseta Íslands. Samkvæmt heimildum blaðsins verður boðað til blaðamannafundar um miðjan dag þar sem ákvörðunin verður kynnt.

Í desemberbyrjun var stofnuð síða á Facebook þar sem skorað var á Höllu að bjóða sig fram. Hún sagðist þá djúpt snortin, en ætlaði að gefa sér tíma til að hugsa málið og ræða það við sína nánustu áður en hún segði af eða á með framboð.

Halla er gift Birni Skúlasyni viðskiptafræðingi og saman eiga þau tvö börn. Fram kemur á stuðningssíðu hennar að hún hafi komið að uppbyggingu Háskólans í Reykjavík, leitt verkefnið Auður í krafti kvenna, en einnig gegndi hún starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs Íslands 2006 til 2007 áður en hún lét þar af störfum til að stofna fjárfestingarsjóðinn Auði Capital. Undanfarin misseri hefur Halla mest starfað erlendis, meðal annars sem stofnandi Sisters Capital.

Með framboði Höllu eru komnir fram átta sem segjast hafa hug á framboði, en það eru auk Höllu, Vigfús Bjarni Albertsson, Þorgrímur Þráinsson, Elísabet Jökulsdóttir, Ástþór Magnússon, Sturla Jónsson, Árni Björn Guðjónsson og Hildur Þórðardóttir.

Önnur nöfn sem nefnd hafa verið í tengslum við hugsanlegt framboð eru Ólafur Jóhann Ólafsson, Andri Snær Magnason, Össur Skarphéðinsson og Stefán Jón Hafstein. – óká

## Afrakstur vetrarins á fjalirnar



**Stífar æfingar** Þessir nemendur í Dansstúdíói World Class æfa nú af kappi fyrir árlega nemendasýningu dansskólans. Sýningin er að þessu sinni byggð á sögunni af Aladdín og sett upp með ævintýralegu sniði. Nú með hækkandi sól munu börn og unglingar flykkjast á fjalirnar til að sýna afrakstur vetrarstarfsins í tómstundum – hvort sem það eru ungir tónlistarmenn, dansarar, leikarar eða aðrir sviðslistamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fimm af sjö segja af sér

**VIÐSKIPTI** Fimm af sjö einstaklingum úr bankaráði Landsbankans munu ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá bankaráðsmönnunum. Meðal þeirra sem undirrita yfirlýsinguna eru formaður og varaformaður bankaráðsins.

Bankaráðsmennirnir segja engar aðrar hvatir en hagsmuni bankans hafa legið að baki varðandi sölu Borgunar. Einnig lýsa þeir yfir stuðningi við Steinþór Pálsson, bankastjóra, og segja hann vera stefnufastan og öflugan stjórnanda.

Steinþór Pálsson sendi einnig frá sér yfirlýsingu. Hann segir að stjórn bankans verði með óbreyttum hætti og að hann muni starfa áfram með hagsmuni bankans að leiðarljósi.

Bankaráðsmennirnir reikna með því að skila af sér störfum á aðalfundi bankans 14. apríl. – þv / sjá síðu 23

# Mál gegn ríkinu fyrir mannréttindadómstól

**Dómstóllinn mun taka mál Ragnars H. Hall og Gests Jónssonar til meðferðar og einnig mál Styrmis Þórs Bragasonar. Kærendur í málunum fagna ákvörðun dómstólsins. Einungis um þrjú prósent kærðra mála eru tekin til meðferðar.**

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur staðfest að dómurinn muni taka mál Ragnars H. Hall og Gests Jónssonar gegn íslenska ríkinu til umfjöllunar sem og mál Styrmis Þórs Bragasonar gegn ríkinu. Í lok nóvember 2013 staðfesti dómurinn að mál Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, yrði tekið til meðferðar.

Ragnar H. Hall og Gestur Jónsson voru árið 2013 dæmdir til réttarfarssektar fyrir að segja sig frá verjendastörfum í Al-Thani málinu. Styrmir Þór Bragason, fyrrverandi forstjóri MP banka, var dæmdur í eins árs fangelsi sama ár í Exetermálinu.

Ragnar H. Hall segist hafa fengið bréf frá dómstólnum á mánudag. „Við erum afskaplega sáttir við að þetta mál fái efnislega meðferð, þá meðferð sem við teljum að sé eðlileg,“ segir hann.

Aðspurður segir Ragnar að þeir Gestur hafi verið vongóðir um að dómstóllinn myndi fjalla um mál þeirra. „Við töldum að það hefði augljóslega verið brotinn réttur á okkur samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Við hefðum ekki kært þetta nema af því að við töldum okkur hafa góðar vonir um að þetta fengi sína meðferð,“ segir Ragnar.

Mannréttindadómstóll Evrópu tók á árunum 2000 til 2015 einungis um þrjú prósent þeirra mála sem kærð voru til dómsins til efnislegrar meðferðar.

„Það fer gríðarlegur fjöldi af málum til dómstólsins og það eru mjög öflugar síur sem sigta út þau mál sem þeir telja að séu þess eðlis að fjalla eigi um,“ segir Ragnar og bætir við að þau mál gegn íslenska ríkinu sem dómstóllinn hefur yfirleitt falið í sér áfelli á hendur ríkinu.

Dómstóllinn hefur kveðið upp dóm í níu prósentum þeirra mála sem höfðuð voru gegn íslenska ríkinu á sama tímabili en í áttatíu prósentum þeirra var íslenska ríkið dæmt fyrir brot á Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í tuttugu prósentum tilfella hefur íslenska ríkið samið við viðkomandi borgara um lyktir málsins.

thordis@frettabladid.is



Mannréttindadómstóllinn mun taka tvö mál gegn íslenska ríkinu til efnislegrar meðferðar, m.a. mál Ragnars H. Hall og Gests Jónssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Við erum afskaplega sáttir við að þetta mál fái efnislega meðferð, þá meðferð sem við teljum að sé eðlileg.
>
> Ragnar H. Hall, hæstaréttarlögmaður






OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
ÚRVALIÐ ER
ENDALAUST
Í KRINGLUNNI FÆRÐU
ALLT SEM ÞARF TIL AÐ HALDA
GLÆSILEGA FERMINGARVEISLU
Fötin, gjafirnar, veitingarnar,
skreytingarnar og margt fleira.
GJAFA KORT
af öllu hjarta
GJAFAKORT KRINGLUNNAR
ER GJÖF AF ÖLLU HJARTA
Þú færð kortið á þjónustuborðinu á
1. hæð við Hagkaup eða á kringlan.is
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# Kínverjinn játaði og er gert að borga rannsókn lögreglunnar

**DÓMSMÁL** „Mál umbjóðanda míns er að mínu mati birtingarmynd af vaxtarverkjum íslenskrar ferðaþjónustu,“ segir Eva B. Helgadóttir, lögmaður kínversks manns sem dæmdur var í gær fyrir manndráp af gáleysi eftir árekstur á einbreiðri brú.

Áreksturinn varð í Öræfasveit á annan dag jóla í fyrra. Japanskur ökumaður lést í slysinu.

Kínverjinn, sem er 28 ára gamall, var fljótlega settur í farbann að kröfu lögreglustjórans á Suðurlandi sem taldi hann hafa ekið of hratt. Tveimur dögum eftir að Hæstiréttur staðfesti farbannið játaði maðurinn.

„Það má segja að hann hafi verið í þvingaðri stöðu til þess að játa til þess að geta komist heim til sín,“ segir Eva um þróun málsins. Maðurinn hafi átt töluverða hagsmuni undir því að geta farið heim til sín til London, eins og lögmaðurinn hefur áður rakið í Fréttablaðinu.

„Búsetu- og dvalarleyfi hans er háð lágmarksviðveru hans þar. Ef hann hefði ekki komist heim fyrir mánaðamót þá hefði hann verið að setja aflahæfi sitt, það er fyrirtæki sitt, og heimili í uppnám.“

> Réttarstaða þessara ferðamanna sem lenda í svona slysum er ekki endilega sæmandi.
>
> Eva B. Helgadóttir, hæstaréttarlögmaður



Samkvæmt ákærunni sem maðurinn játaði ók hann of hratt í snjó og krapi og án nægjanlegrar aðgæslu þannig að hann hafði ekki fulla stjórn á bílnum er honum var ekið framan á bíl sem var nær kominn yfir einbreiða brú úr gagnstæði átt.

Var maðurinn dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og sviptur ökuréttindum í tíu mánuði. Þá var hann dæmdur til að borga lögreglunni á Suðurlandi tæpar 3,6 milljónir króna í kostnað við rannsóknina og lögmanni sínum 1,2 milljónir í málsvarnarlaun.

Ökumaðurinn fór úr landi á laugardaginn. Eins og segir í upphafi telur Eva að draga eigi lærdóm af máli hans varðandi ferðaþjónustuna í landinu. Innviðir á borð við vegakerfið og merkingar á þjóðvegi 1 sem og regluverk hafi ekki verið aðlagað þeirri fjölgun ferðamanna sem hingað streyma.

„Réttarstaða þessara ferðamanna sem lenda í svona slysum er ekki endilega sæmandi.“ **– gar**

# Lítil sem engin fræðsla um barnavernd

**Mjög fáar tilkynningar berast barnaverndarnefndum frá leikskólum. Meðvirkni með foreldrum er talin ástæða. Leikskólastarfsmenn eru ekki fræddir um barnaverndarmál á meðan skátaforingjar fara á námskeið um hvernig og hvað eigi að tilkynna til nefndanna.**

**VELFERÐARMÁL** Aðeins tvö prósent tilkynninga til barnaverndarnefnda koma frá leikskólum landsins en um fjórðungur tilkynninga varðar börn á leikskólaaldri.

Páll Ólafsson, sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðslusviðs Barnaverndarstofu, segir mikilvægt að leikskólar tilkynni til barnaverndarnefnda. „Tilkynningum vegna yngri barna fjölgar og því ætti tilkynningum frá leikskólum einnig að fjölga. Það getur skipt sköpum fyrir börn að aðstoð berist sem fyrst. Það að búa lengi við álag vegna ofbeldis eða ástands á heimilinu getur skaðað barn jafn mikið eins og það sé statt á stríðssvæðum.“

Linda Hrönn Þórisdóttir leikskólastjóri rannsakaði ástæður þess hve fáar tilkynningar berist frá leikskólum í MA-verkefni við menntavísindasvið HÍ. Hún tók viðtöl við leikskólastjóra og leikskólakennara. Skortur á þekkingu er ein meginástæðan sem nefnd er fyrir fáum tilkynningum og var kallað eftir frekari fræðslu.

Linda segir fræðslu um barnaverndarmál til starfsmanna leikskóla hafa verið af skornum skammti í gegnum tíðina. Lítillega sé fjallað um barnaverndarnefndir í námi leikskólakennara en hún bendir á að fjölmargir starfsmenn leikskóla séu ekki með þá menntun.

„Til samanburðar setur skátahreyfingin það sem skilyrði að allir foringjar sem starfa í skátafélögum landsins sæki fræðslu um barnaverndarmál. Börn verja örfáum tímum í skátunum í viku hverri en eru allan daginn, alla virka daga í leikskólanum. En þar eru starfsmenn ekki fræddir,“ segir Linda og bendir á að samt sem áður sé tilkynningaskylda í verklagsreglum leikskólastarfsmanna.

Linda segir skort á fræðslu valda því að leikskólastarfsmenn óttist að tilkynna til barnaverndar þótt þeir hafi grun um vanrækslu eða ofbeldi. Þeir séu hræddir um að hafa ekki rétt fyrir sér en hún áréttar að tilkynna megi grun þótt hann sé ekki staðfestur enda eigi barnið að njóta vafans.

„Þeir óttast einnig um afdrif barnanna og halda að barnavernd sé grýla sem eyðileggi fjölskylduna. Þetta er þekkingarskortur því yfirleitt er það svo að foreldra vantar hreinlega stuðning í daglegu lífi.“

**erlabjorg@frettabladid.is**

## Aukin andleg vanræksla

Í rannsókn Lindu nefndu leikskólakennarar áhyggjur af börnum sem eru félagslega eða sálrænt vanrækt. Sögðust kennararnir upplifa í auknum mæli að börn væru vansæl og hafa vitneskju um að börn og foreldrar eigi of takmarkaðan tíma saman.

„Þess háttar vanrækslu er erfitt að tilkynna. En þetta er talið vera í takt við sífellt lengri leikskóladag barna og þétta dagskrá utan leikskóla. Samfélagið þarf að koma til móts við börnin varðandi aukna samveru foreldra og barna,“ segir Linda en tekur fram að það sé ekki við nokkurn að sakast. Mikil streita fylgi daglegu lífi foreldra og sú streita smitist áfram til barnanna. „Ég veit um leikskóla sem hafa gert sitt til að vekja foreldra til umhugsunar. Til dæmis hafa margir sett upp skilti í fatahengið, þar sem foreldrar kveðja börn sín á morgnana. Á skiltinu stendur: Nú ertu að fara að eiga mikilvægustu stund dagsins – leggðu símann frá þér.“




**Þessi miði hangir til að mynda uppi við fatahengi leikskóla í Kópavogi.**




**Margir starfsmenn í leikskólum þekkja ekki hvernig barnaverndarnefndir starfa og líta á þær sem „grýlur“.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Þeir óttast einnig um afdrif barnanna og halda að barnavernd sé grýla sem eyðileggi fjölskylduna. Þetta er þekkingarskortur því yfirleitt er það svo að foreldra vantar hreinlega stuðning í daglegu lífi.
>
> Linda Hrönn Þórisdóttir leikskólastjóri



**2%**

**tilkynninga til barnaverndarnefnda landsins koma frá leikskólum. Þó varðar fjórðungur tilkynninga börn á leikskólaaldri.**






# Boðin sjálfboðavinna við fataflokkun

**MANSAL** Systrum frá Srí Lanka sem eru þolendur mansals í Vík í Mýrdal var boðið sjálfboðastarf við fataflokkun af ríkinu. „Þær höfðu bara engan áhuga á slíku. Þær vildu bara vinna og fá greitt fyrir sína vinnu og fá sómasamlega framfærslu á meðan ég var að berjast fyrir atvinnuleyfi handa þeim,“ segir Kristrún Elsa Harðardóttir, lögmaður hjá Landi lögmönnum og réttargæslumaður systranna.

Viðbragðsteymi vegna mansals hélt utan um meðferð systranna og ráðgjafi á vegum þess bauð þeim iðjuna til þess að þær hefðu eitthvað að fást við á meðan þær dvöldu í athvarfinu.

Systurnar fóru úr landi aðfaranótt fimmtudags vegna þess að þær fengu ekki að vinna eftir að þær voru komnar í skjól ríkisins. Þá dvöldu þær aðeins í fáeina daga í Kvennaathvarfinu vegna úrræðaleysis. Fjárhagsaðstoð ríkisins dugði þeim ekki. Þær fengu 761 krónu á dag í aðstoð. „Eins og ég hef áður sagt þá líta þolendur mansals oft ekki á sig sem þolendur og telja sig ekki þurfa neina aðstoð. Það á að sjálfsögðu að fá sálfræðing til þess að ræða við þær strax og meta þeirra ástand og þörf á viðeigandi heilbrigðis- og sálfræðiaðstoð. Ekki bara segja við þær að hitt og þetta sé í boði,“ segir Kristrún og segir þörf á því að endurskoða úrræðin. „Það þarf að vera einhver einn sem sér algerlega um að halda utan um þær og þarfir þeirra og þjónustu á þessum mikilvæga tíma þegar verið er að reyna að ná þeim út úr þeim aðstæðum sem þær voru í. Það á bara að vera eitthvert fastmótað ferli, úrræði sem fara af stað og athvarf sem tekur við þar sem sérfræðingur í velferð mansalsfórnarlamba stendur vaktina og er þeim innan handar allan sólarhringinn,“ segir hún. **– kbg**



**Systurnar dvöldu í þessu húsi í Vík í Mýrdal.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRHILDUR

# HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ
AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ / AFMÆLISTILBOÐ

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

## Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli



**40% afsláttur**

**Vorerikur í útipottana**

**599** kr/stk.
~~999~~




OUTBACK
**Gasgrill**
Outback Omega 100.
2ja brennara.
Grillflötur: 50x36 cm
3000226

**20% afsláttur**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**15.900** kr
~~19.900~~




OUTBACK
**Gasgrill**
Outback Solo 3.
3ja brennara.
Grillflötur: 628x406 mm.
3 ryðfríir brennarar.
Hitamælir, 9,67 kW
3000393

**35% afsláttur**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**25.900** kr
~~39.900~~




**21% afsláttur**

Nilfisk

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**14.995** kr
FULLT VERÐ: 18.995

**Háþrýstidæla C110.4-5 X-TRA**
110 bör, 440 l/klst., sjálfvirk ræsing/stöðvun, 5 m slanga
5254233




**35% afsláttur**

BLACK & DECKER

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**6.495** kr
~~9.995~~

**Höggborvél**
Black & Decker, 500W
5245599



**25% afsláttur**

Russell Hobbs

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**11.226** kr
~~14.969~~

**Kaffivél Buckingham**
10 bollar, 1000W
1840120

**Harðparket** KAINDL
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
**Harðparket**
Eik, Farco, Elegance 3in1, 8 mm
147041

**40% afsláttur**

**1.730** kr/m²
~~2.890~~ kr/m²

# Lækkum verð á byggingavörum

Við höfum lækkað listaverð um allt að **20%** á helstu byggingavörum s.s. timbri, plötum, einangrun, stáli, skrúfum og festingum.

**Sjá nánar á husa.is**




**Sjáðu öll tilboðin í blaðinu eða á husa.is**

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is




Einstök 12 nátta sérferð þar sem farþegum gefst tækifæri til að skyggnast inn í nýjan og framandi heim. Það er sérstök upplifun að koma til Marokkó, ekki einungis í sögulegum skilningi heldur einnig að kynnast landi og þjóð örlítið nánar. Í ferðinni er dvalið í litlum heillandi bæjum til sjávar og sveita svo og stærri borgum á borð við Marrakech og Agadir. Ekið er um stærstu pálmalundi í Norður-Afríku, ilmandi ávaxtahéruð og hin hrikalegu Atlasfjöll. Þá er haldið í úlfaldareið út í Sahara eyðimörkina þar sem gist er 2 nætur í Berba-tjaldi. Ferðalagið hefur því yfirbragð hins ókunna en er jafnframt töfrum þrungið og ógleymanlegt.









**Frá kr. 259.900**

Netverð á mann m.v. 2 í herbergi frá kr. 259.900. Innifalið: Flug með Primera Air til og frá Agadir, skattar, gisting á 3*+ og 4* hótelum í 12 nætur með morgunverðarhlaðborði, 5 hádegisverðir og 10 kvöldverðir. Akstur og kynnisferðir samkvæmt ferðalýsingu. Úlfaldareið í Sahara eyðimörkinni.

Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku eða 20 manns.

ENNEMM / SIA • NM74084 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir




## Nýr hæstaréttardómari í Bandaríkjunum



Barack Obama Bandaríkjaforseti tilnefndi Merrick Garland sem nýjan dómara við Hæstarétt Bandaríkjanna í gær. Garland mun taka sæti hins íhaldssama Antonins Scalia sem átti sæti í réttinum frá 1986 en hann lést í febrúar. Öldungadeild Bandaríkjaþings þarf að staðfesta skipun nýs dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Deilan harðnar hjá ISAL í Straumsvík

**Lestun áls í þriðja flutningaskipið frá því verkfallsaðgerðir hófust er byrjuð. Lögbann sýslumanns á hluta aðgerða Verkalýðsfélagsins Hlífar var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Síðasta tilboð skref afturábak, segir formaður Hlífar.**

**KJARAMÁL** „Deilan hefur heldur þyngst,“ segir Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar, um stöðuna í kjaradeilu starfsmanna við ISAL, álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík.

Lestun áls um borð í þriðja flutningaskipið sem komið hefur til Straumsvíkur frá því að félagsmenn Hlífar sem starfa við uppskipunina hófu verkfall hófst á hádegi í gær. Skipin koma vikulega. Yfirmenn í álverinu hafa gengið í störf starfsmanna sem í verkfalli eru, samkvæmt lögbannsúrskurði Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

„Mér sýnist þetta vera sami hópurinn sem er í þessu. Þeir geta stokkið í þetta forstjórarnir svona eftir því sem skip koma,“ segir Kolbeinn. Verkalýðsfélögin geti lítið gert á meðan úrskurður Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu standi. Úrskurðurinn hafi hins vegar verið kærður til Héraðsdóms Reykjaness og málið hafi átt að taka fyrir í gær. „En svo tekur tíma að fá málið í gegnum ferlið þar og á meðan þá geta þeir haldið uppteknum hætti.“ Enn eigi hins vegar eftir að koma í ljós hversu langan tíma þetta taki.



**Yfirmenn álversins í Straumsvík við uppskipun áls í flutningaskip um miðjan dag í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Tilboðið sem við erum að fara að kynna er ekki í takt við það sem verið var að ræða fyrir síðasta fund.**
>
> Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar



Kolbeinn segir viðræður um leið hafa verið í gangi. „Þeir lögðu fram tilboð á síðasta fundi sem við vorum ekki alls kostar sáttir við og erum að fara að kynna samninganefndinni okkar á morgun [í dag]. Það var frekar skref aftur á bak heldur en hitt.“ ISAL haldi sig fast við kröfuna um að fá út úr kjarasamningi við starfsmenn hömlur sem settar eru á að fyrirtækið geti ráðið verktaka til starfa. „Það er númer eitt tvö og þrjú hjá þeim. Og tilboðið sem við erum að fara að kynna er ekki í takt við það sem verið var að ræða fyrir síðasta fund.“

Ál hefur aðeins safnast upp á hafnarbakkanum í Straumsvík, þar sem afköst yfirmanna í álverinu hafa ekki verið þau sömu og starfsmannanna sem verkunum sinna alla jafna. Kolbeinn segir lestun í síðasta skip þó hafa farið nálægt þeim 4.000 þúsund tonnum sem alla jafna eiga að fara með skipinu, en þá fór skipið með um 3.500 tonn af áli. „Það safnast eitthvað upp. Það eru fjögur til fimm þúsund tonn sem liggja hér ófarin, og átta þúsund tonn kannski núna þegar þetta skip er ólestað. Þetta hleðst smám saman upp.“

olikr@frettabladid.is

# FERMINGARGJÖFINA FÆRÐU Í HAGKAUP

## Léttustu ferðatöskur í heimi!



**13.499kr**

Hæð: 55cm
1,65kg



**15.499kr**

Hæð: 65cm
1,9kg



**17.999kr**

Hæð: 74cm
2,15kg

Töskurnar eru líka til í gráu
Fást í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ og Kringlunni



**13.995kr**

### JBL Bluetooth hátalari

Vnr. JBL-FLIP3

- Veðurvarinn Bluetooth v4.1 hátalari
- 2x8w magnari
- 2 öflugir JBL hátalarar
- Innbyggður hljóðnemi
- Hægt að tenga tvo hátalara saman
- Innbyggð Li-ion rafhlaða (endist allt að 10 klst.)



**12.995kr**

### JBL Bluetooth heyrnartól

Vnr. JBL-E40BTK

Flott Jbl BlueTooth heyrnatól
40mm driver
Innbyggður míkrafónn
4 litir í boði



**4.995kr**

### Philips 2100w Professional hárblásari

ThermoProtect
6 hita- og hraðastillingar
Mjór haus f.nákvæmari blástur
Túrbó blástur án þess að auka hita
CoolShot tækni
Auðvelt að hreinsa
1.8m snúra



**4.995kr**

### Philips Essential Care sléttujárn

Tourmaline keramic plötur(100mm)
Aðeins 60 sek. að hitna
Professional styling 210°C hitastig

## Gott veganesti fyrir fermingarbarnið



**2.599kr/stk**

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Kringlunni. Minna í öðrum verslunum. Gildir til og með 31. mars.
Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Tæknirisar auka við dulkóðun

**TÆKNI** Bandarísku tæknirisarnir Facebook, Google og Snapchat vinna nú allir í því að dulkóða upplýsingar notenda í meiri mæli en áður. Frá þessu greinir fréttastofa The Guardian. Þannig mun Facebook til að mynda dulkóða öll símtöl sem fara í gegnum forrit þeirra, WhatsApp. Dulkóðunin kemur í veg fyrir að utanaðkomandi aðilar hafi aðgang að upplýsingunum.

Ákvörðun tæknirisanna þykir ekki líkleg til að gleðja stjórnvöld í Bandaríkjunum en bandaríska alríkislögreglan (FBI) á nú í harðri deilu við Apple vegna dulkóðunar. FBI hefur farið fram á að Apple smíði forrit til að gera FBI kleift að komast inn í iPhone-síma annars árásarmannanna sem réðust á almenna borgara í San Bernardino í Kaliforníu á síðasta ári.

Apple hefur neitað því og sagt að slíkt forrit myndi stefna öryggi upplýsinga allra eigenda iPhone í heiminum í hættu. **– þea**



**Bílum af tegundinni Subaru Impreza hefur ítrekað verið stolið undanfarna daga.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Subaru Impreza ítrekað stolið

**LÖGREGLUMÁL** Að minnsta kosti þremur bílum af tegundinni Subaru Impreza hefur verið stolið á höfuðborgarsvæðinu á síðustu dögum.

Eigandi eins bílanna, sem er árgerð 1996, hafði samband við lögreglu eftir að hann varð þess var að bíl hans hafi verið stolið og fékk þær upplýsingar hjá lögreglunni að þetta væri ekki fyrsti bíllinn af þessari tegund sem stolið hefði verið undanfarna daga. Lögreglan greindi viðkomandi frá því að bílum af þessari tegund og af svipaðri árgerð væri stolið skipulega.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar bárust 26 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í febrúarmánuði en 71 tilkynning hefur borist frá áramótum. **– þv**



**Hillary Clinton.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Vinsældir Trumps og Clinton fara ekki dvínandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Áhrifarík úrslit í kosningum

### Clinton og Trump báru sigur úr býtum í forvalskosningum í fimm fylkjum Bandaríkjanna á þriðjudaginn. Í kjölfarið dró Marco Rubio sig út úr forsetaslagnum. Kannanir benda til þess að Clinton myndi sigra Trump.

**BANDARÍKIN** Afgerandi forvalskosningar fóru fram í fimm ríkjum Bandaríkjanna á þriðjudaginn sem enduðu með því að Donald Trump og Hillary Clinton báru sigur úr býtum og Marco Rubio dró sig út úr kosningabaráttunni.

Því eru nú aðeins fimm eftir sem keppast um að verða næsti forseti Bandaríkjanna. Það eru auk Trumps og Clinton John Kasich, ríkisstjóri Ohio, Ted Cruz og Bernie Sanders.

Í kosningunum á þriðjudaginn sigraði Trump í Flórída, Illinois, Missouri og Norður-Karólínu en Kasich vann í Ohio. Clinton sigraði hins vegar í öllum fylkjunum. Mesta fylgi Clinton var í Flórída þar sem hún hlaut 65 prósent atkvæða. Mesta fylgi Trumps var einnig í Flórída þar sem hann fékk 46 prósent atkvæða.

Yfirgnæfandi líkur eru nú á að Clinton verði forsetaefni Demókrataflokksins. Sigur Kasich í Ohio eykur hins vegar líkur á ringulreið á flokksþingi repúblikana þar sem ólíklegra er nú að einhver einn frambjóðenda flokksins nái að tryggja sér hreinan meirihluta kjörmanna fyrir flokksþingið sem fram fer í Cleveland í júlí.

Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur telur engar líkur á því að Kasich muni sigra. „Hann heldur áfram baráttunni í þeirri von að enginn nái meirihluta. Þá verður klofinn landsfundur eða kosið á landsfundi í núllstöðu,“ segir hún.

„Það eru mjög flóknar reglur á landsfundinum. Þeir sem koma til greina eru þeir sem hlutu stuðning í átta ríkjum eða fleirum, sem eru Cruz og Trump, en síðan gæti alltaf komið einhver nýr sem fengi stuðning á gólfinu þegar fundurinn byrjar og gæti þannig aflað sér meiri stuðnings. Margir í repúblikanahópnum halda í þá von að það verði hægt að stoppa Trump með svona leið, af því að það virðist ekki vera hægt að stoppa hann með öðrum leiðum,“ segir hún.

Silja Bára telur ekki jafn mikla óvissu ríkja um forsetaefni Demókrataflokksins. „Það var tiltölulega óraunhæft fyrir Sanders að vinna fyrir tveimur vikum og eftir að Clinton jók svona við forskot sitt þá er það bara orðið mjög erfitt. Sanders þyrfti að vinna í New York og Kaliforníu sem er ekki mjög líklegt.“

Silja Bára telur hins vegar að það hafi verið Clinton til framdráttar að þurfa að hafa fyrir tilnefningunni. „Þó að þetta hafi auðvitað verið tæpt stundum, þá hefur þetta verið mjög drengileg og siðmenntuð barátta. Þeim hefur tekist að vera í baráttu án þess að rífa hvort annað niður. Þetta hefur ekki skaðað Clinton mikið,“ segir hún.

Of snemmt er að fullyrða nú hvort Clinton eða Trump muni bera sigur úr býtum í forsetaslagnum. Silja Bára segir að landskannanir hafi sögulega verið góð vísbending og samkvæmt þeim hefur Clinton alltaf lagt Trump. „Ég hef allavega ekki séð neitt sem gefur annað til kynna,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir.

**saeunn@frettabladid.is**

### Rubio hættur



Stærstu fréttirnar af forvalskosningunum á þriðjudaginn eru þær að Marco Rubio, öldungadeildarþingmaður repúblikana, tilkynnti að hann væri hættur í forsetabaráttunni.

Flórída er heimaríki Marcos Rubio og þar sem hann sigraði ekki þar heldur hlaut einungis 27 prósent atkvæða, ákvað hann að játa sig sigraðan eftir þessar forkosningar.

„Það er áhugavert að Rubio var sá frambjóðandi repúblikana sem var sterkastur gegn Clinton. Skynsemisrakaval repúblíkana hefði verið að styðja hann, en það sýnir hvað kosningar eru órökréttar,“ segir Silja Bára.

**Kasich heldur áfram baráttunni í þeirri von að enginn nái meirihluta.**



Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur

www.volkswagen.is




Volkswagen Amarok

**Afkastamikill vinnubíll**

Amarok býður upp á einstaklega gott vinnuumhverfi, mikið innanrými og stóran pall. Frábærir aksturseiginleikar og þýsk gæði endurspeglast í þessum kröftuga pallbíl. Amarok Startline með fjarstýrðum og tímastilltum vélahitara (Webasto) og loftkælingu fæst nú á sérstöku tilboðsverði.

**Amarok Startline** 4Motion D/C 2.0 TDI
140 hestöfl kostar frá
**5.840.000 kr.**
(4.709.677 kr. án vsk)

**Eyðsla frá 7,6 lítrum/100 km.**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

**Atvinnubílar**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Rýmum til fimmtudag – föstudag – laugardag

# STÓRLÆKKAÐ VERÐ

## Fullt af bílum – frábær lánakjör

### Aðeins í þrjá daga – opið í dag kl. 10–18

**Mercedes-Benz E 500 4MATIC**
Árg. 2008, ekinn 62 þús. km, bensín, 389 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.990.000 kr.**
**Verð nú**
**4.490.000 kr.**
**61.400 kr. á mán.** í 45 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**BMW X5 SPORT**
Árg. 2007, ekinn 128 þús. km, bensín, 351 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 6.290.000 kr.**
**Verð nú**
**5.490.000 kr.**
**79.500 kr. á mán.** í 42 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Mercedes-Benz C 200 CDI**
Árg. 2013, ekinn 18 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 5.390.000 kr.**
**Verð nú**
**4.790.000 kr.**
**40.500 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Toyota Yaris Terra**
Árg. 2013, ekinn 87 þús. km, bensín, 70 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 1.690.000 kr.**
**Verð nú**
**1.490.000 kr.**
**12.800 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Hyundai I 40 Wagon Style**
Árg. 2012, ekinn 43 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 3.990.000 kr.**
**Verð nú**
**3.290.000 kr.**
**27.900 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Nissan Patrol GR**
Árg. 2006, ekinn 179 þús. km, dísil, 161 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.890.000 kr.**
**Verð nú**
**2.190.000 kr.**
**52.000 kr. á mán.** í 24 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**Mercedes-Benz B 200 CDI**
Árg. 2014, ekinn 33 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.990.000 kr.**
**Verð nú**
**4.490.000 kr.**
**38.000 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Kia Sportage EX X-TRA**
Árg. 2014, ekinn 100 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn.
**Verð áður: 4.390.000 kr.**
**Verð nú**
**3.890.000 kr.**
**33.000 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

**BMW 318i station**
Árg. 2010, ekinn 59 þús. km, bensín, 143 hö., beinskiptur, afturhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.990.000 kr.**
**Verð nú**
**2.490.000 kr.**
**23.700 kr. á mán.** í 72 mán.*
Allt að 80% lán í boði.





**Hyundai i30 Classic II**
Árg. 2015, ekinn 32 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur, framhjóladrifinn.
**Verð áður: 2.790.000 kr.**
**Verð nú**
**2.490.000 kr.**
**21.200 kr. á mán.** í 84 mán.*
Allt að 80% lán í boði.

* Mánaðargreiðsla m.v. **50%** fjármögnun. Vextir eru frá 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er frá 11,13%

Lykill

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR • Klettháls 2 • 110 Reykjavík
Sími 590 2160 • www.notadir.is

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR




Fallegar fermingar-gjafir
– fyrir stelpur



Fossil Riley
30.800 kr.



Skagen Ditte
36.100 kr.


Daniel Wellington Sheffield
Frá 23.500 kr.



Casio Retro
12.000 kr.

Kíktu á úrvalið í vefversluninni á michelsen.is/fermingar

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni
Sími 511 1900 - www.michelsen.is




Oddný ætlaði aldrei að taka þátt í stjórnmálum en var í einni svipan orðin bæjarstjóri í Garði og fimm árum síðar valin sem fjármálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Enginn vildi sitja í landsdómsnefndinni

**Oddný Harðardóttir þingmaður býður sig fram til formanns Samfylkingar. Hún segir markaðslögmál ekki eiga að gilda um velferðarkerfið. Oddný er alin upp af einstæðri móður sem vann daga og nætur svo dætur hennar gætu menntað sig.**


Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is




Það er alltaf erfitt að fara gegn sitjandi formanni en ég bara get ekki beðið eftir honum," segir Oddný Harðardóttir þingmaður um framboð sitt til formanns Samfylkingarinnar. Oddný er þriðji frambjóðandinn til að stíga fram og gefa kost á sér í embættið en Árni Páll Árnason, formaður flokksins, gefur enn ekki upp afstöðu sína.

Oddný Harðardóttir kom ný inn á þing árið 2009 og sat sem fjármála- og efnahagsráðherra árin 2011 til 2012. Hún hafði verið bæjarstjóri sveitarfélagsins Garðs frá 2006 en þar er hún uppalin og býr enn.

„Ég og maðurinn minn, Eiríkur Hermannsson, byggðum ofan á húsið þegar við keyptum það. Þetta var hús móður minnar en þegar hún deyr fyrir aldur fram árið 1982 þá göngum við frá kaupunum. Hún var rétt orðin 49 ára gömul."

### Alin upp við elju

„Foreldrar mínir skildu þegar ég var tólf ára. Við bjuggum hér fjórar í 80 fermetrum, mamma, ég og systur mínar tvær. Hún var einstæð móðir, vann í frystihúsinu og náði sér í aukapening með því að sauma föt á fólkið í þorpinu. Við áttum ekki mikið af peningum en hún var hörkukerling og vann sig upp í að verða verkstjóri í frystihúsinu. Mamma var dugleg og klár kona sem setti það í fyrsta sæti að við systurnar myndum mennta okkur," segir Oddný um æsku sína.

Oddný lærði í Kennaraháskólanum en á tímabili sinnti hún bæði námi í kennslufræðum og lögfræði. „Ég var með þannig stundaskrá að ég var alltaf í pásu í Kennaraháskólanum þegar fyrirlestrarnir í lögfræðinni voru. En svo valdi ég hvaða leið ég vildi fara. Einn vinur minn úr Kennaraháskólanum bauð mér í bíltúr, keypti handa mér ís í sjoppu í Garðabæ og stoppaði svo bílinn úti á Álftanesi og spurði hvort ég ætlaði virkilega að verða rukkari – það væri nú ekki mjög gefandi starf. Svo ég hætti því bara enda átti kennslan hug minn."

### Lenti óvart í stjórnmálum

Oddný starfaði í menntamálum í kjölfarið, meðal annars sem aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja og sem skólameistari í afleysingum. Það var árið 2006 sem kona úr bæjarfélaginu hafði samband við hana. „Hún spurði hvort ég væri til í að koma og hitta hana með þremur öðrum og ræða sveitarstjórnarmál. Við settumst niður og fannst að eitthvað þyrfti að gera fyrir þetta samfélag svo hver og ein okkar kallaði í aðrar fjórar eða fimm. Svo hittumst við tuttugu konur í stofu einnar í hverri viku með skjávarpa og tölvu og skrifuðum niður það sem við vildum leggja áherslu á."

Þá var samt ekki búið að taka ákvörðun um að bjóða fram til bæjarstjórnar. „Spurningin var hvort við ættum að vera með kvennalista eða bjóða körlunum að vera með. Það voru margir kostir við kvennalista en einn stór galli og það var að á hann vantaði karla."

Konurnar sameinuðust framboði sem bauð fram undir nafni Óháðra borgara á vinstrivængnum. „Ég hló bara þegar ég var beðin um að vera í fyrsta sæti og þar með bæjarstjóraefni því metnaður minn lá ekki þar. En ég fann að það lá eitthvað í loftinu og sló til. Það var eitthvað gott að gerast. Við unnum og það kom okkur öllum að óvörum."

### Flokkurinn þarf að finna neistann

Oddný gekk til liðs við Samfylkinguna árið 2009 og fann þá aftur þessa tilfinningu, að eitthvað lægi í loftinu í kosningabaráttunni og meðbyrinn væri mikill. Samfylkingin hlaut enda tæp þrjátíu prósent í kosningunum og var stærsti flokkurinn með tuttugu þingmenn. Nýjasta könnun Fréttablaðsins sýnir flokkinn aftur á móti núna með 8,2 prósenta fylgi.

„Það er engin einföld skýring á þessu. Ég get þó sagt að við höfum ekki verið í góðu stuði eftir kosningar og við höfum ekki náð okkur almennilega. Að vísu fór fylgið upp árið 2014 og við fengum ágætar niðurstöður víða í sveitarstjórnarkosningum en síðan fór fylgið að falla. Það kraumar óánægja meðal fólks yfir að við séum ekki að berjast af nógu miklum krafti fyrir jafnaðarstefnunni."

Hún segir að formannskjör nú sé að einhverju leyti svar við slæmu fylgi. „Stóri jafnaðarmannaflokkurinn á Íslandi er kominn undir tíu prósent. Þá er ekki skrítið að fólk vilji prófa þetta. Kannski mun það breyta einhverju að endurnýja forystuna en það er samt ekki víst að það breyti neinu. Það getur líka verið að það ferli að kjósa um forystu hreyfi við einhverju og leysi úr læðingi eitthvað gott sem getur svo fleytt okkur áfram."

### Fórnað í landsdómsnefnd

Um síðustu helgi bauð Magnús Orri Schram, fyrrverandi þingmaður Samfylkingar, sig fram til formanns flokksins. Í kjölfarið sendi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður, honum pillu á Facebook og sagði: „Forystumaður Samfylkingarinnar í Landsdómsmálinu hefur stigið fram og telur sig vel til flokksforystu fallinn."

Þingmannanefndin svokallaða sem Magnús Orri og Oddný sátu bæði í lagði fram þingsályktunartillögu þess efnis að höfða skyldi mál á hendur Ingibjörgu, Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen og Björgvin G. Sigurðssyni. Á endanum var það Geir einn sem fór fyrir dóm.

„Við Magnús Orri vorum nýir þingmenn og okkur var bara fórnað í þessa nefnd. Það er ekkert leyndarmál að það vildi enginn sitja í nefndinni. Þessi nefnd hafði það hlutverk að fara í gegnum Rannsóknarskýrslu Alþingis og setja fram umbætur um hverju þyrfti að breyta á Alþingi, í stjórnsýslunni og hvaða lögum þyrfti að breyta. En við höfðum líka það hlutverk að taka ákvörðun um hvort ástæða væri til að ákæra einhvern fyrir brot á ráðherraábyrgð."

Í Rannsóknarskýrslu Alþingis er komist að þeirri niðurstöðu að Ingibjörg Sólrún hafi ekki vanrækt skyldur sínar sem utanríkisráðherra. „En Ingibjörg Sólrún var annar oddvitinn í ríkisstjórninni. Ég las öll níu bindi skýrslunnar sem ég held að ekki margir hafi gert og get sagt að þetta var mjög erfitt ferli fyrir alla þá sem komu að því. Ég las öll bindin, komst að þessari niðurstöðu og gat ekki annað. Ég skil vel að hún sé óánægð með það."

### Heilbrigðismál ekki markaðsmál

Oddný býður sig fram til formanns meðal annars svo hennar hjartans mál komist á dagskrá. „Við jafnaðarmenn viljum öflugt atvinnulíf og sanngjarna viðskiptahætti. Við viljum blandað hagkerfi. Markaðslögmálin eiga við í sumum tilfellum en þau eiga ekki við í heilbrigðisþjónustu."

Hún segir einkarekstur innan heilbrigðiskerfisins halda áfram undir núverandi ríkisstjórn og vill berjast fyrir ókeypis heilbrigðisþjónustu. „Við þurfum að segja hingað og ekki lengra. Ekki þessa græðgi og ekki þessa spillingu. Við vitum að það er til nóg af peningum og hagtölur eru góðar en það þarf að skipta kökunni með allt öðrum og réttlátari hætti. Núna eru allir að fara á kreik sem vilja græða á stöðunni eins og hún er og það má ekki hleypa þeim af stað."

Eftir formannskjör í júní er stutt í að prófkjörin byrji hjá Samfylkingunni en alþingiskosningar eru næsta vor. „Ég vonast til þess að við náum upp slíkri stemningu að það séu margir sem vilji bjóða sig fram. Mér finnst svolítið erfið þessi umræða, að þeir sem eru fyrir á fleti eigi að fara því það er fólk sem er búið að standa sig vel og býr yfir mikilli reynslu. Fyrst og fremst þurfum við að fjölga þingmönnum og fá inn endurnýjun þannig. Það er enginn einn sem rifur upp Samfylkinguna en forystan getur sett réttlætismál á dagskrá og hrifið fólk með sér."



# DEBENHAMS

# 30-70%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

*Vor-*

# ÚTSALA

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*





**20% afsláttur af öllum sundfötum***

**OPIÐ Í DAG 11:00 – 21:00**

DEBENHAMS SMÁRALIND

*Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

# Ástand heimsins

1


2


**1.** Björgunarliðar í Pakistan á vettvangi sprengjuárásar í Peshawar í gær. Minnst 15 létu lífið og 25 slösuðust. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**2.** Málaður drengur í Gianyar á Balí í Indónesíu. Þar var haldin Ngerebeg-helgiathöfnin sem er ætlað að reka illa anda úr þorpum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**3.** SU-25 herþota tekur á loft frá Hmeymim-velli í Sýrlandi. Herþotur Rússa sem þar voru fá nýjan heimavöll í Rússlandi, eftir skipun Vladimirs Pútín Rússlandsforseta um að kalla her Rússa að mestu frá landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4.** Leikkonan Angelina Jolie, sem einnig er sérstakur sendifulltrúi Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, heimsótti í gær athvarf flóttafólks í grísku hafnarborginni Piaeus. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5.** Í Lettlandi var þess í gær minnst að 1944 voru varnir landsins gegn Sovétríkjunum brotnar á bak aftur. Hátíðargöngur til heiðurs Lettnesku herdeildinni eru litnar hornauga af mörgum sem telja þær upphefja nasisma. Deildirnar voru undir stjórn þýsku Waffen SS herdeildanna. NORDICPHOTOS/AFP

5


3


4





Dior DAGAR Í HAGKAUP 17. - 23. mars, 20% afsláttur
Sérfræðingar frá Dior verða í Hagkaup Akureyri, Kringlunni, Smáralind, Skeifunni, Garðabæ og Holtagörðum og veita þér faglegar ráðleggingar. Falleg gjöf* fylgir tveimur keyptum vörum frá Dior.

*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Legóbúðin

TAKMARKAÐ
MAGN
AF OPNUNARTILBOÐUM

## FRÁBÆR
## OPNUNARTILBOÐ



Opnunartilboð
7490
**CHIMA** beltadreki




Opnunartilboð
5490
**CHIMA** Ís-vélmenni




Opnunartilboð
2290
**duplo** Súperman




Opnunartilboð
2690
**duplo** matarsett




Opnunartilboð
1190
**Friends** túristabúð

Opnunartilboð
1890
**Páska**kanína

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Aðeins tveir tilboðskassar á mann.

Legóbúðin
SMÁRALIND

# opnar
## í dag kl. 11.00
# í Smáralind




**Opnunartilboð**

**Friends** ofurpakki **9990**




**Opnunartilboð**

**CITY** byggingarsvæði **11990**

# 100 FYRSTU

Viðskiptavinirnir fá gjafaöskju með LEGO glaðningi.




# ÞÚ GETUR UNNIÐ

## gjafaöskju

með LEGO glaðningi.

Eina sem þú þarft að gera er að mæta í **Legóbúðina 17-20. mars** og giska á kubbafjölda í Darth Vader LEGO styttu í verslun.

## 100 rétt svör

verða dregin út í Legóbúðinni **Sunnudaginn 20. mars kl. 14.00**



**Tilboð** alla helgina

# Fimm fylgdarlaus börn á landinu

**Nú eru fimm fylgdarlaus börn hér á landi og til meðferðar hjá Útlendingastofnun. Börnin eru í umsjá barnaverndaryfirvalda. Staða þeirra er afar misjöfn, sum þeirra hafa verið á flótta í nokkur ár. Eitt þeirra fylgdarlausu barna sem eru stödd hér á landi segir sögu sína.**



Jakob kom til Íslands í byrjun janúar. Hann bíður eftir að fara á unglingaheimilið Hraunberg í Breiðholti og dreymir um að fara í nám tengt viðskiptafræði. Honum hefur verið greint frá því að það sé ekki hægt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MANNRÉTTINDI** Sjö fylgdarlaus ungmenni komu til landsins á síðasta ári en eitt þeirra dró umsókn sína um hæli til baka. Tveimur fylgdarlausum ungmennum hefur verið veitt vernd hér á landi og hafa barnaverndaryfirvöld í Reykjavík mál þeirra á sínu forræði.

Tveimur fylgdarlausum ungmennum var synjað um hæli og voru þau flutt aftur til heimalands síns á árinu 2015. Þeim var fylgt þangað af alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra en flutningur fylgdarlauss ungmennis er ávallt framkvæmdur í samvinnu alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra og barnaverndaryfirvalda. Í öðru tilvikinu á síðasta ári var fulltrúi íslenskra barnaverndaryfirvalda með í för og í báðum tilvikunum tóku fulltrúar barnaverndaryfirvalda í heimalandinu á móti ungmennunum.

Umsóknir hinna tveggja eru til meðferðar hjá Útlendingastofnun sem og mál þriggja fylgdarlausra ungmenna sem komu til landsins í janúar 2016.

Tvö barnanna eru komin í vist hjá íslenskum fósturfjölskyldum. Veruleiki þeirra barna sem koma fylgdarlaus til landsins er afar frábrugðinn veruleika íslenskra barna. Sum þeirra hafa verið á flótta í nokkur ár áður en þau koma hingað til lands.

### Saga Jakobs

Eitt þessara barna sem er í umsjá barnaverndaryfirvalda er drengur frá Albaníu. Vegna aðstæðna hans og

> **Tvö fylgdarlaus börn eru í dvöl hjá íslenskum fósturfjölskyldum.**

líðanar kemur hann ekki fram undir nafni en segir sögu sína í fylgd réttargæslumanns síns. Við skulum kalla hann Jakob.

Jakob kom hingað til lands snemma í janúar. Hann hefur verið á flótta í tæp tvö ár. Hann er með löglegt vegabréf og þarf því ekki að fara í aldursgreiningu, hann er sautján ára.

Þegar Jakob hittir blaðamann er hann enn í vist í móttökustöð hælisleitenda í Bæjarhrauni með fullorðnu fólki. Honum er sagt að hann geti ekki fengið að stunda skóla þar sem skráningu í skóla þessa önnina sé lokið í framhaldsskóla. Barnaverndarstofa lýsti því yfir að hún vildi leysa málefni fylgdarlausra barna með þeim hætti að koma þeim í fóstur hjá íslenskum fjölskyldum. Jakob hefur ekki heyrt um þau úrræði. Hann er á leiðinni á unglingaheimili í Breiðholti, Hraunberg. Það sem Jakob hræðist mest er að verða fluttur aftur til heimalands síns. Fjölskyldan þurfti að slíta tengsl við hann og senda í öruggt skjól. Hann er einn sex systkina. Sum þeirra eru í felum í heimalandinu. Aðeins yngsta systir hans býr enn hjá foreldrum þeirra. Hann hefur slitið öll tengsl við foreldra sína. Ástæðan er sú að honum stendur ógn af því að vera með fjölskyldu sinni. Fjölskyldulíf Jakobs er í lamasessi. Hann er eitt sex systkina og flest systkinanna fyrir utan þau yngstu eru flúin frá heimalandinu.

Jakob segir frá því að faðir hans hafi lent í heiftúðlegum útistöðum við annan mann. Útistöðurnar hafi leitt til gegndarlauss ofbeldis og hefndarverka. Svokallaðrar blóðhefndar. Ofbeldið beindist að karlmönnum í fjölskyldu Jakobs. Hann var stunginn í bakið aðeins þrettán ára gamall. Stungan fór djúpt í bakið, nærri því inn að mænu. Hann er með ljótt ör. Ofbeldið varð honum mikið áfall og læknir hans sagði honum að hann væri heppinn að hafa ekki lamast eða jafnvel látist. Eftir að sár hans greru fór hann í felur.

Hann fékk skjól í kirkju fyrir milligöngu fjölskyldunnar. Kaþólskur prestur skaut yfir hann skjólshúsi. Jakob fékk að dvelja í kirkjunni ásamt um það bil tuttugu öðrum börnum og unglingum. Hann endurgalt skjólið og fæðið með því að aðstoða í hjálparstarfi kirkjunnar.

Jakob fékk að vera í kirkjunni þar til í septembermánuði á síðasta ári. Þá var presturinn fluttur til Ítalíu. Þegar presturinn flutti var úrræðinu fyrir börnin lokað. Jakob ákvað að elta prestinn til Ítalíu.

Jakob fékk að dvelja hjá honum í þrjá mánuði. Aðstæður hans voru ekki jafn góðar og í kaþólsku kirkjunni í Albaníu og presturinn leitaði að tryggum stað fyrir Jakob.

Eftir að hafa rætt málin við aðra presta og leitað heimilda á netinu sagði presturinn við Jakob að á Íslandi væri hugsað vel um þarfir barna, menntunarstig þjóðarinnar væri hátt, hún væri friðsöm.

Presturinn greiddi flugfarið. Jakob flaug frá Ítalíu til Noregs. Nú er hann kominn til landsins og bíður svara frá Útlendingastofnun.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**






Vinstriflokkarnir koma heldur illa út í báðum könnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vinstriflokkarnir eru undir átta prósentum

**STJÓRNMÁL** Bæði Samfylkingin og Vinstri græn mælast með fylgi undir átta prósentum í skoðanakönnun MMR sem gerð var á tímabilinu 23. febrúar til 1. mars.

Píratar mælast enn stærsti flokkurinn með 37 prósenta fylgi og Sjálfstæðisflokkurinn er með 23,4 prósenta fylgi. Framsóknarflokkurinn er með 12,8 prósenta fylgi og Björt framtíð með 4,2 prósenta fylgi.

Niðurstaða könnunar MMR er í samræmi við niðurstöðu könnunar sem birtist í Fréttablaðinu 10. mars síðastliðinn. Þar kemur fram að Píratar eru stærstir með 38,1 prósents fylgi og Samfylkingin og VG með rétt rúmlega 8 prósenta fylgi. Helsti munurinn á könnunum Fréttablaðsins og MMR er að í könnun Fréttablaðsins mælist fylgi Sjálfstæðisflokksins heldur meira (27,6%), en fylgi Bjartrar framtíðar mælist heldur minna (1,8%).

Svarendur í könnun MMR eru 926 en ekki er tekið fram hvert svarhlutfallið er. Svarendur eru einstaklingar 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. **– jhh**

### Kannanir MMR og Fréttablaðsins

Helsti munur snýr að fylgi Sjálfstæðisflokksins.




NISSAN
Innovation that excites
GAMAN GAMAN!
JUKE
ENNEMM / SÍA / NM74042
SJÁFSKIPTING, FJÓRHJÓLADRIF OG 190 HESTÖFL
NISSAN JUKE ACENTA PLUS 4WD
4.590.000 KR.
STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:
Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftpúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, opnanlegt glerþak, Bluetooth handfrjálfs símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 18" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðahúnar, krómaðir hurðaopnarar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Vinna í náttúrulegri tilraunastofu

**Hópur innlendra og erlendra vísindamanna hefur síðan 2004 nýtt lindalæki í Hengladölum til að svara spurningum um áhrif hlýnunar jarðar á lífríki straumvatna. Komið hefur í ljós að aðlögunarhæfni urriða er meiri en vísindamenn hafa talið fram til þessa.**

**NÁTTÚRA** „Í Hengladölum eru lindalækir hlið við hlið á tveggja kílómetra kafla sem eru frá sex til 100 gráðu heitir, og eru upptakakvíslar Hengilsdalsár. Þessa læki höfum við nýtt sem náttúrulega tilraunastofu allt frá árinu 2004,“ segir Gísli Már Gíslason, prófessor í vatnalíffræði við Háskóla Íslands, sem, ásamt innlendu og erlendu samstarfsfólki, hefur leitað svara við því hvaða áhrif hlýnun loftslags og áburðarefnamengun hefur á lífríki straumvatna.

Ein af fjölmörgum niðurstöðum þessara umfangsmiklu rannsókna eru vísbendingar um að hækkandi hiti, upp að vissu marki, hafi ekki alvarleg áhrif á afkomu urriða heldur geti honum þvert á móti fjölgað og hann vaxið hraðar með breyttu fæðuvali. Vísindamennirnir telja niðurstöðurnar benda til þess að urriðinn geti lagað sig að aðstæðum samfara hlýnandi loftslagi. Fyrirfram bjuggust þeir við að með hækkandi hita myndi urriðanum fækka og hann myndi stækka hægar, en niðurstöður rannsóknarinnar leiddu hið gagnstæða í ljós.

Gísli og aðrir samstarfsmenn birtu nýlega grein um þessar niðurstöður í vísindaritinu Global Change Biology.

Í rannsókninni merktu vísindamennirnir urriða í mismunandi heitum lækjum og fylgdust með vexti stofnsins yfir fimm mánaða tímabil. „Við komumst að því að urriðinn þolir meiri hita en hefur verið talinn hans kjörhiti, því þar hefur hann meira að bíta og brenna þar sem er meiri framleiðni lífrænna efna í vatninu. Hann leitar inn í allt að tuttugu gráða heitt vatn, en þar hrygnir hann hins vegar ekki. Til þess leitar hann í kaldara vatn,“ segir Gísli og bætir við í stærra samhengi hlutanna að rannsóknirnar tengist því markmiði víða um heim að færa mengaðar ár og vötn í átt til upprunalegs ástands í hlýnandi heimi sem krefst aukins skilnings hlýnunar á lífríkið.

Spurður um þennan einstaka urriðastofn á Hengilssvæðinu sem er til rannsóknar segir Gísli að hann hafi lokast af fljótlega eftir ísöld, líkt og stórurriðinn í Þingvallavatni gerði. Erfðafræðileg rannsókn er hafin við Háskóla Íslands þar sem ekki er útilokað að þessir tveir stofnar séu að uppruna til sá sami, þó gjörólíkir séu í dag. Þar komi til náttúruval og þá hvaða gen hafi valist úr sem heppilegust voru á hvoru svæði.

svavar@frettabladid.is

### Vinna í náttúrulegri tilraunastofu

- Í grunninn hefur rannsóknin beinst að því að nýta mismunandi hita straumvatnanna á Hengilssvæðinu til að stýra rannsóknaraðstæðum, og þannig hafa vísindamennirnir getað kannað hvað gerist í lífríkinu þegar lækir og ár hitna og þannig líkt eftir hnattrænni hlýnun.
- Rannsóknarspurningarnar eru margar sem leitast hefur verið við að svara:

**1.** Áhrif hækkandi hita á lífverusamfélög vatna.

**2.** Áhrif hækkandi hita á mengaðar ár.

**3.** Greinin í Global Change Biology fjallar síðan um áhrifin upp fæðukeðjuna allt til rándýra – sem í vistkerfinu í Hengladölum er smávaxinn urriði.



**Gísli Már Gíslason við störf í Hengladölum sumarið 2015.** MYND/KRISTINN INGVARSSON

**6-100°C heitir eru lindalækir í Hengladölum – sem renna þó hlið við hlið.**






# Vilja ekki að breytingar um umbætur bíði til 2017

**JAFNRÉTTISMÁL** BSRB vill að umbætur á lögum um fæðingarorlof taki gildi strax. Þörf sé á að stíga stærri og hraðari skref í átt til þess að gera íslenskt samfélag fjölskylduvænna, til þess að Ísland verði eftirsóknavert land fyrir ungt fólk. Lenging fæðingarorlofs, óskertar greiðslur upp að 300 þúsund krónum og hækkun hámarksgreiðslna eru mikilvæg skref að því markmiði, að mati BSRB.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB, segir í tilkynningu Íslendinga standa langt að baki öðrum Norðurlandaþjóðum þegar kemur að stuðningi við barnafjölskyldur. Hún var fulltrúi bandalagsins í starfshóp um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum, sem skilaði tillögum sínum nýverið til ráðherra.

Sonja segir það fagnaðarefni að Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, hyggist vinna frumvarp úr tillögum starfshópsins. Verði tillögur hópsins að veruleika bæti það íslenskt samfélag og auki þar með líkurnar á því að ungt fólk kjósi að búa hér. Það væri skref í rétta átt svo að Ísland verði samkeppnishæft um ungt fólk að mati Sonju.

Í skýrslu starfshópsins er miðað við að breyting á greiðslum komi til framkvæmda vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2017. BSRB telur ekki þörf á að bíða svo lengi. – sg



**BSRB fagnar lengingu fæðingarorlofs og hækkun hámarksgreiðslna.** MYND/JUPITER IMAGES

**Það væri skref í rétta átt svo að Ísland verði samkeppnishæft um ungt fólk.**

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB

# Lögreglan fái að brjótast inn í síma og spjaldtölvur

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan og leyniþjónustan fær að brjótast inn í snjallsíma, spjaldtölvur og tölvur í gegnum búnað sem tækjaframleiðendum verði gert að búa tækin með verði frumvarp að lögum í Bretlandi.

Sunday Times greinir frá því að með nýrri tækni með öryggisgalla gæti lögreglan og leyniþjónustan fengið aðgang að gögnum almennings eftir beiðni. Þetta myndi leyfa breskum yfirvöldum það sem FBI hefur ekki fengið leyfi til að gera í Bandaríkjunum. Eins og frægt er hefur Apple neitað að veita FBI aðgang að iPhone-síma hryðjuverkamannsins Syeds Farook sem myrti fjórtán manns í Kaliforníufylki í desember. – sg

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á notadir.brimborg.is

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl
## Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ 2.590.000 kr.**
**Renault Clio Sport Tourer Expression** PKM46
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 29.800 km. Í ábyrgð
Verð: 2.790.000 kr.



**TILBOÐ 1.490.000 kr.**
**Mazda3 Advance** RJD87
Skráður júní 2010, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 103.000 km.
Verð: 1.590.000 kr.



**TILBOÐ 3.390.000 kr.**
**Ford Kuga Titanium S AWD** FAJ42
Skráður apríl 2013, 2,0TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 100.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.



**TILBOÐ: 2.290.000 kr.**
**Toyota Yaris Hybrid** SYZ49
Skráður júní 2013, 1,5i bensín/rafmagn, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km.
Ásett verð: 2.490.000 kr.



**TILBOÐ: 4.190.000 kr.**
**Audi A4** KXP63
Skráður júní 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 39.000 km.
Verð: 4.890.000 kr.



**VERÐ 2.450.000 kr.**
**Ford Fiesta Titanium** KUD62
Skráður mars 2014, 1,0i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 9.800 km. Í ábyrgð



**TILBOÐ 2.390.000 kr.**
**Ford Focus Trend Edition** YXJ59
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 70.000 km. Í ábyrgð
Verð: 2.590.000 kr.



**TILBOÐ 2.190.000 kr.**
**Ford Mondeo Trend** HRD21
Skráður júní 2011, 2,0 dísil, sjálfskiptur
Ekinn 114.000 km.
Áset verð: 2.490.000 kr.



**TILBOÐ: 3.890.000 kr.**
**Ford Mondeo Titanium** FNU14
Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð
Verð: 4.190.000 kr.



**VERÐ 7.990.000 kr.**
**Volvo XC90 Momentum AWD** EYG10
Skráður apríl 2013, 2,4 dísil, sjálfskiptur
Ekinn 80.000 km.



**TILBOÐ: 6.690.000 kr.**
**Hyundai Santa Fe II Premium** BOL38
Skráður apríl 2014, 2,2TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 43.000 km. Í ábyrgð
Verð: 7.190.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**
**Suzuki Grand Vitara** ZRJ19
Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur
Ekinn 63.000 km.
Verð: 3.950.000 kr.

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Hagstætt uppítökuverð
- Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

*FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK*
*Notaðir bílar - Brimborg*
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# NEYTENDUR

**Ráð**
**Heimilið**



## Hreinsaðu örbylgjuofninn með sítrónuvatni

Gott ráð til að þrífa matarslettur sem fest hafa í örbylgjuofninum er að setja skál með blöndu af sítrónusafa og vatni inn í ofninn. Láttu ofninn vera í gangi í nokkrar mínútur. Óhreinindin leysast upp á meðan og auðvelt verður að þurrka þau af á eftir með tusku sem auðvitað á að vera hrein.

Ef ekki tekst að fjarlægja öll óhreinindin strax þarf að láta skálina vera lengur í örbylgjuofninum.

Til þess að koma í veg fyrir matarslettur er skynsamlegt að hafa lok á ílátunum sem sett eru í ofninn.

**App**
**Meniga**



## Sjálfkrafa yfirlit yfir heimilisbókhaldið

Meniga er app sem heldur sjálfkrafa yfirlit yfir fjárútlát og neyslu. Hægt er að tengja alla reikninga og kort við Meniga. Sambúðarfólk getur sett sér sameiginleg markmið og fengið yfirsýn yfir fjármál heimilisins með því að tengja saman aðgang sinn. Þá er hægt að bera saman eigin neyslu við samfélagið, það er aðra sem nota appið. Hver færsla er flokkuð sjálfkrafa og birtist á tímalínu. Hægt er að fá Kjördæmi Meniga, sem eru endurgreiðslutilboð, sérsniðin að neysluhegðun notandans.

**FÁAR UMSAGNIR** eru við appið og engin eftir síðustu uppfærslu. Engar persónuupplýsingar eru geymdar og Meniga ábyrgist meðferð allra upplýsinga.



Dæmi eru um að umsýslugjalds sé hvergi getið nema í smáu letri í kauptilboði og kemur því kaupanda á óvart að þurfa að reiða fram háa upphæð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fasteignasölum óheimilt að rukka umsýslugjald án samnings

**Fasteignasölur krefja kaupendur um umsýslugjöld í auknum mæli. Semja þarf sérstaklega um slík gjöld.**

Algengt er að fasteignasalar fái eign til sölumeðferðar og fái greidd sölulaun fyrir vinnu sína en krefji svo kaupanda um þjónustu- og umsýslugjald. Dæmi eru um að gjaldsins sé hvergi getið nema í smáu letri í kauptilboði. Því getur það komið kaupanda á óvart að þurfa að reiða fram háa upphæð án þess að hafa vitað af gjaldinu. Gjaldið getur numið allt frá fjörutíu til níutíu þúsunda króna.

Það kemur skýrt fram í fasteignakaupalögum að seljandi á að greiða kostnaðinn af vinnu fasteignasalans við sölu fasteignar.

Fasteignasölur telja sig eiga rétt á þóknun frá kaupanda vegna skyldu þeirra til að gæta hagsmuna bæði seljanda og kaupanda. „Þetta snýr að margháttaðri þjónustu sem fasteignasali þarf að inna af hendi fyrir kaupandann og þá er líka ákaflega mikilvægt að hver og einn geri samning um það,“ segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

**40-90**

**þúsund krónur er algengt þjónustu- og umsýslugjald fasteignasala.**

> Stóra málið er að það þarf að gera samning, það er mjög brýnt þannig að öllum sé ljóst hvað verið er að gera og um hvað er samið.
>
> Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala



Þegar fasteignasali tekur að sér að selja fasteign þá semur hann við seljandann. Ef hann hins vegar tekur að sér sérstök verkefni fyrir kaupanda, svo sem þinglýsingu skjala og fleira, verður hann að semja um það sérstaklega. Þetta kemur fram í 9. gr. laga um sölu fasteigna og skipa sem tóku gildi í júlí 2015. Þetta felur í sér að fasteignasali getur ekki innheimt gjald frá kaupanda sem ekki hefur verið samið um.

Hildur Ýr Viðarsdóttir, héraðsdómslögmaður á Landslögum, segir að ákvæðið hafi verið í eldri lögum, en með lagabreytingu árið 2015 var skerpt á þessari reglu. „Þetta var þannig að það var of algengt að fasteignasalar rukkuðu þetta umsýslugjald án þess að hafa heimild fyrir því. Einhverjir höfðu þetta í smáa letrinu í kauptilboði, sem er í raun ósanngjarnt því kaupandi vill kaupa eign og hún er bara til sölu á tiltekinni fasteignasölu eða -sölum og hann getur ekki snúið sér annað,“ segir Hildur og bætir við að aldrei hafi verið vafi á því hvort heimild væri fyrir gjaldinu áður, heldur þurfa kaupendur að vera meðvitaðir um gjaldið og að heimilt sé að innheimta það ef kaupandinn samþykkir.

„Stóra málið er að það þarf að gera samning, það er mjög brýnt þannig að öllum sé ljóst hvað verið er að gera og um hvað er samið,“ segir Grétar en að sögn hans hefur Félag fasteignasala sent öllum félagsmönnum sínum bréf og áréttað þá skyldu að semja þurfi um gjöldin.

**thordis@frettabladid.is**



**Neytandinn** **Sunna Ben** fjöllistakona

# Styrkir landnámshænu og fær egg í staðinn

Fjöllistakonan Sunna Ben sá fram á að með því að styrkja landnámshænu, sem henni finnst gott málefni, myndi hún spara í leiðinni.

„Ég greiði 20 þúsund krónur fyrir fóður landnámshænu í tvö ár og fæ í staðinn 20 egg á mánuði. Það finnst mér góð kjör,“ segir hún spurð um hagkvæm matarinnkaup.

Hún kveðst jafnframt vera dugleg við það að kaupa í frystinn. Það geti oft borgað sig. „Ég kaupi gjarnan fryst grænmeti og á alltaf nóg af því. Ég bý ein og ef ég kaupi ferskt grænmeti vill það oft fara til spillis. En að öðru leyti finnst mér ég ekki vera nógu hagsýn.“

Sunna er hins vegar hagsýn þegar hún kaupir húsgögn. „Helmingurinn er frá IKEA og helmingurinn er notuð húsgögn. Ég fíla skrýtna hluti og með því að kaupa húsgögn á nytjamörkuðum og á netinu get ég haldið uppi sérviskunni.“

Það er helst þegar kemur að fatainnkaupum sem Sunnu langar í dýra merkjavöru. „Ég reyni þá að halda í mér þangað til það koma útsölur. Ég vil heldur kaupa fínni föt ef ég get, heldur en að kaupa ódýrar flíkur sem hrynja í sundur.“ **– ibs**



> Ég greiði 20 þúsund krónur fyrir fóður landnámshænu í tvö ár og fæ í staðinn 20 egg á mánuði. Það finnst mér góð kjör.
>
> Sunna Ben fjöllistakona

**Það borgar sig að kaupa fóður fyrir landnámshænu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Hyundai i10. Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

# Seðlabankinn heldur stýrivöxtum óbreyttum

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að breyta ekki vöxtum bankans. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því áfram 5,75 prósent.

Á fundi peningastefnunefndar í gær gaf Már Guðmundsson seðlabankastjóri í skyn að tíðinda væri að vænta af aflandskrónuútboði og takmörkunum á vaxtamunaviðskiptum á ársfundi Seðlabanka Íslands í dag.

Þá ýjaði Már einnig að því að lagabreytingar yrðu fyrir þinglok, sem liðka ættu fyrir afnámi hafta. Vísaði hann þá til takmarkana á vaxtamunaviðskiptum og aflandskrónuútboðs. „Það er hægt að færa fyrir því rök að þetta tæki þyrfti helst að vera tilbúið um leið og útboðið fer fram. Það er ákveðin lagasetning sem þar að fara fram vegna útboðsins,“ sagði Már. **– sg**

## Tilkynntur niðurskurður hjá stærstu bönkum Bandaríkjanna og Evrópu á síðustu tólf mánuðum*

■ Núverandi starfsmannafjöldi
■ Fjöldi starfsmanna sem sagt verður upp á næstu misserum




*í þúsundum
Heimild: The Financial Times, Bloomberg, Reuters og BBC.

# Rúmlega 140 þúsund uppsagnir á einu ári

**Stærstu bankar Evrópu og Bandaríkjanna tilkynntu um fjölda uppsagna á síðastliðnu ári. Síðast var tilkynnt að leggja ætti niður þúsund stöðugildi hjá RBS á komandi misserum. Þetta er ofan á þær 500 þúsund uppsagnir sem áttu sér stað í kjölfar efnahagskreppunnar. Sama ástand ríkir ekki á Íslandi.**

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Á síðastliðnu ári var tilkynnt um niðurfellingu 140 þúsund starfa hjá stærstu bönkum Evrópu og Bandaríkjanna. Enn er beðið tilkynninga um hópuppsagnir hjá bæði Barclays og BNP Paribas. Auk þess sem nokkrir bankar hafa nú þegar gefið það út að þeir muni segja upp stórum hluta starfsmanna sinna á árinu, þó ekki liggi fyrir hve margir það verða.

Á Íslandi bendir hins vegar lítið til mikillar fækkunar meðal starfsmanna viðskiptabanka landsins. Hjá sumum þeirra fjölgaði starfsfólki á árinu 2015. Framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja segir skýringuna ef til vill liggja í því að á Íslandi hafi fjármálafyrirtæki tekið út mjög kröftuglegan niðurskurð beint í kjölfar fjármálakreppunnar, á meðan bankar víða annars staðar héldu lengur út.

Í vikunni var greint frá því að Royal Bank of Scotland hefði ákveðið að segja upp þúsund starfsmönnum á næstu misserum. Ákvörðunin var tekin vegna skipulagsbreytinga til að lækka rekstrarkostnað, og er hluti af þróun sem hefur átt sér stað undanfarið árið.

Stærstu bankar Evrópu og Bandaríkjanna hafa áform um að segja upp allt að tíu til tuttugu prósentum starfsfólks á næstu fjórum árum. Allt frá nokkur hundruð starfsmönnum upp í tugi þúsunda. HSBC er sá banki sem hefur tilkynnt um flestar uppsagnir, eða um 25 þúsund á komandi árum. Þessi gríðarlegi niðurskurður bætist ofan á þá hálfu milljón bankamanna sem The Financial Times áætlar að hafa misst störf sín á fyrstu fimm árunum eftir að efnahagskreppan skall á árið 2008.

Niðurskurður virðist einkum vera viðvarandi á fjárfestingarsviði bankanna sem og meðal verðbréfamiðlara. Auk þess sem sumir bankar, þeirra á meðal RBS, eru að draga úr fjölda ráðgjafa sem veita fjárfestingarráðgjöf og vélvæða ráðgjöfina að ákveðnu leyti.

Mikill niðurskurður átti sér stað á Íslandi í kjölfar bankahrunsins árið 2008, starfsmönnum viðskiptabanka og sparisjóða fækkaði um tæplega tuttugu og fimm prósent milli áranna 2007 og 2009. Á síðastliðnum árum hefur hins vegar dregið verulega úr niðurskurði og hafa tilkynningar um hópuppsagnir ekki borist. Stöðugildum hjá Arion banka fjölgaði um 11 á árinu 2015, eða úr 865 í árslok 2014 í 876 í árslok 2015, á meðan stöðugildum hjá Íslandsbanka fækkaði einungis um 36 frá árslokum 2014 til ársloka 2015.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, telur að hluti skýringarinnar á þessum mismun sé sá mikli niðurskurður sem átti sér stað hér á landi strax í kjölfar efnahagshrunsins.

„Bankar á Íslandi tóku þetta mjög kröftuglega út í kjölfar hrunsins, enda voru þeir neyddir til að gera það. Á meðan bankar víða annars staðar héldu út lengur, þeir lentu í miklum erfiðleikum, en hafa verið að taka þetta út seinna, ég held að það sé örugglega meginskýringin,“ segir Guðjón.



**HSBC er sá banki sem tilkynnti á síðasta ári um flestar uppsagnir, eða um 25 þúsund störf.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Glæsilegt iðnaðar- og lagerhúsnæði







Glæsilegt húsnæði til leigu við Miðhellu 2 í Hafnarfirði

Um er að ræða 4 leigurými sem geta leigst saman eða í sitthvoru lagi, alls um 1.650 m² sem skiptast í tvö 550 m² rými og tvö 275 m² rými. Milliloft er yfir hluta af gólffletinum og það væri hægt að nýta sem t.d. lager eða skrifstofur. Lofthæð er mikil og innkeyrsludyr stórar og góðar. Gott athafnasvæði er fyrir utan húsið og lóðin er rúmgóð.

Frábær eign á góðum stað með mikla möguleika í vaxandi hverfi.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

sími: 512 8900 | reginn.is | reginn@reginn.is

**Barclays**
132,3 þúsund
1,2 þúsund +

**Bank of America**
223 þúsund
10 þúsund +

**Lloyds bank**
45,9 þúsund
10,6 þúsund

**BNP Paribas**
185 þúsund
1 þúsund

**JP Morgan**
235,7 þúsund
5 þúsund +

**Goldman Sachs**
36,9 þúsund
0,25 þúsund

**Citigroup**
239 þúsund
2 þúsund

**ING**
84,7 þúsund
2,7 þúsund

### Starfsmannafjöldi viðskiptabanka og sparisjóða á Íslandi*

| | |
|---|---|
| 2007 | 4.835 |
| 2008 | 4.328 |
| 2009 | 3.653 |
| 2010 | 3.541 |
| 2011 | 3.462 |
| 2012 | 3.559 |
| 2013 | 3.383 |
| 2014 | 3.175 |

*Heimild: FME*

**Bankar á Íslandi tóku þetta mjög kröftuglega út í kjölfar hrunsins, enda voru þeir neyddir til að gera það. Á meðan bankar víða annars staðar héldu út lengur.**



Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

„ Á Íslandi hefur einnig orðið jöfn og þétt fækkun eftir hrun sem hefur ekki síður lotið að útibúakerfinu, en útibúum hefur fækkað um helming á síðustu tíu árum. Þó það hafi verið hagræðing í fjármálakerfinu, þá mun hún halda áfram. Fólk er alltaf að leita nýrra leiða til hagræðingar í rekstri. En við tókum stærri skerf af skellinum en aðrir á þessum tíma,“ segir hann.

Guðjón bendir einnig á að langstærstur hluti þeirra starfsmanna sem misstu störf sín árið 2008 var sá sem tengdist fjárfestingarbankastarfsemi. „Margir af þessum erlendu bönkum sem eru að tilkynna um uppsagnir núna eru stórir bankar með mikinn fókus á fjárfestingarstarfsemi. Hér á landi minnkaði sú starfsemi verulega í kjölfar efnahagshrunsins. Nú þegar hert hefur að fjármálamörkuðum heimsins þá hafa þessir stóru bankar sem hafa verið með uppsafnaða þörf í smá tíma gripið til aðgerða sem voru tímabærar,“ segir Guðjón Rúnarsson.

# Forstjóri Borgunar undrast málsókn Landsbankans

„Ég er ofboðslega undrandi,“ segir Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar, um ákvörðun Landsbankans um að hefja undirbúning að málaferlum vegna sölu bankans á 31,2 prósenta hlut í Borgun í nóvember 2014. Í tilkynningu í gær kom fram að Landsbankinn hefði falið lögmönnum að undirbúa málsókn til þess að endurheimta þá fjármuni sem bankinn fór á mis við í viðskiptunum. Bankinn seldi hlutinn í Borgun hópi fjárfesta og stjórnenda Borgunar á mun lægra verði en fyrirtækið er í dag metið á.



**Haukur Oddsson, forstjóri Borgunar**

„Ég sé engan grundvöll fyrir málsókn,“ segir Haukur. Steinþór Pálsson sagði við RÚV í byrjun febrúar að bankinn myndi leita réttar síns kæmi í ljós að upplýsingum hefði verið haldið frá Landsbankanum í söluferlinu. Þá hefur Landsbankinn einnig gefið út að bankinn hafi ekki verið upplýstur um að Borgun ætti rétt á greiðslum ef Visa Inc. nýtti sér valrétt til að kaupa Visa Europe. Visa Inc. nýtti valréttinn í nóvember og fær Borgun 6,5 milljarða greidda vegna þeirra viðskipta.

Haukur hafnar því að stjórnendur Borgunar hafi leynt upplýsingum fyrir Landsbankanum í viðræðunum.

Boðun málarekstursins kemur í kjölfar þess að Bankasýsla ríkisins hafnaði öllum skýringum Landsbankans á því hvers vegna bankinn hefði ekki selt hlut sinn í Borgun í opnu útboði. Bankaráðinu var gefinn frestur til mánaðamóta til að grípa til aðgerða.

Í gærkvöldi kom yfirlýsing frá fimm bankaráðsmönnum Landsbankans um að þeir gefi ekki kost á sér til endurkjörs. Steinþór Pálsson gaf einnig út að stjórn bankans verði með óbreyttum hætti. **– ih**





# Hvað skiptir máli?



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Félag í eigu eiginkonu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á fleiri hundruð milljónir og er skráð til heimilis á Bresku Jómfrúareyjunum. Um er að ræða 1,2 milljarða króna samkvæmt skattframtölum. Félagið lýsti alls kröfum upp á um hálfan milljarð króna í þrotabú íslensku bankanna og er því það sem kallast erlendur kröfuhafi. Eiginkona Sigmundar, Anna S. Pálsdóttir, greindi sjálf frá þessu á Facebook-síðu sinni á þriðjudag.

Í pistlinum er það tekið fram að um sé að ræða fjármuni sem eru arfur og hennar séreign í hjónabandinu. Hún spyr hvort ekki sé betra að beina orkunni í að tala um eitthvað sem skipti raunverulega máli. Það er hins vegar ýmislegt sem orkar tvímælis í þessu máli.

Í fyrsta lagi voru í gær samþykktar siðareglur þingmanna. Þar segir í 8. grein: „Þingmenn skulu við störf sín forðast árekstra milli almannahagsmuna og fjárhagslegra hagsmuna þeirra eða annarra hagsmuna sem eru faglegir, persónulegir eða tengdir fjölskyldu þeirra, hvort sem þeir eru raunverulegir eða hugsanlegir.“ Ljóst er að störf Sigmundar sem forsætisráðherra, þar sem hann hefur haft töluvert með uppgjör slitabúa bankanna að gera sem og reglusetningu gagnvart kröfuhöfum þeirra, myndi hafa fallið beint undir þessa grein. Eiginkona hans hefur beina fjárhagslega hagsmuni af því með hvaða hætti slitabúin munu gera upp við kröfuhafa sína.

Í öðru lagi hefur Sigmundur í störfum sínum lagt ríka áherslu á að íslenska krónan sé sterkur og brúkanlegur gjaldmiðill. Hann sagði til að mynda að stuðningur við innlenda matvælaframleiðslu snérist um að spara gjaldeyri, þegar hann rökstuddi kosti nýja búvörusamningsins. Þannig að á sama tíma og hann hvetur Íslendinga til að spara gjaldeyri og talar upp krónuna hefur nánasti aðstandandi hans ákveðið að hér á landi séu fjárfestingarkostir innan hafta ekki boðlegir. Milljarða forði í gjaldeyri liggur þannig í fjárfestingarsjóðum erlendis.

Það er ómögulegt að halda því fram að fjármál eiginkonu Sigmundar komi honum bara alls ekki við. Um er að ræða 1.200 milljónir. Í því samhengi má nefna að Landspítalinn fékk við lok fjárlagagerðar á síðasta ári nokkurn veginn nákvæmlega þá fjárhæð til að sinna bráðaþjónustu og viðhaldi. Ekki er um að ræða neina smáaura – þetta eru auðæfi. Þannig auðæfi að Sigmundur Davíð getur verið viss um að börn hans munu í raun aldrei þurfa að vinna handtak á ævi sinni nema þau vilji.

Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir á þessari stundu virðist ljóst að forsætisráðherrahjónin hafa ekki aðhafst neitt ólöglegt eða gegn settum reglum í fjármálum sínum. Þvert á móti kom fram í fréttum gærdagsins að eignirnar hefðu verið gefnar upp í skattframtölum Önnu frá því hún eignaðist umrætt félag á árinu 2008.

Það er hins vegar þannig með þetta mál eins og svo oft er með önnur að þrátt fyrir að hlutirnir séu löglegir er það hverjum og einum í sjálfsvald sett að ákveða hvort þeim finnist þeir siðlegir. Og hvort þeir raunverulega skipti máli.

**Það er ómögulegt að halda því fram að fjármál eiginkonu Sigmundar komi honum bara alls ekki við. Um er að ræða 1.200 milljónir.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hrægammakonan**
**Fáir stjórnmálamenn vildu taka jafn harða afstöðu gegn kröfuhöfum föllnu bankanna og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra. Sögusagnir bárust af því að Sigmundur vildi knýja gömlu bankana í þrot, þótt á endanum hafi nauðasamningar orðið niðurstaðan. Og stundum, á meðan málin voru enn óleyst, kallaði ráðherrann kröfuhafana ónefnum eins og hrægamma. Hörð afstaða Sigmundar kemur dálítið á óvart núna í baksýnisspeglinum, þegar í ljós kemur að eiginkona hans var á meðal kröfuhafa. Það er spurning hvort Sigmundur hafi nýtt sér koddahjalið á kvöldin til að útskýra afstöðu sína fyrir frúnni.**

**Karmað bítur fast**
**Lög um kynjakvóta í stjórnum skráðra fyrirtækja hafa verið umdeild og jafnvel talin stangast á við stjórnarskrána. Samkvæmt lögunum er hluthöfum ekki frjálst að velja þá stjórn sem þeir helst kjósa heldur verður kynjaskipting að vera 60/40. Tilgangur lagasetningarinnar var að auka hlut kvenna í stjórnum félaga. En það má segja að karmað hafa bitið fast þegar fresta þurfti aðalfundi VÍS í gær vegna þess að einungis konur voru í framboði til stjórnar. Og tvær hæfar konur þurfa að víkja til að hleypa einhverjum körlum að.** jonhakon@frettabladid.is

# Ekki samboðið okkur sem þjóð



Elín Hirst
alþingismaður

Umræðan undanfarna daga um hvar eigi að byggja þjóðarsjúkrahús er stórundarleg og úr takti við raunveruleikann. Framkvæmdir eru þegar hafnar á Landspítalalóðinni, þar megum við engan tíma missa; gefa heldur hressilega í ef eitthvað er.

Mál númer eitt, tvö og þrjú er að koma allri þjónustu við bráðveika og bráðarannsóknarþjónustu undir eitt þak, og bæta bráðavanda LSH við Hringbraut á sem fæstum árum. Ég hef sjálf þurft að leita á LSH nýlega vegna veikinda í fjölskyldunni og get vottað að þar er aðstaðan út í hött, bæði fyrir sjúklinga og starfsmenn. Húsakynni spítala á Indlandi sem ég heimsótti í vetur eru betur úr garði gerð en margt sem boðið er upp á á LSH. Þetta ástand er ekki samboðið okkur sem þjóð.

**Byggja fullkomið hátæknisjúkrahús**

En ábyrgð okkar stjórnmálamanna er meiri og nær lengra. Miðað við efnahagslega stöðu okkar þjóðfélags sem hefur líklega aldrei verið betri, áherslur almennings (sbr. undirskriftalista Kára um endurreisn heilbrigðiskerfisins) og hækkandi aldurssamsetningu þá er mjög nauðsynleg að við Íslendingar förum að huga að því að byggja annað fullkomið hátæknisjúkrahús. Eins og dæmin sanna mun undirbúningur þess máls taka ár ef ekki áratug.

Auðvitað byggjum við og endurreisum eins og hægt er á Landspítalalóðinni og reynum að gera það á sem allra skemmstum tíma, þar erum við að kljást við bráðavanda, en leggjum á sama tíma grunninn að framtíðinni í heilbrigðismálum á Íslandi.

Þetta er algerlega tímabært og ekkert nema skynsemi fólgin í því að byggja duglega undir helstu velferðarstoð þessa þjóðfélags. Snúa af brautinni þar sem við erum annars flokks og koma okkur aftur í fremstu röð.

**Auðvitað byggjum við og endurreisum eins og hægt er á Landspítalalóðinni og reynum að gera það á sem allra skemmstum tíma.**

MYNDBANDAGERÐ MEÐ
ADOBE PREMIERE PRO
FRÁBÆRT VERKFÆRI TIL AÐ KLIPPA OG HANNA EIGIN MYNDBÖND EÐA STUTTMYNDIR.
HEFST 3. MAÍ

www.ntv.is
ntv
Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Lífið er sameign

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Sérhver þjóð á sameiginlegra hagsmuna að gæta. Sérhver þjóð þarf að huga vel að landi sínu, lífi, sögu og menningu, og mætti hafa langt mál um það. Hér ætla ég að láta mér duga að huga að einum þætti málsins, sameiginlegum fjáreignum íslenzku þjóðarinnar. Þær eru margar og voru enn fleiri á fyrri tíð áður en alda einkavæðingar reið yfir landið, en þá hafði kommúnisminn hrunið með brauki og bramli í Sovétríkjunum og fylgiríkjum þeirra í Austur-Evrópu um og eftir 1990.

Rökin fyrir einkavæðingu banka og ýmissa annarra ríkisfyrirtækja voru þá og eru enn býsna sterk, en framkvæmdin mistókst enda varðaði einkavæðing bankanna veginn að hruni þeirra fáeinum árum síðar. Alþingi ber höfuðábyrgð á málinu og hefur í reyndinni gengizt við sekt sinni með því að láta undir höfuð leggjast að framfylgja eigin ályktun frá 2013 um að láta rannsaka einkavæðingu bankanna ofan í kjölinn.

**Það er til marks um hirðuleysi yfirvalda um eigur almennings að hvergi í opinberum gögnum – t.d. ekki á vefsetri Hagstofu Íslands – er nokkrar upplýsingar að finna um áætlað verðmæti sameiginlegra fjáreigna þjóðarinnar.**

### Auðlindarentan

Sameiginlegar fjáreignir íslenzku þjóðarinnar eru annars vegar landið og miðin með öllum þeim auði sem þar er að finna og hins vegar ýmis manngerð verðmæti, t.d. fyrirtæki og innviðir í eigu ríkis og byggða og ýmis mannvirki (heilbrigðiskerfið, vegakerfið o.s.frv.). Alþingi hefur yfirleitt ekki haldið vel á þessum eignum fyrir hönd eigandans, fólksins í landinu. Það er til marks um hirðuleysi yfirvalda um eigur almennings að hvergi í opinberum gögnum – t.d. ekki á vefsetri Hagstofu Íslands – er nokkrar upplýsingar að finna um áætlað verðmæti sameiginlegra fjáreigna þjóðarinnar. Eina opinbera stofnunin sem birt hefur slíkt mat er Þjóðhagsstofnun undir stjórn Þórðar Friðjónssonar; hún var lögð niður.

Það hefur því komið í hlut hagfræðinga utan stjórnkerfisins að meta eigur þjóðarinnar til fjár á eigin ábyrgð. Indriði Þorláksson hagfræðingur og fv. ríkisskattstjóri metur sjávarauðlindina svo að hún gefi af sér rentu upp á 2% til 3% af landsframleiðslu á hverju ári eins og ég lýsti á þessum stað 12. nóvember í fyrra. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur í Háskóla Íslands metur orkulindirnar með líku lagi svo að þær geti gefið af sér rentu sem nemur 1,5% til 2% af landsframleiðslu á hverju ári. Við erum því að tala um auðlindarentu sem nemur samtals 3,5% til 5% af landsframleiðslu á hverju ári. Séu eðlilegir vextir taldir nema 3,5% til 5% á ári má í grófum dráttum af þessu ráða að auðlindir þjóðarinnar til sjós og lands séu jafnvirði landsframleiðslunnar á hverju ári eða því sem næst líkt og t.d. í Kanada. Þetta er meira en í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð en minna en í Noregi.

### Að höndla með annarra fé

Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru seldir vel tengdum mönnum á undirverði, þ.e. undir sannvirði, eins og Ríkisendurskoðun lýsti í skýrslu sinni um einkavæðingu ríkisfyrirtækja 2001. Þar segir m.a.: „Sú söluaðferð að auglýsa ráðandi hlut til sölu á sama tíma í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. verður að teljast óheppileg. Í fyrsta lagi var ekki komin reynsla á þessa söluaðferð og í öðru lagi gaf hún minni möguleika á að koma á samkeppni milli áhugasamra kaupenda. Enn fremur vaknar spurning um hvort sá tími sem valinn var til sölunnar hafi verið heppilegur.“

Sala bankanna í hendur vildarvina á undirverði var þó ekki annað en rökrétt framhald ókeypis afhendingar aflakvóta til útvegsmanna sem hafa þakkað fyrir sig líkt og bankarnir gerðu með því að moka fé í stjórnmálamenn og flokka og fjölmiðla svo sem fram kemur í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Umgengnin við orkuna hefur verið sömu ættar. Orkuverði til erlendra kaupenda hefur jafnan verið svo lágt að því þurfti að halda leyndu fyrir eiganda orkunnar, almenningi. Stjórnmálamenn tóku sinn toll með kosningaloforðum um framkvæmdir við byggingu orkufrekra iðjuvera og veiktu með því móti samningsstöðu Íslands gagnvart erlendum kaupendum eftir kosningar. Kaupendurnir vissu sem var að stjórnmálamenn voru búnir að lofa framkvæmdum.

Orkubúskapurinn hefur því verið sama marki brenndur og sjávarútvegurinn og bankabransinn: allt á undirverði. Þannig getur farið þegar menn höndla með annarra fé. Borgunarmálið nú – verðmæt eign úr safni ríkisbanka seld völdum mönnum (og frændum!) án útboðs langt undir réttu verði – er angi á sama meiði.

### Fjölskyldusilfrið

Í ljósi þessarar sögu þarf að skoða ástand og horfur annarra eigna almennings svo sem heilbrigðiskerfisins sem rambar nú á barmi hruns vegna langvinnrar vanrækslu, Ríkisútvarpsins o.fl. sameigna fólksins í landinu. Hví skyldu sömu menn og flokkar ekki reyna til þrautar að selja allt fjölskyldusilfrið á undirverði?

# Á skal að ósi stemma



Sigurður R. Þórðarson
fv. starfsmaður við vatnsátöppun í Reykjavík

**Þar sem almennt er vitað að vatn er þeirrar náttúru að renna undan halla er staðsetning þessara tilteknu sumarbústaða þess vegna til muna hættuminni en þau umsvif er blasa við þegar ekið er austur yfir fjall.**

Í umfjöllun Fréttablaðsins 15.03. 2016 um deilumál Hrafns Gunnlaugssonar og fleiri sumarbústaðaeigenda við Elliðavatn vekja athygli rökfærslur Bjarna Bjarnasonar, forstjóra OR, um að þessi aðgerð teljist til langtímamarkmiða sem gerð eru í þágu vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Ég held því miður að þessi gjörningur hljóti að teljast vera gerður í þágu einhverra annarra hagsmuna en vatnsverndar. Rök fyrir að svo muni vera á öðrum og mikilvægari sviðum umhverfisverndar í umsjá OR, sérstaklega er varðar verndun kannski verðmætustu sameignar þjóðarinnar, kalda vatnsins í Heiðmörk, virðast vera ærin. Þetta á við þegar kemur að því að stöðva meðvitaða ásókn hinna ýmsu hagsmunaaðila inn á vatnsverndarsvæði OR. Þar sem almennt er vitað að vatn er þeirrar náttúru að renna undan halla er staðsetning þessara tilteknu sumarbústaða þess vegna til muna hættuminni en þau umsvif er blasa við þegar ekið er austur yfir fjall.

Til að nefna örfá dæmi um þá hættu sem blasir við framtíðarheilbrigði kaldavatnsauðlindarinnar í Heiðmörk og stofnað hefur verið til af OR og heilbrigðisyfirvöldum á svæðinu má nefna:

- Ótakmörkuð umsvif við jarðhitaorkuvinnslu á Hellisheiði með tilheyrandi niðurdælingu brennisteinsvetnismengaðs vatns.
- Aukin umsvif á Bláfjallasvæðinu auk nýlegra olíuslysa í tengslum við heimsóknir ferðamanna að Þríhnúkagíg.
- Flutningur 40.000 rúmmetra af olíumenguðum uppgreftri sem fluttur var af svæðinu neðan Öskjuhlíðar til losunar í Hólmsheiði, gegnt Gvendarbrunnum. Aðgerð sem reyndar var stöðvuð á síðari stigum, þegar þessir flutningar voru langt komnir.
- Starfsemi Waldorfskólans sunnan Lögbergs.
- Heimild heilbrigðisyfirvalda á höfuðborgarsvæðinu til losunar gríðarlegs magns jarðvegsúrgangs í Bolaöldum. Með sérstöku fyrirheiti sömu heilbrigðisyfirvalda um að þau sæju Bolaöldur fyrir sér sem framtíðarstaðsetningu fyrir sorpflokkun. Fréttir af þessum skelfilegu áformum mátti lesa í Morgunblaðsumfjöllun 16. mars 2012.
- Heimild umhverfisráðherra til keppnishalds og æfinga torfæruklúbba höfuðborgarsvæðisins í Jósepsdal, þar sem talið var í ráðuneytinu að tiltekinn dalur væri á Vestfjörðum.
- Auk annarra smámuna, svo sem heimildar heilbrigðisyfirvalda til dreifingar hænsnaskíts á Sandskeiði.

Vegna allra framangreindra verkefna hefur undirritaður óskað skriflegra umsagna eða rökfærslna fyrir heimildum umhverfisráðuneytis og annarra stjórnsýslustofnana fyrir þessum ákvörðunum. Engu þeirra erinda hefur verið svarað, sem líka er brot á stjórnsýslulögum.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að stjórn OR ætti að líta sér nær og taka til í meira aðkallandi verkefnum en að fjarlægja nefnda sumarbústaði.

Undirritaður leyfði sér óumbeðið að taka sér penna í hönd vegna sérstakrar virðingar við minningu Herdísar Þorvaldsdóttur, þáverandi formanns Landverndar, fyrir veittan stuðning við málstað okkar nokkurra félaga sem í 40 ár höfum árangurslaust leitað úrlausna vegna valdníðslu íslenskra embættismanna í svokölluðu Heiðarfjallsmáli.





HALLGRÍMSKIRKJA
LAUGARDAGUR 19. MARS 2016 KL. 14

PÉTUR OG ÚLFURINN

STÓRA KLAIS ORGELIÐ BREGÐUR SÉR Í HLUTVERK HEILLAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR!




Sögumaður: Halldóra Geirharðsdóttir
Organisti: Mattias Wager

Þetta er í þriðja sinn sem Mattias kemur til Íslands og flytur hið sívinsæla barnaævintýri Pétur og úlfinn eftir Prokovief í útsetningu W. Grimm á stóra Klaisorgelið í Hallgrímskirkju.
Halldóra Geirharðsdóttir hefur mikla reynslu af söguflutningi með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Aðgangseyrir: 2500 kr. / listvinir: 50% afsláttur - ókeypis fyrir börn
Miðasala á MIDI.IS og í Hallgrímskirkju s. 510 1000

LISTVINAFELAG.IS

# Hjarta landsins



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Á dögunum birtist okkur enn á ný aðdáunarverður samtakamáttur og einhugur um verndun miðhálendisins þegar um 20 frjáls félagasamtök útivistarfólks og umhverfisverndarsinna tóku saman höndum við Samtök ferðaþjónustunnar og undirrituðu viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð fagnar framtakinu og samkenndinni sem birtist í óskinni um verndun miðhálendis Íslands, enda hefur krafan um verndun miðhálendisins verið kjarninn í umhverfisstefnu vinstri græna frá upphafi.

Hálendi Íslands er eitt stærsta landsvæði Evrópu sunnan heimskautsbaugs sem aldrei hefur verið numið. Við blasa svartir sandar, hvítir jöklar og gróðurvinjar, algjörlega óreglulegt í stærð og lögun. Yfir þessu tárast stundum Íslendingar á heimleið. Það er þessi hrikalega fegurð sem nú veldur því að hingað koma ferðamenn sem leita að einstakri upplifun; ósnortinni náttúru sem maðurinn hefur enn ekki hróflað við. Þessi ósnortna náttúra hefur gildi í sjálfri sér, óháð mannlegum mælikvörðum.

Viljayfirlýsing náttúru- og útivistarsamtakanna er sjálfsögð krafa um að íslenska þjóðin sveigi ekki af braut verndunar á viðkvæmri og einstakri náttúru landsins. Sú braut var mörkuð vorið 1928 þegar Alþingi samþykkti lög um friðun Þingvalla. Þar með urðu þau mikilvægu tímamót í sambúð lands og þjóðar að landsvæði í almannaeigu hlaut viðurkenningu löggjafans um vernd og mannvirkjagerð voru settar þröngar skorður til verndar viðkvæmri náttúru, en ekki síður var almenningi gert kleift að njóta óspilltrar náttúru. Skrefin í átt til meiri verndunar urðu sem betur fer fleiri. Skaftafellsþjóðgarður var stofnaður 1967 á grundvelli þágildandi náttúruverndarlaga og með stuðningi alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna World Wildlife Fund (WWF). Þjóðgarður var svo settur á stofn í Jökulsárgljúfrum árið 1973 og árið 2001 var Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull stofnaður.



### Enn víðtækari verndun

Á 10. áratug síðustu aldar fór svo allmikil umræða fram um málefni miðhálendisins sem stafaði m.a. af því að þá var unnið að svæðisskipulagi miðhálendisins sem lyktaði með staðfestingu þess árið 1999. Í því andrúmi óx áhugi almennings á verndun miðhálendisins og skilningur á náttúruverndarmálefnum. Aðkoma Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að hugmyndinni um miðhálendisþjóðgarð kom úr smiðju Hjörleifs Guttormssonar, náttúrufræðings og þingmanns, sem lagði fram tillögu til þingsályktunar um þjóðgarða á miðhálendinu árið 1998 þar sem lagt var til að stofnaðir yrðu fjórir þjóðgarðar á miðhálendinu umhverfis helstu jökla þess. Tillagan var samþykkt að því leyti að breytt var upphaflegu orðalagi svo að í stað fjögurra þjóðgarða var gert ráð fyrir stofnun eins, Vatnajökulsþjóðgarðs. Með þeirri ráðstöfun varð til víðáttumesti þjóðgarður Íslands, og raunar Evrópu, árið 2008.

**Það er gert í ljósi þess að skilningur á nauðsyn og gildi náttúruverndar fer sívaxandi á meðal fólks og að kröfunni um friðun miðhálendisins eykst fylgi ár frá ári. Á sama tíma er sóst eftir því að svipta hálendið sérkennum sínum, breyta ásýnd þess og eiginleikum og eyða því þar með sem einstöku fyrirbæri á heimsvísu.**

Frá stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hafa þingmenn VG beitt sér fyrir enn víðtækari verndun hálendisins. Og nú liggur fyrir þingsályktunartillaga alls þingflokks VG en í henni er lagt til að þjóðgarður verði stofnaður sem taki yfir allt miðhálendi Íslands.

Það er gert í ljósi þess að skilningur á nauðsyn og gildi náttúruverndar fer sívaxandi á meðal fólks og að kröfunni um friðun miðhálendisins eykst fylgi ár frá ári. Á sama tíma er sóst eftir því að svipta hálendið sérkennum sínum, breyta ásýnd þess og eiginleikum og eyða því þar með sem einstöku fyrirbæri á heimsvísu. Nægir þar að nefna að í hugmyndabanka orkufyrirtækjanna má nú finna að minnsta kosti fimmtán hugmyndir að virkjunum og uppistöðulónum á hálendinu. Þá eru uppi ýmsar hugmyndir um raflínulagnir og uppbyggða vegi á hálendinu. Við þeim áætlunum þarf að sporna. Viðhorfskannanir meðal almennings sýna hins vegar að meirihluti íslensku þjóðarinnar er hlynntur stofnun miðhálendisþjóðgarðs, enda stuðningur vaxið almennt við náttúruvernd og mótstaðan styrkst gegn hugmyndum og áætlunum um stórfellda mannvirkjagerð á miðhálendi Íslands.

Miðhálendi Íslands á hvergi sinn líka. Þar er samspil jarðelds og íss stórbrotið og fágætar aðstæður með auðnum og ósnortnu víðerni sem auka mjög á aðdráttarafl landsins og lífsgæði okkar allra í návígi við síkvika náttúruna. Þessa náttúrugersemi ber okkur Íslendingum að varðveita og vernda, ekki bara okkar sjálfra vegna, heldur í þágu komandi kynslóða og náttúrunnar sjálfrar. Þess vegna verðum við öll að berjast fyrir verndun miðhálendisins.

# Aldraðir og öryrkjar eiga rétt á lífeyri



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

**Ég tel, að lífeyrisþegar séu ekki með bætur heldur lífeyri. En það eru hins vegar aðrir á Íslandi, sem eru að fá bætur í dag: Fyrst og fremst eru það þeir, sem fá afnot af auðlindum þjóðarinnar án þess að greiða fullt afgjald fyrir.**

Er rétt að kalla lífeyri aldraðra frá almannatryggingum bætur? Ég tel ekki. Þetta er lífeyrir. Einnig mætti kalla þetta laun, a.m.k. eftirlaun, hjá öldruðum. Bætur er ekki réttnefni. Aldraðir, sem komnir eru á eftirlaun, hafa greitt skatta til ríkisins alla sína starfsævi. Þeir hafa greitt til almannatrygginga og eiga rétt á lífeyri eða eftirlaunum frá almannatryggingum. Þegar þeir síðan fá lífeyri frá almannatryggingum heldur ríkið áfram að skattleggja þá þó þeir séu hættir störfum. Ríkið tekur 20% til baka af lífeyrinum. Þannig að eldri borgari sem fær 200 þúsund krónur á mánuði frá almannatryggingum verður að greiða ríkinu til baka 40 þúsund krónur! Með öðrum orðum: Á sama tíma og lífeyrir aldraðra frá almannatryggingum dugar ekki til sómasamlegrar framfærslu hrifsar ríkið til baka 1/5 af lífeyrinum!

### Orðið bætur er neikvætt

En er rétt að kalla lífeyri öryrkja bætur? Nei. Ég tel heppilegra að halda sig við orðið lífeyrir. Það er eitthvað neikvætt við orðið bætur. Og ekki hefur núverandi fjármálaráðherra bætt ímynd orðsins. Hann hefur ítrekað talað niður til „bótaþega“ sem hann kallar svo. Fjármálaráðherra talar niðrandi um það að vera á bótum og segir, að vissir stjórnmálamenn vilji, að allir séu á bótum! Það er að sjálfsögðu fráleitt að halda slíku fram. Þegar menn slasast alvarlega eða fá langvinna sjúkdóma geta þeir misst starfsorkuna að fullu eða hluta hennar og orðið öryrkjar. Enginn kýs sér það hlutskipti. Atvinnulífið hefur verið fjandsamlegt öryrkjum. Nauðsynlegt er að aðstoða sem flesta öryrkja við að komast út í atvinnulífið á ný. En til þess að svo geti orðið þurfa atvinnurekendur að vera jákvæðir gagnvart öryrkjum og þeim, sem misst hafa starfsorkuna að einhverju leyti. Æskilegt væri, að atvinnurekendur byðu öryrkjum hlutastörf. Það gildir það sama um öryrkja og eldri borgara: Lífeyrir almannatrygginga, sem öryrkjar fá, er of lágur og dugar ekki til framfærslu.

### Hverjir eru að fá bætur?

Ég tel, að lífeyrisþegar séu ekki með bætur heldur lífeyri. En það eru hins vegar aðrir á Íslandi, sem eru að fá bætur í dag: Fyrst og fremst eru það þeir, sem fá afnot af auðlindum þjóðarinnar án þess að greiða fullt afgjald fyrir. Þar vil ég fyrst nefna útgerðarmenn, sem greiða alltof lágt afgjald fyrir afnot af sjávarauðlindinni, sem er sameign þjóðarinnar. Veiðigjöldin voru lækkuð mikið. Á sama tíma og fjármuni vantar til þess að greiða öldruðum og öryrkjum nægilega háan lífeyri er ótækt að létt sé gjöldum af útgerðinni. Afgjöldin voru síst of há. Íslenska þjóðin á að fá eðlileg afgjöld af auðlindum sínum.

# Fyrirtæki eiga að skila arði



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Þrátt fyrir að efnahagsumræða sé oft á tíðum flókin er grundvallarstarfsemi hagkerfa harla einföld. Vinnuafl og fjármagn skapa vörur og þjónustu sem ganga kaupum og sölum á markaði. Fyrir vinnuframlag greiðast laun og fyrir fjárfestingar greiðist arður. Hluta virðisaukans sem verður til á almennum markaði er síðan ráðstafað til samneyslu í gegnum skattkerfið. Á þessum megingrunni byggja öll vestræn hagkerfi. Umræða síðustu vikna bendir til að ýmsir telji rétt að Íslendingar víki frá þessu fyrirkomulagi og hætti að veita eðlilegt endurgjald fyrir fjármagn.

Þannig mættu nýlegar arðgreiðslur skráðra fyrirtækja á hlutabréfamarkaði mikilli gagnrýni frá neytendum, stjórnmálamönnum, fjölmiðlamönnum og jafnvel fulltrúum þeirra samtaka sem standa að rekstri lífeyrissjóða landsins. Málefnaleg gagnrýni og sterkt neytendaaðhald eru heilbrigð einkenni markaða. Sú umræða sem fylgdi áðurnefndum arðgreiðslum fellur því miður ekki í þá flokka.

### Skipting kökunnar

Til að unnt sé að skapa verðmæti þarf bæði fjármagn og vinnuafl. Á Íslandi hefur sparnaðar- og fjárfestingarstig verið lágt samanborið við Norðurlöndin þrátt fyrir að hlutfall skyldusparnaðar sé hæst hérlendis. Hvata til fjárfestinga virðist því skorta. Á sama tíma hafa launagreiðslur sem hlutfall af heildarvirðisauka verið háar í alþjóðlegum samanburði. Íslenska þjóðarkakan skiptist því fremur launþegum en fjárfestum í hag. Til lengri tíma getur lágt fjárfestingarstig reynst dragbítur á framleiðni og því ástæða til að efla umhverfi til fjárfestinga frekar en að gera það fjandsamlegra.

### Eðli fjármagnsmarkaða

Fjárfestar geta valið um ólíkar leiðir þegar kemur að ávöxtun fjármagns. Innstæður á bankareikningum og skuldabréf skila öruggri en hlutfallslega lágri ávöxtun. Fjárfesting í þessum eignum skilar sér til baka með greiðslu vaxta. Fjárfestingar í hlutabréfum fyrirtækja eru áhættusamari valkostur og skila sér til baka í gegnum arðgreiðslur. Þær eru jafnframt mikilvægustu fjárfestingarnar þegar kemur að verðmætasköpun. Fjármögnun samneyslu og greiðsla launa á sér ekki stað nema með arðbærum fyrirtækjum og án þeirra væri grundvöllur efnahagskerfisins numinn á brott. Þetta vita stjórnmálamenn, fjölmiðlar og fulltrúar þeirra samtaka sem eiga aðkomu að rekstri lífeyrissjóða landsins. Það er eðlileg krafa að umræddir aðilar fjalli um arðgreiðslur með framangreindar staðreyndir í huga.

### Hverra hagsmuna er verið að gæta?

Lífeyrissjóðirnir eru langstærstu fjárfestar landsins og ávöxtun þeirra skiptir sköpum fyrir afkomu Íslendinga. Þá eru hlutabréf í skráðum félögum meðal bestu fjárfestingarkosta sjóðanna, enda vænt langtímaarðsemi tiltölulega há og upplýsingaskylda umræddra fyrirtækja mikil. Það skýtur því skökku við þegar lífeyrissjóðir og aðstandendur þeirra standa í vegi fyrir arðgreiðslum skráðra fyrirtækja í þeirra eigu. Með því er samhliða dregið úr væntri ávöxtun umræddra fyrirtækja og almennum hvata fyrirtækja til að skrá hlutabréf sín á skipulagðan verðbréfamarkað. Hvort tveggja skapar tjón fyrir hagkerfið og vegur að hagsmunum sjóðfélaga lífeyrissjóðanna.

**Fyrirtæki landsins þurfa í auknum mæli að laga sig að kröfu um slíka hegðun, einkum stórfyrirtæki á neytendamarkaði. Á sama tíma er óásættanlegt að stjórnmálamenn, fjölmiðlar og aðstandendur lífeyrissjóða fjalli um arðgreiðslur með jafn óábyrgum hætti og raun ber vitni.**

### Upplýst umræða er öllum í hag

Tæknilegar afkomutilkynningar veita oft ófullnægjandi svör við spurningum neytenda og annarra hagsmunaðila. Gagnsæi og virk upplýsingamiðlun eru því mikilvægar forsendur trausts. Fyrirtæki landsins þurfa í auknum mæli að laga sig að kröfu um slíka hegðun, einkum stórfyrirtæki á neytendamarkaði. Á sama tíma er óásættanlegt að stjórnmálamenn, fjölmiðlar og aðstandendur lífeyrissjóða fjalli um arðgreiðslur með jafn óábyrgum hætti og raun ber vitni. Heilbrigð fyrirtæki eiga að skila ásættanlegum langtímaarði. Öðruvísi verður ekki staðið undir þeim lífskjörum sem Íslendingar vilja búa við.

# CITROËN C4 CACTUS



## HVER ER ÞESSI umtalaði CACTUS?

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus er líka sérstaklega sparneytinn en hann eyðir einungis frá 3,4 l/100 km og losar aðeins 89 g/km.

C4 Cactus hefur aldeilis slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun víðsvegar um heiminn. Þar á meðal hlaut hann titilinn Bíll ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.690.000** KR.

Velkomin í reynsluakstur

Frá **3,4** l/100 km

$CO_2$ Frá **89** g/km

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




# Snjallborg?



**Þórhildur Fjóla Kristjánsdóttir**
verkfræðingur

**Gamaldags fyrirmyndir í bæjarskipulagi þurfa að víkja fyrir framsæknu skipulagi sem gerir ráð fyrir því að einkabíllinn verði ekki skilgreindur sem aðalfarkosturinn.**

Koltvísýringur í andrúmsloftinu er að aukast, mikið til vegna útblásturs frá bruna á jarðefnaeldsneyti. En hvað erum við að gera í málunum? Nýtum við alla okkar krafta til að draga úr losun?

Í samgöngunum notumst við nánast alfarið við jarðefnaeldsneyti. Fjölmargir möguleikar eru í stöðunni til þess að draga úr losun frá samgöngum, sérstaklega vegna notkunar einkabíla innan borgarinnar. Af hverju gerum við einkabílnum svona hátt undir höfði þegar við vitum að það er ekki framtíðin? Það er hægt að gera miklu betur til þess að það verði jafn auðvelt að ganga og hjóla eins og að keyra bíl í borginni.

Í dag er bíllinn í fyrirrúmi alls staðar og tekur nánast allt pláss sem ætlað er undir samgöngur. Gangandi og hjólandi vegfarendur þurfa oft bíða lengi eftir að komast yfir á gatnamótum, fara langar krókaleiðir og sums staðar er bara alls engin almennileg aðstaða. Þessi séraðstaða fyrir einkabílinn endurspeglar ekki umhverfis- og heilsufarskostnaðinn sem á honum hvílir. Í Noregi er oft vísað til þess að tappinn í umferðinni í dag sé tappinn í heilbrigðiskerfinu á morgun. Það er nokkuð til í því.

Til þess að draga úr losun á gróðurhúsaloftegundum þurfum við framsæknar aðgerðir. Aðgerðir sem geta haft fjölmargar jákvæðar afleiðingar í för með sér. Það þarf að hvetja fólk til að ganga og hjóla frekar en að letja fólk til þess. Gamaldags fyrirmyndir í bæjarskipulagi þurfa að víkja fyrir framsæknu skipulagi sem gerir ráð fyrir því að einkabíllinn verði ekki skilgreindur sem aðalfarkosturinn.

Í Evrópu er víða verið að gera stórtækar breytingar á reglugerðum um skipulagsmál. Mikið er byrjað að tala um svokallaðar „snjallborgir“. Snjallborg má skilgreina sem borg þar sem öll orkunotkun er í lágmarki, framleiðsla á endurnýtanlegri orku í hámarki og almenningssamgöngur og aðstaða fyrir hjólreiðamenn og gangandi vegfarendur í fyrirrúmi. Markvissar aðgerðir hafa verið gerðar bæði í stærri og minni bæjum, eins og til dæmis Þrándheimi í Noregi. Þar hefur tekist að draga úr losun frá samgöngum um tæplega 10% á örfáum árum. Þetta er gert með því að byggja markvisst upp hjólastíga, göngustíga og almenningssamgöngur.

En einning er þetta gert með „pisk og gulrot“ eða refsingu og umbun. Þeir fá umbun sem velja hreinni valkosti í samgöngum og þeim gert erfiðara um vik sem velja að fara á einkabílnum í vinnuna. Með þessum aðgerðum skapast raunhæfur valgmöguleiki við einkabílinn. Sjúkdómseinkenni jarðar vegna loftslagsbreytinga eru orðin það alvarleg að við verðum að gera betur og vera snjöll á öllum sviðum, bæði fyrir umhverfið og heilsuna.

# Þingmenn og ráðherrar



**Magnús Orri Schram**
frambjóðandi til formanns Samfylkingarinnar

Gott skref til að bæta vinnubrögð á Alþingi, auka sjálfstæði þess og eftirlitshlutverk, er að þingmenn víki af þingi verði þeir ráðherrar. Þannig yrði þrískipting valds miklu skýrari, aðhald þings með ríkisstjórn betra og dregið yrði úr ráðherraræði. Alþingi yrði losað undan ofurvaldi ríkisstjórnar.

Þjóðfundurinn 2010, stjórnlaganefnd og síðar stjórnlagaráð voru þessarar skoðunar. Í 89. grein að nýrri stjórnarskrá er kveðið á um að verði alþingismaður ráðherra skal viðkomandi víkja af þingi og varamaður taka sæti hans. Verði Samfylkingin hluti af nýrri ríkisstjórn á þetta að vera hluti af verkefnalista hennar.

# Námskráin (sem ekki er til) og frumvarpið



**Jakob S. Jónsson**
leiðsögumaður

Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp sem lýtur að lögggildingu leiðsagnar ferðamanna. Kveðið er á um að löggilding og starfsleyfi skuli veitt „hæfum leiðsögumönnum“ og hæfnin metin út frá „viðurkenndri námskrá“.

Í frumvarpinu er „leiðsögn ferðamanna“ ekki skilgreind né gerð að vernduðu starfi. Það skiptir þó máli að greint sé á milli leiðsagnar, fararstjórnar og hópstjórnar, enda um mjög mismunandi þætti ferðaþjónustu að ræða. Það er þörf á því að skilgreina þessi hugtök til að koma megi böndum á starfsemi erlendra leiðsögumanna sem gera út frá öðrum löndum til ferða hér á landi. Það er óviðunandi að menntun og kunnátta innlendra leiðsögumanna sé sniðgengin með því að erlendum leiðsögumönnum sé ekki gert skylt að hafa innlendan leiðsögumann sér við hlið.

Samkvæmt frumvarpinu er leyfisveiting háð því að þeir sem leyfið fá hafi lokið „leiðsögunámi hérlendis sem uppfyllir kröfur námskrár“ eða hafi haft „leiðsögu ferðamanna hérlendis að aðalstarfi í samanlagt þrjú ár, enda sýni þeir með hæfnisprófi að þeir búi yfir þeirri þekkingu og færni sem þarf til að ljúka leiðsögunámi“.

Þá er leyfi háð því sem stendur í 2. gr. laga nr. 26/2010, sem varða starfsemi erlendra þegna hér á landi. Frumvarpið er því um leið að löggilda leiðsögn erlendra leiðsögumanna, hafi þeir á annað borð tilskilin leyfi frá sínu heimalandi.

Fimm skólar bjóða upp á leiðsögunám hér á landi: Leiðsöguskóli Íslands, sem heyrir undir MK, Símenntun á Akureyri, sem kennir samkvæmt samkomulagi við Leiðsöguskólann/MK, Endurmenntun Háskóla Íslands, Ferðamálaskóli Íslands og loks Keilir.

**Engin námskrá í gildi**

Staðan á leiðsögunámi á Íslandi er sú, samkvæmt upplýsingum frá ráðuneyti menntamála, að engin námskrá er í gildi sem stendur; árið 2011 var námskrá um framhaldsskóla numin úr gildi og hverri námsbraut gert að senda nýja námskrá til staðfestingar ráðuneytis. Leiðsöguskóli Íslands hefur enn ekki sent tillögu að námskrá til ráðuneytis og er hún því hvorki til né í ferli.

EHÍ kennir samkvæmt námslýsingu sem fagráð leiðsögunáms hefur umsjá yfir; fagráðið hefur enga stjórnsýslustöðu og ákvarðanir þess gilda ekki sem námskrá í lagalegum skilningi. Ferðamálaskóli Íslands og Keilir kenna samkvæmt eigin námskrám en ekki samkvæmt því sem nefnt hefur verið „viðurkennd námskrá“ – sem er varla nema von fyrst engin viðurkennd námskrá um leiðsögunám er yfirhöfuð til.

Til er Evrópustaðall um leiðsögunám (ÍST EN 15565:2008), samþykktur af Íslands hálfu, en ekki komið til framkvæmdar. Ástæða er til að þeir skólar, sem hér eru nefndir, könnuðu hvort þeirra námsframboð standist ekki kröfur Evrópustaðalsins, bættu úr þar sem þarf, og skilgreiningarvandi á því hvað er gild leiðsögumenntun væri þar með úr sögunni.

Félag leiðsögumanna hefur um árabil ekki viðurkennt sem fagfélagsmenn aðra en þá sem lokið hafa námi frá Leiðsöguskóla Íslands/MK eða EHÍ. Ekki er ljóst á hvaða forsendum sú viðurkenning er veitt þar sem ekkert nám í leiðsögn telst viðurkennt eða löggilt frá 2011. Í lögum félagsins segir um inngöngu í fagfélagið: „Umsókn skal fylgja staðfesting leiðsöguprófs frá skóla, sem mennta- og menningarmálaráðuneyti viðurkennir og kennir samkvæmt gildandi námskrá ráðuneytisins.“

Þetta þýðir að enginn sem útskrifast hefur úr leiðsögunámi frá EHÍ er tækur í fagfélagið og ekki heldur neinn þeirra sem hafa útskrifast frá Leiðsöguskóla Íslands/MK eftir 2011 né öðrum skólum.

Hér er komið að grundvallarspurningum fyrir starfandi leiðsögumenn: Hver hefur stjórnsýsluvaldið að ákveða hvað er gilt leiðsögunám á Íslandi og út frá hvaða forsendum? Til er Starfsgreinaráð ferðamálagreina sem hefur yfirsýn yfir menntunarþarfir og menntunarmál innan ferðaþjónustunnar. Þar er sá farvegur sem svona mál ættu að vinnast gegnum.

Framundan er annasamt sumar. Félag leiðsögumanna þarf að vera tilbúið til að standa með sínu fólki og þjónusta vel. Þá verða forsendur og skilgreiningar á störfum félagsmanna að vera óumdeildar og starfsrammi félagsins skýr.

**Framundan er annasamt sumar. Félag leiðsögumanna þarf að vera tilbúið til að standa með sínu fólki og þjónusta vel.**

# Hagræðing menningararfs?



**Þóra Pétursdóttir**
doktor í fornleifafræði við UiT Norges Arktiske Universitet

Á síðustu vikum hefur tillögu að sameiningu Þjóðminjasafns og Minjastofnunar Íslands verið varpað inn í umræðuna, í bókstaflegum skilningi. Málið ber að með slíku offorsi að undarlegt verður að teljast. Lítil sem engin umræða hafði farið fram áður en málið var afgreitt á einungis þremur fundum stýrihóps ráðherra. Fyrir utan almenna óánægju með tillögurnar og lagafrumvarpið, gefur því augaleið að eitthvað meira en lítið er bogið við aðdraganda málsins, svo ekki sé talað um hvernig standa á að sameiningunni og skipan í embætti forstöðumanns.

Uppgefnar ástæður sameiningar eru hagræðing og nauðsyn þess að koma skikki á minjamál og minjavörslu í landinu. Hvort tveggja er mikilvægt þótt sundrung og samþjöppun valds séu því miður líklegri afleiðingar breytinganna. Auk þess er dapurlegt að sjá umræðu um nauðsynlega festu í málaflokknum snúast í gagnrýni á þá sem innan hans starfa, en það er greinilegt af umræðu síðustu daga að fornleifafræðingum finnst að þeim vegið. Verkferla og verklag má lengi bæta en það er ekki þar sem skórinn kreppir mest. Það sem raunverulega þarf að koma skikki á er hvernig staðið er að fjárveitingu til fornleifarannsókna í landinu.

**Aðför að rannsóknum**

Einna alvarlegast í þessum tillögum er þó sú aðför að rannsóknum á sviði menningararfs, í breiðum skilningi, sem þær hafa í för með sér. Fyrir stofnun Fornleifaverndar ríkisins árið 2001 voru bæði stjórnsýsla og rannsóknastarf á höndum Þjóðminjasafns Íslands. Með tilkomu Fornleifaverndar var greint á milli þessara þátta. Með síðustu lagabreytingum árið 2013, þegar Fornleifavernd varð að Minjastofnun Íslands, varð Þjóðminjasafn Íslands auk þess að háskólastofnun, en samstarfssamningur safnsins og HÍ var einmitt endurnýjaður á dögunum. Þessi þróun hefur verið til góðs og þótt mikilvægt sé að stuðla að sem mestu og bestu samstarfi á milli þessara sviða (stjórnsýslu og rannsókna) er ekki síður mikilvægt að halda þeim aðgreindum.

Skýr stefnumótun í minjavernd og rannsóknum eins og lögð er til í fyrirliggjandi frumvarpi er mikilvæg. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar fram að fyrirmynd þess sé m.a. sótt til Noregs. Það verður að teljast undarlegt í ljósi þess að norska kerfið byggir einmitt á aðgreiningu stjórnsýslu og rannsókna – en þeim mun skýrari og öflugri samvinnu á milli sviðanna.

Þjóðminjasafnið er mikilvæg rannsóknastofnun á sviði fornleifarannsókna. Verði samruni að veruleika er hætt við að dagar Þjóðminjasafns sem rannsóknastofnunar séu taldir – allavega að trúverðugleiki þess sem slíkrar bíði verulegan hnekki. Það væri mikið ógæfuspor. Að öðrum kosti verður ný Þjóðminjastofnun handhafi óeðlilegs vísindalegs forræðis, sem á sér ekki fyrirmynd í Noregi. Þau áform að færa m.a. málefni friðlýsingar beint til ráðuneytis, eða forsætisráðherra, undirstrikar þá óheppilegu forræðishyggju sem í stefnir.

**Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar fram að fyrirmynd þess sé m.a. sótt til Noregs. Það verður að teljast undarlegt í ljósi þess að norska kerfið byggir einmitt á aðgreiningu stjórnsýslu og rannsókna – en þeim mun skýrari og öflugri samvinnu á milli sviðanna.**

**Forræðishyggja og samþjöppun**

Það er erfitt að slíta tillögur um sameiningu Þjóðminjasafns og Minjastofnunar úr samhengi við það hringl með málaflokkinn sem á undan er gengið. Þar má nefna tilflutning málaflokksins frá ráðuneyti menntamála og menningarmála til forsætisráðuneytis (sem er fremur undantekning á Vesturlöndum), duttlungakenndar fjárveitingar forsætisráðherra til verkefna án auglýsinga, og ráðherravæðingu málefna um verndarsvæði í byggð. Ekki er laust við að sæki að manni uggur – hvað er eiginlega í gangi? Þjóðarminjar og menningararfur eru hápólitísk og vandmeðfarin fyrirbæri – það hefur sagan sýnt okkur. Þannig er það alltaf, en ekki síst í fjölmenningarsamfélagi samtímans. Menningararfur má ekki verða verkfæri stjórnmála. Það má ekki hagræða honum þannig. Sú forræðishyggja og samþjöppun valds sem virðist liggja að baki sameiningartillögum er aðför að sjálfstæði rannsókna og sífelldri endurskoðun á því sem við hömpum sem þjóðararfi okkar.

Samvinna er lausnin, ekki sameining.

B&O PLAY



# TÆR OG EINSTAKUR HLJÓMUR



H2: **kr. 33.000**
H6: **kr. 66.000**



A2: **kr. 62.000**



BEOLIT 15: **kr. 85.000**

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

# Af góðri og vondri lögfræði



**Guðni A. Jóhannesson**
orkumálastjóri

Tryggvi Felixson í Fréttablaðinu 3.3. og Snorri Baldursson í sama blaði 7.3. gera harða hríð að undirrituðum vegna greinar minnar í blaðinu 27.2. Um leið og ég virði góðan hug og einbeittan vilja þeirra til þess að varðveita þau verðmæti sem felast í íslenskri náttúru þá afsakar það á engan hátt endurteknar tilraunir þeirra til þess að afflytja texta og innihald laga um rammaáætlun þannig að það henti þeirra málstað.

Þeir reyna hvað þeir geta að ætla verkefnisstjórn rammaáætlunar nýtt og stærra hlutverk í stjórnsýslunni og Snorri, sem reyndar sakar undirritaðan um að viðhafa vonda lögfræði, gengur svo langt að kalla hana „fjölskipað stjórnvald sem er jafnsett Orkustofnun í stjórnkerfinu“. Lítum á það hvað sagt er um þetta í athugasemdum með frumvarpinu: *„Líkt og fyrri verkefnisstjórnum yrði henni eingöngu ætlað að hafa ráðgjafarhlutverk. Verði frumvarpið að lögum er því á engan hátt hróflað við hlutverki opinberra stofnana á sviði rannsókna og stjórnsýslu.“*

### Hvar liggja mörk friðlýsingar?

Tryggvi telur óþarfa að skilgreina það svæði sem á að njóta verndar því í skýringum við lögin standi að virkjunarsvæði í vatnsafli miðist við allt vatnasvið fallvatns ofan virkjunar og farveg fallvatnsins neðan virkjunar. Í athugasemdum við frumvarpið segir hins vegar: *„Í 4. mgr. kemur fram að verkefnisstjórnin skuli afhenda ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina. Á verkefnisstjórnin því að afmarka virkjunarsvæði og þau landsvæði sem hún telur rétt að friðlýst séu.“* Þar er reyndar einnig sagt að til álita komi að vernda heil vatnasvið en líka skýrt tekið fram að til álita komi að friðlýsa hluta vatnasviðs eða hluta fallvatns.

Lög um rammaáætlun eru skýr um það hvernig virkjunarkostir koma til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn sbr. eftirfarandi tilvísun úr 9. grein laganna. Þar koma fram hlutverk Orkustofnunar og verkefnisstjórnarinnar.

*„Ef virkjunarkostur er að mati Orkustofnunar nægilega skilgreindur skal verkefnisstjórn fá hann til umfjöllunar. Orkustofnun getur einnig að eigin frumkvæði falið verkefnisstjórn að fjalla um virkjunarkosti. Verkefnisstjórn fjallar um virkjunarkosti skv. 2. mgr. og þau landsvæði sem viðkomandi virkjunarkostir hafa áhrif á að hennar mati. Verkefnisstjórn getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni endurmetið virkjunarkosti og landsvæði sem gildandi áætlun nær til og lagt til breytingar á henni.*

Í framhaldi af þessu er skýrt hvenær virkjanakostir koma ekki lengur til umfjöllunar í rammaáætlun, þ.e.a.s ef leyfi til nýtingar eða virkjunar hefur verið gefið út eða ef friðlýsing, ekki tillaga um friðlýsingu, bannar framkvæmdina.

### Tillaga um friðlýsingu er ekki friðlýsing

Tryggvi býsnast yfir þeirri ósvífni Orkustofnunar að leggja fram tillögur um breyttar útfærslur á virkjunarkostum, sem eru í verndarflokki annarrar rammaáætlunar. Þá þarf hann að útskýra hvað átt er við með eftirfarandi málsgrein í athugasemdum með frumvarpinu:

*„Einnig þarf áætlunin að skapa svigrúm til ákvarðana um friðlýsingu ákveðinna svæða gagnvart orkuvinnslu. Til þess að svo megi verða þarf áætlunin að ná til hæfilega langs tíma. Á sama tíma verður þó að veita ákveðið svigrúm til aðlögunar með tilliti til breyttra forsendna. Í því sambandi getur m.a. þurft að taka tillit til nýrra virkjunarkosta. Einnig þarf að vera unnt að taka tillit til nýrra rannsókna og nýrrar þekkingar og tækni. Þá má nefna að aðferðir við nýtingu viðkomandi orkulinda hafa breyst og nýjar aðferðir verið þróaðar við mat á áhrifum nýtingar og verndargildis viðkomandi svæða.“*

Í upphaflegu frumvarpi var ákvæði um að gildistími rammaáætlunar yrði 12 ár. Í nefndaráliti atvinnuveganefndar er lagt til að það ákvæði yrði fellt á brott með eftirfarandi rökstuðningi: *„Að mati nefndarinnar er þetta óþarft þar sem verndar- og orkuáætlunin er stöðugt í endurskoðun og því ekki endanleg áætlun en hún kemur til endurskoðunar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti “*

**Þetta verður að mínu mati ekki túlkað öðruvísi en svo að þeir kostir sem ekki fá umfjöllun hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar og eru ekki með í ályktun Alþingis á hverjum tíma lendi sjálfkrafa í biðflokki.**

Þetta verður að mínu mati ekki túlkað öðruvísi en svo að þeir kostir sem ekki fá umfjöllun hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar og eru ekki með í ályktun Alþingis á hverjum tíma lendi sjálfkrafa í biðflokki. Ég vil ekki trúa að það sé markmið þeirra sem berjast fyrir því að kostir í núverandi verndarflokki séu ekki teknir til umfjöllunar í málsmeðferð þriðju rammaáætlunar og hafni þannig í biðflokki næstu áætlunar. Mikilvægt er að tryggt verði, að slíkir kostir fái lögformlega rétta málsmeðferð samkvæmt þeim lögum sem tóku gildi eftir að önnur rammaáætlun var samþykkt.







# Ofbeldi í nánum samböndum: Heimilisfriður, meðferðarúrræði fyrir gerendur







**Andrés Proppé Ragnarsson**
sálfræðingur

**Einar Gylfi Jónsson**
sálfræðingur

Meðferðarúrræði fyrir karla sem beita ofbeldi í nánum samböndum hefur verið starfrækt fyrst frá 1998 til 2002 og síðan óslitið frá 2006 undir nafninu „Karlar til ábyrgðar“. Undanfarin misseri hefur konum sem gerendum og körlum sem þolendum einnig verið boðið upp á aðstoð. Hefur sú þjónusta farið vaxandi, þó hægt fari.

Þessar útvíkkuðu forsendur hafa leitt til þess að nafnið, sem átti svo ágætlega við í upphafi, er nú orðið villandi. Því hefur verið ákveðið að leggja til hliðar hið upprunalega nafn og velja annað sem hefur breiðari skírskotun: Heimilisfriður, með undirtitlinum „Meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánum samböndum“.

Með þessum undirtitli er vísað til þess að auk þess að bjóða gerendum og þolendum ofbeldis í nánum samböndum upp á meðferð er Heimilisfriði ætlað að miðla fræðslu og þjálfun varðandi ofbeldi í nánum samböndum og afleiðingar þess til fagfólks og almennings. 8. mars sl. var undirritaður þjónustusamningur velferðarráðuneytisins við Heimilisfrið þar sem kveðið er á um að ráðuneytið greiði niður meðferð fyrir gerendur af báðum kynjum auk áhættumatsviðtala við maka. Auk þessa mun Heimilisfriður bjóða þolendum meðferð í samvinnu við félagsþjónustur sveitarfélaga.

### Vel varðveitt leyndarmál

Til skamms tíma var ofbeldi í nánum samböndum vel varðveitt leyndarmál. Þó vitað væri að slíkt ætti sér stað var hið ríkjandi viðhorf að ofbeldi milli karls og konu í nánu sambandi

**Sé athyglinni og úrræðunum eingöngu beint að hinu kynbundna ofbeldi er ljóst að hópur gerenda og þolenda og börn þeirra fá litla athygli í umræðunni og þ.a.l. litla hvatningu til að leita sér hjálpar til að rjúfa vítahring ofbeldisins.**

félli undir friðhelgi einkalífsins. Það voru kvennahreyfingar 7. og 8. áratugarins sem opnuðu umræðuna og beittu sér fyrir aðstoð við konur sem bjuggu við ofbeldi af hendi maka síns: kvennaathvörfum var komið á fót og aukinn þrýstingur var á lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk að gefa þessu vandamáli gaum: þróa viðeigandi viðbrögð og spyrja viðeigandi spurninga.

Frá byrjun var ofbeldi í nánum samböndum skilgreint sem kynbundið, þ.e. gerendurnir væru í langflestum tilvikum karlar og þolendurnir í langflestum tilvikum konur. Ofbeldið var talið eiga sér rætur í gildum feðraveldisins: hin kynbundna félagsmótun, stofnanir og formgerð samfélagsins, viðhorf og venjur, eignarréttur karla og ábyrgðarleysi samfélagsins gagnvart því sem ætti sér stað innan veggja heimilisins. Sálfræðilegum skýringum á hegðun gerandans var hafnað. Á þessu hefur orðið breyting.

Undanfarið hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum að rannsóknir sýni að það er sáralítill munur á ofbeldisbeitingu kynjanna í nánum samböndum, þ.e. að það sé álíka algengt að konur og karlar beiti líkamlegu ofbeldi. Þetta eru ekki nýjar fréttir, rannsóknir allt aftur til 1975 hafa staðfest þetta. Þannig að það er löngu ljóst að heimilisofbeldi er ekki kynbundið í þeim skilningi að það séu einungis karlar sem eru gerendur og einungis konur sem eru þolendur.

### Tímabær skref

Hins vegar er ofbeldi í nánum samböndum kynbundið í þeim skilningi að í þorra alvarlegustu tilvikanna eru karlar gerendur og konur þolendur og það er einnig kynbundið í þeim skilningi að rannsóknir sýna að konur sem eru þolendur upplifa ofbeldi af hendi maka miklu frekar sem ógnun en karlar sem eru þolendur. Þessi munur verður auðveldlega skýrður með líkamsburðum, en einnig er líklegt að félagslegar og fjárhagslegar ástæður hafi veruleg áhrif, þ.e. konur eru líklegri til að vera félagslega og fjárhagslega háðari sambandinu en karlar.

Þess vegna er rökrétt að þróunin hafi verið sú að fyrst er athyglinni beint að heimilisofbeldi þar sem karlar eru gerendur og konur þolendur og meðferðar- og stuðningsúrræði þróuð út frá þörfum þeirra, en síðan sé athyglinni beint að stuðningi við karla sem eru þolendur og meðferð fyrir konur sem eru gerendur. Sé athyglinni og úrræðunum eingöngu beint að hinu kynbundna ofbeldi er ljóst að hópur gerenda og þolenda og börn þeirra fá litla athygli í umræðunni og þ.a.l. litla hvatningu til að leita sér hjálpar til að rjúfa vítahring ofbeldisins. Að mati greinarhöfunda var orðið tímabært að stíga þau skref hér á landi.



# EKKI BARA GÆÐI



## SOFTSHELL JAKKI OG BOLLI Í KAUPBÆTI

**15.900** m/vsk
Fullt verð 21.638



## ÖRYGGISSKÓR BICKZ

Plasttá, naglavörn í sóla, olíu- og sýruþolnir sólar.

**11.900** m/vsk
Fullt verð 23.500



## VINNU-BUXUR

Hangandi vasar að framan, hnjápúðavasar. Litir: Svartur/blár.

**12.639** m/vsk
Fullt verð 15.799



## ÖRYGGISSKÓR „WALKSAFE"

Stáltá, stál í sóla olíu og sýruþolnir sólar.

**18.792** m/vsk
Fullt verð 23.490



## T-BOLUR

V-háls. Litur: Svartur.

**2.586** m/vsk
Fullt verð 3.448



## HNJÁPÚÐAR GEL

Sterkir gel/plast hnjápúðar sem eru hannaðir til að endast lengi.

**4.900** m/vsk
Fullt verð 6.907



## BELTI

Teygjanlegt efni.
Lengd: 1300 mm
Breidd: 40 mm

**1.990** m/vsk
Fullt verð 3.448



## FLÍSPEYSA

Microfleece. Þunn og létt peysa.

**9.900** m/vsk
Fullt verð 14.569



## HÁSKÓLA-PEYSA

80% bómull/ 20% polyester. Litir: Svartur, grár, dökkblár og hvítur.

**1.900** m/vsk
Fullt verð 2.757



## HETTU-PEYSA OG BUFF Í KAUPBÆTI

**12.900** m/vsk
Fullt verð 17.686

PIPAR\TBWA • SÍA • 161540




www.sindri.is I sími 567 6000
Smiðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI
VINNUFÖT

# 8 góðar ástæður til að hætta við þrengingu Grensásvegar



**Páll Helmut Guðjónsson**
strætóbílstjóri

Undanfarið hefur forgangsröðun meirihlutans í borginni þegar kemur að fjármálum mikið verið í umræðunni. Þó hefur eitt gæluverkefni Hjálmars Sveinssonar borgarfulltrúa verið ofar öllu og kallast það Þrenging Grensásvegar. Ég ætla í þessari grein minni að nefna nokkur góð rök fyrir því að hætt verði við þessa vitleysu sem allra fyrst.

**1.** Eftir Grensásvegi, milli Miklubrautar og Bústaðavegar ganga þrjár strætóleiðir (fjórar, ef með er talin leið 17 neðstu 20 metrana). Þrenging vegarins úr tveimur akreinum í eina mun hafa í för með sér umtalsverðar tafir á þeim leiðum.

**2.** Hjálmar nefnir gjarnan eitt atvik sem átti sér stað um árið sem pottþétta ástæðu fyrir framkvæmdinni, þegar ofurölvi ökumaður missti stjórn á bílnum sínum með þeim afleiðingum að hann keyrði niður grindverk og endaði í húsgarði. Nú hef ég ekki neina reynslu af ölvunarakstri, en ég hugsa að mönnum í slíku ástandi standi á sama um fjölda akreina og hvort hámarkshraði sé 50 eða 30.

**3.** Það er nóg pláss þarna fyrir hjólabrautina hans Hjálmars. Það þarf ekki að fækka akreinum um helming til að malbika hjólreiðastíg!

**4.** Hjálmarsrökin varðandi að lækkun hámarkshraða og fækkun akreina auki loftgæðin í borginni halda engan veginn! Hvert mannsbarn sér að löng bílaröð í lausagangi sem kemst ekki leiðar sinnar sökum þrenginga gatna mengar margfalt meira en þegar flæðið á umferðinni er sæmilegt.

**5.** Göturnar í Reykjavík eru ónýtar sökum trassaskapar síðustu ára hjá borginni þegar kemur að viðhaldi gatna. Að mörgu leyti er Grensásvegur mjög merkileg gata. Þar má finna kafla sem felur í sér heila 10 metra af samfelldu, sléttu malbiki, sem er orðin mjög sjaldséð sjón á öllu höfuðborgarsvæðinu.

**6.** Áætlaður kostnaður við þessi ósköp er sagður vera 160 milljónir! Á sama tíma og borgin sker niður í grunnskólum, velferðarkerfinu, snjómokstri og gatnaviðhaldi, er mönnum virkilega alvara með að eyða fjármunum í svona rugl? Ég held ég sé ekki eini íbúi Reykjavíkur sem trúir því að 160 milljónum sé betur varið í annað.

> **Það er nóg pláss þarna fyrir hjólabrautina hans Hjálmars. Það þarf ekki að fækka akreinum um helming til að malbika hjólreiðastíg!**

**7.** Hjálmar hefur nefnt að þrenging Skeiðarvogs, Háaleitisbrautar og Snorrabrautar séu dæmi um vel heppnaðar framkvæmdir. Ég hef lent í því að strætóinn sem ég var að aka bilaði við endann á Skeiðarvogi, rétt við Langholtsveg og gatan stíflaðist í hálftíma sem hafði það í för með sér að íbúar hverfisins fengu að anda að sér fullt af tæru lofti sem kom úr púströrkerfum bíla sem komust ekki leiðar sinnar það síðdegið. Ég þakka fyrir að enginn hafi hnigið niður á þessum tíma út af öllu góða loftinu og þurft á sjúkrabíl að halda. Sjúkrabíllinn hefði ekki komist! Öll vitum við hvað íbúar nálægt Snorrabraut hoppa hæð sína af kæti út af stórauknum loftgæðum í hverfinu eftir heimskulegustu framkvæmd síðustu áratuga, þ.e.a.s. þrengingu Snorrabrautar.




**8.** Það er mikið öryggisatriði að umferðin gangi þokkalega fyrir sig. Varla vill meirihlutinn þurfa að taka ábyrgð á því þegar hús brenna, fólk deyr eða verður fyrir tjóni af því að lögregla, slökkvilið og sjúkrabílar komast ekki leiðar sinnar sökum umferðarteppu sem má rekja til Bestaflokksgæluverkefna.

Almennt er ég feginn því að núverandi meirihluti skuli vera við völd í Reykjavík. Ég vil ekki sjá Sjálfstæðis- eða Framsóknarflokkinn stjórna borginni. Það er nógu slæmt að hafa þessa flokka við völd á Alþingi. Það eru samt ákveðnar áherslur og „forgangsmál“ hjá meirihlutanum í Reykjavík sem eru mér með öllu óskiljanleg. Ég ætla rétt að vona að menn hysji upp um sig brækurnar og forgangsraði rétt, í þágu íbúanna í borginni, en ekki í þágu eins blaðrandi „besserwissers“ sem situr í borgarstjórn. Fyrsti liðurinn í því væri að hætta strax við þessi ósköp. Dagur sagði í viðtali nýverið að hann langaði til að vera borgarstjóri annað kjörtímabil. Maðurinn þarf að standa sig betur en þetta, annars missir hann borgina í næstu kosningum. – Aftur.




# Er ég með greiningaráráttu?



**Gyða Haraldsdóttir**
forstöðumaður Þroska- og hegðunarstöðvar Heilsugæslunnar

Ef marka má ummæli heilbrigðisráðherra á haustfundi sálfræðinga á síðasta ári eru ég og mínir nótar haldin greiningaráráttu á háu stigi. Þessi árátta mín og fjölmargra annarra sérfræðinga á sviði geðheilbrigðis barna lýsir sér í því að við drögum að okkur fjölda barna og unglinga, framkvæmum á þeim ónauðsynlegar greiningar og hengjum svo á þau merkimiða um hinar ýmsu raskanir.

Er það raunin að svona megi skýra sívaxandi biðlista í geðheilbrigðisþjónustu barna? Það kemur væntanlega ekki á óvart að ég kannist ekki við þessa áráttu hjá sjálfri mér en kannski er innsýn mín í eigin vanda bara ekki nægileg. Orð ráðherra beindust þó ekki bara að mér persónulega, heldur vísuðu þau til þess fjölmenna hóps fagfólks sem starfar við að greina og veita meðferð við þroska-, geð- og lyndisröskunum barna á stofnunum eða í einkarekstri. Það er staðreynd, sem flestir þekkja núorðið af endurtekinni umfjöllun, að biðlistar geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn eru alltof langir og að æ fleiri börn bíða lengur og lengur eftir greiningu og viðeigandi meðferð.

Á tilgáta ráðherra við rök að styðjast, eða eru skýringarnar aðrar? Nú blasir við að biðlistar myndast þegar einstaklingar sem leita eftir þjónustu eru fleiri en mannaflinn ræður við að sinna. Minn vinnustaður, Þroska- og hegðunarstöð, er ein þessara þjónustustofnana sem eru að sligast af biðlistum. Börnum er vísað til okkar í sk. nánari greiningu þegar vandi þeirra í námi, skólasókn, hegðun, félagasamskiptum eða líðan er það alvarlegur að þau geta ekki notið sín í leik og starfi. Þau glíma við námserfiðleika, einbeitingarvanda, hvatvísi, erfiða hegðun, skerta félagsfærni, kvíða eða depurð sem ekki hefur tekist að ná tökum á þrátt fyrir að þegar hafi verið gripið til ýmissa úrræða. Áður hafa áhyggjur foreldra og kennara af erfiðleikum barns leitt til tilvísunar til sérfræðiþjónustu sveitarfélags ef ekki hafði tekist að ráða bót á vandanum með almennum úrræðum fyrsta þjónustustigsins.

> **Ég skora á ráðherra að taka þessi skilaboð alvarlega og bregðast snöfurmannlega við.**

Í frumgreiningu skólasálfræðings er námsstaða barnsins, félagsaðstæður, hegðun, félagsfærni og vitsmunastaða skoðuð með prófunum, áhorfi, matslistum og viðtölum. Þannig getur fengist skýring á vanda barnsins og niðurstöðurnar nýtast til að skipuleggja íhlutun. En þetta dugir ekki alltaf til. Í tilfellum þar sem frumgreiningin bendir sterklega til alvarlegs vanda þarf auk íhlutunar að vísa barninu í nánari greiningu. Sama á við þegar vandi barnsins viðhelst eða ágerist þrátt fyrir hjálparúrræði.

Tilgangur nánari greiningar er að svara því hvort barnið glími við tiltekna röskun eða ekki, þ.e. hver er líklegasta skýringin á viðvarandi vanda barnsins og hvaða orsakir má útiloka. Þetta þýðir jafnframt að hægt er að mæla með meðferð í takt við vanda barnsins og auka líkur á árangri. Ekki má heldur vanmeta gildi þess fyrir barnið sjálft og foreldrana að fá svör og skýringar á eðli vandans, að vita að þau eru ekki ein í þessu, þetta sé ekki þeim að kenna og að ýmislegt megi gera til hjálpar. Stóri vandinn er hins vegar sá að börn sem þurfa greiningu bíða alltof lengi og langur biðtími veldur vanlíðan og vanmáttartilfinningu allra hlutaðeigandi. Á meðan magnast vandinn og fleiri börn þurfa meiri og sérhæfðari þjónustu en ella.

**Börn eiga ekki heima á biðlistum!**

Þetta voru skilaboð ungmennaráðs UNICEF til heilbrigðisyfirvalda þegar þau mótmæltu með táknrænum gjörningi á biðstofu stöðvarinnar nú á dögunum. Skilaboðin í skýrslu ríkisendurskoðunar um geðheilbrigðisþjónustu barna eru líka skýr. Skyldur stjórnvalda eru ótvíræðar á þessu sviði, skýrar leiðbeiningar, áætlun og stefnu skortir og sá langi biðtími sem einkennir þjónustuna er óviðunandi og líklegur til að hafa þungbærar og langvarandi afleiðingar. Ég skora á ráðherra að taka þessi skilaboð alvarlega og bregðast snöfurmannlega við.


the PIER
ADELINE NÁTTBORÐ
ÁÐUR 39.900,- NÚ 19.950,-
Stærð: 50x43xH68 cm.
50% AFSLÁTTUR
3 FYRIR 2
AF PÚÐUM & KERTUM
40% AFSLÁTTUR
SOVANA NÁTTBORÐ
ÁÐUR 32.900,- NÚ 19.740,-
Stærð: 45x38xH65 cm.
20% AFSLÁTTUR AF
DAYS SVEFNSÓFA & CHEMILLY BORÐUM
GILDIR 17.–23. MARS // GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
20% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR AF
DAYS SVEFNSÓFA
DAYS SVEFNSÓFI H/V TUNGA
ÁÐUR 99.900,- NÚ 79.920,-
Stærð: 232x152xH70.5 cm.
20% AFSLÁTTUR AF
CHEMILLY BORÐUM
CHEMILLY SÓFABORÐ
ÁÐUR 99.900,- NÚ 79.920,-
Stærð: 135x75xH45 cm.
CHEMILLY HLIÐARBORÐ
ÁÐUR 49.900,- NÚ 39.920,-
Stærð: 60x60xH60 cm.
CHEMILLY SÓFABORÐ
ÁÐUR 69.900,- NÚ 55.920,-
Stærð: 85x85xH45 cm.
20% AFSLÁTTUR
AF HÍBÝLAILMUM
VERÐ FRÁ 472 KR. m/afslætti
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is

# Milli lífs og dauða



Guðmundur Karl Snæbjörnsson
læknir

Krabbameinsfélagið, eða fulltrúi þess, hefur riðið við einteyming í fjölmiðlum að undanförnu um þá ógn og meinta skaðsemi sem okkur gæti stafað af tilvist rafrettunnar. Tæknitól, sem gerir ekkert minna en að ógna tilvist sígarettunnar og allra nikótínlyfja á markaðnum og hlutverki og tilvist hefðbundinna tóbaksvarna? Það er ekki einu sinni sprottið úr kennibókum þeirra sjálfra, heldur úr grasrótinni, hjá þeim sem þjást og deyja af reyknum.

Hvaða rétt halda prelátar tóbaksvarna að þeir hafi eiginlega til að ræna fólk þessari von og tækifærum til heilbrigðara lífs, andstaða sem leiðir ekki til neins annars en framlengingar á sjálfu dauðastríði reyksins?

### Skaðsemi rangs boðskapar

Réttsýnir fræði- og vísindamenn, læknar og fleiri hér á landi sem erlendis, sjá þó fyrir sér einstakt tækifæri í reykingasögunni, með þessari boðflennu tækninnar, sem leitt gæti til þess að vinna sigur í baráttunni gegn skaðsemi reykinga og lágmarka skaðann.

Raunverulegt hlutverk lýðheilsu er að stuðla að bættri heilsu, lágmarka og hindra skaða. En engu er líkara en að sumum stofnunum, jafnvel WHO og svo Krabbameinsfélaginu hér á landi, hafi illilega orðið fótaskortur á raunverulegum tilgangi sínum og láti þess í stað aðra hagsmuni, beint eða óbeint, ráða boðskap sínum sem jafnvel stríðir gegn meginmarkmiðum og tilgangi þeirra (6, 7, 8, 9, 11, 12, 13, 14, 15).

Gömlum trúarkreddum tóbaksvarna (6) verður einfaldlega bara að afklæðast og kasta frá sér, ýta á resettakkann og endurræsa hugmyndafræðina með nýjum hugbúnaði nýrrar nálgunar í ljósi bestu þekkingar byggðrar á vísindalegum rannsóknum (11,12).

### Ætisdiskar og raunveruleikinn

Fulltrúa KÍ hefur m.a. verið tíðrætt um niðurstöður rannsókna á frumum nagdýra á ætisdiskum rannsóknarstofa. Slíkar rannsóknir þurfa þó bara alls ekki að endurspegla viðbrögð fruma í sjálfum mannslíkamanum. Auk þess hefur niðurstöðunum, þeirra greina sem vísað var til, verið hafnað af vísindamönnum.

Mannslíkaminn hefur miklu meiri hæfni til að standast lítið magn skaðlegra efna heldur en frumur ræktaðar á ætisdiskum.

**Rafrettunotkun og sígarettureykingar í grunn- og framhaldsskólum**
Í Bandaríkjunum 2011-2014




**Réttsýnir fræði- og vísindamenn, læknar og fleiri hér á landi sem erlendis, sjá þó fyrir sér einstakt tækifæri í reykingasögunni, með þessari boðflennu tækninnar, sem leitt gæti til þess að vinna sigur í baráttunni gegn skaðsemi reykinga og lágmarka skaðann.**

(Sjá nánari umfjöllun í vefútgáfu greinarinnar; einnig um áhrif lyfja og kaffis sem geta valdið krabbameinsvexti á ætisdiskum rannsóknarstofa.)

### Reykingar drepa – rafrettur redda

Forðast ber misbeitingu rannsóknarniðurstaðna við gerð reglugerða heilbrigðismála, sérstaklega þeirra sem upphaf sitt eiga að rekja til ætisdiska rannsóknarstofanna.

Við eigum í staðinn að beina athygli okkar og kröftum að því sem líklegast er og raunverulega veldur skaða, ekki einhverri hugsanlega mögulegri skaðsemi hins smásæja sjónarhorns. Því það getur bara leitt okkur út í það óendanlega og dregur athygli okkar frá aðalatriðinu sem er öllum þekkt og ítarlega rannsakað, áhrif sígarettureyksins. Annars byggjum við bara upp efa og tortryggni sem bætir engum heilsuna, heldur þvert á móti (11).

### Frelsisskerðing bættrar heilsu

Það eru alvarleg öfugmæli og skilningsleysi á málinu að fjötra frelsi okkar og getu til að velja leið til bætts heilsufars í hlekki reglugerða, sem á sama tíma hlífa hinum raunverulega skaðvaldi og því sem veldur þúsundum dauðsfalla, sjúkdóma og örkumlun.

Frelsi hins almenna borgara er þannig skert og fórnað á altari sjúkdómsvæðingar og dauða, en hagsmunum fárra en máttugri aðila er borgið. Það er svo reynt að réttlæta með hræðsluáróðri ýmsum gegn þeim verkfærum eða tólum sem gætu reynst okkur bjargráð í stöðunni.

Höfnum alfarið slíkri aðför að frelsi okkar til bættrar heilsu, sem byggir á sjónarmiðum þröngsýnna og úreltra herferða undir merkjum „tóbaksvarna“ (6, 14). Þar er augljóst að það er eingöngu hagsmunaaðilum tóbaks- og lyfjaiðnaðarins í hag um leið og heilsu almennings er fórnað, lítilsvirðir og kastar fyrir róða bestu þekkingu fræði- og vísindamanna nútímans (7, 8, 9).

Gætum þess að smíði reglugerða um þessi mál sé gerð í réttu hlutfalli við skaðsemina og jafnframt gætt ýtrustu hófsemi gagnvart þáttum sem gætu haft umtalsverð áhrif til fækkunar sjúkdóma og dauða fólks vegna reykingatengdra sjúkdóma (10, 11, 12, 15). Annað drepur, hitt bjargar.

Takmörkum með reglugerð það sem er raunverulega skaðlegt, sígarettuna. Ekki refsa og takmarka nánast skaðlausri boðflennunni, rafrettunni, sleppum henni heldur lausri á skaðvaldinn með forgjöf í framboði og samkeppni á markaði. Málið dautt og lifum áfram.

*Fyrirvari: Höfundur hefur engra hagsmuna að gæta við framleiðendur, innflytjendur eða sölumenn raftóla né hagsmunatengsl við tóbaks- og lyfjageirann. Engra hagsmuna, stöðu eða titils að gæta varðandi hefðbundnar tóbaksvarnir eða lýðheilsustarfsemi.*

*Er læknir og hef lögvarin réttindi á Íslandi og Svíþjóð til að skrifa út lyf þegar svo á við og ráðleggja fólki til bættrar heilsu. Annað ekki.*

**visir.is** Lengri útgáfa af greininni er á Vísi



# Hvernig forseta vil ég ekki



Björn Ólafur Hallgrímsson
lögfræðingur

Nú styttist óðfluga í að þjóðin velji sér forseta lýðveldisins til að taka við af hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem lengi hefur sinnt embættisskyldum sínum með miklum sóma. Staða forsetans verður vandfyllt og sömuleiðis er kjósendum val á nýjum forseta mjög vandasamt, einkum ef margir bjóða sig fram.

Að undanförnu hafa nokkrir lýst því yfir að þeir gefi kost á sér og enn aðrir hafa sagst vera að íhuga framboð. Hópur frambjóðenda fer ört stækkandi og allt stefnir því í erfitt val.

Til að einfalda mér valið grip ég fyrst til útilokunarreglunnar góðu og spyr mig, hverjum ég geti ekki hugsað mér að veita brautargengi að Bessastöðum. Við þessa flokkun horfi ég til baka og virði fyrir mér fyrri verk frambjóðendanna og eftir atvikum maka þeirra.

Niðurstaða mín er að útiloka frá Bessastöðum þá, sem falla undir eftirgreinda flokkun:

1) Svonefnda „hrunverja“, þ.e. þá sem voru í ríkisstjórn 2008 eða henni nánir.

2) Það fólk, sem bjó að innherjaupplýsingum úr „hrunstjórninni“ og ríkisstofnunum en virðist sjálft hafa fénýtt sér þær eða lekið þeim til vina og vandamanna til hagnýtingar við að koma sér í skjól eða hagnast á hruninu – allt á kostnað samborgaranna.

**Ennfremur er rétt að spyrja sjálfan sig, hvort viðkomandi sé örugglega traustsins verður.**

3) Þá yfirmenn úr hinum föllnu fjármálafyrirtækjum, sem stýrðu vondri för og hagnýttu innherjaupplýsingar og veikleika viðskiptavinanna, sjálfum sér og vinnuveitendum sínum til auðgunar.

4) Svonefnt „kúlulánafólk“, sem komst undan fjármálasóðaskap sínum.

5) Skemmtikrafta, því þeirra vettvangur er annars staðar.

Enn fremur er rétt að spyrja sjálfan sig, hvort viðkomandi sé örugglega traustsins verður. Digurbarkalegt blaður og fagurgali er frambjóðanda ekki til framdráttar í mínum huga, heldur þjóðkunnir og skarpir vitsmunir, heiðarleiki svo og skýr vitund og áform um að hafa hagsmuni þjóðarinnar í algjöru fyrirrúmi. Forsetakjör er engin fegurðarsamkeppni svo vísað sé til nýlegra ummæla stjórnmálafræðings nokkurs. Við þessar sjálfsögðu útilokanir mínar hygg ég að fækki nokkuð í hópi líklegra frambjóðenda. Þá verður valið milli þeirra, sem eftir standa mun auðveldara.

# Ný lausn fyrir fólk með heilaskaða





Dís Gylfadóttir
verkefnastjóri Hugarfars

Guðrún Harpa Heimisdóttir
formaður Hugarfars

Hugarfar er félag fólks með ákominn heilaskaða, aðstandenda og áhugafólks um málefnið

Marsmánuður er um allan heim tileinkaður fólki með ákominn heilaskaða. Við fögnum því framtaki mjög og ekki að tilefnislausu. Þekkingunni innan heilbrigðisgeirans, félagslega kerfisins, hjá stjórnvöldum og meðal almennings er afar ábótavant. Hvar sem við komum inn með fræðslu um ákominn heilaskaða verður fólk eitt spurningarmerki í framan og flestir eru sammála um eitt: þessi hópur hefur algerlega gleymst í umræðunni og kerfinu.

Áverkar á höfði eru taldir ein algengasta ástæða heilsufarsvanda hjá börnum og ungu fólki á Vesturlöndum og er Ísland þar engin undantekning. Áætla má að um 500 einstaklingar hér á landi séu með heilaskaða af völdum slysa, líkamsárása, íþróttameiðsla og falla. Talið er að af þeim fjölda þurfi um 80 einstaklingar á sérhæfðri endurhæfingu að halda.

Heilaskaði er dulin fötlun sem sést yfirleitt ekki utan á fólki en getur haft víðtæk áhrif og gjörbreytt lífi einstaklingsins og haft neikvæð áhrif á fjölskyldulíf og framtíðaráform. Mikill skortur er á upplýsingum og faglegri ráðgjöf til einstaklinga og aðstandenda. Í dag er töluverður fjöldi án greiningar og viðeigandi meðferðar sem leiðir til verulega aukinnar hættu hvað varðar geðræn vandamál og ýmiss konar áhættuhegðun.

### Höfuðhúsið

Í umræðunni um heilbrigðismál er mikilvægt að öllum sé sinnt, hvort sem áverkarnir eru sýnilegir eða ekki. Í dag er engin langtímaendurhæfing í boði á Íslandi fyrir fólk með ákominn heilaskaða, enginn samastaður þar sem fólk getur nálgast fræðslu eða námskeið og fengið hjálp við að fóta sig við breyttar aðstæður. Við erum 20-30 árum á eftir nágrannalöndunum þegar kemur að endurhæfingu og þjónustu við þennan hóp.

Við hjá Hugarfari viljum koma á fót endurhæfingar- og fræðslumiðstöð fyrir fólk með ákominn heilaskaða. Miðstöðin bæri heitið Höfuðhúsið og byggir annars vegar á danskri fyrirmynd og hugmyndafræði club-house hreyfingarinnar og hins vegar á breskri fyrirmynd, heilaskaðamiðstöð sem fólk hefur aðgang að ævilangt.

Í Höfuðhúsinu gæfist einstaklingum og aðstandendum tækifæri til að fá þjónustu fagfólks, fá fræðslu og hitta aðra í sömu sporum. Einstaklingum gæfist kostur á að taka þátt í vinnusamfélagi, leggja sitt af mörkum til að reka starfsemina og finna styrkleika sína í leiðinni. Fólk leggur af mörkum það sem það er fært um en hvert verk sem tekist er á við getur styrkt sjálfsmyndina. Þar verður áhersla lögð á að læra og eflast í gegnum vinnuna.

**Nú er kominn tími til að tekið verði á þessum málum, mótuð verði stefna í málefnum fólks með ákominn heilaskaða og boðið verði upp á endurhæfingarúrræði við hæfi. Lífi sem er bjargað verður að gefast tækifæri til að lifa.**

### Virkir þátttakendur í samfélaginu á ný

Tilgangur Höfuðhússins er að rjúfa félagslega einangrun og brúa bilið út í samfélagið á ný. Einstaklingar sem hljóta heilaskaða þurfa aðstoð við að fóta sig í lífinu á ný og þá aðstoð eigum við sem samfélag að veita. Það eru mikil verðmæti fólgin í því að verða aftur virkur þátttakandi í samfélaginu, í starfi eða námi, í fjölskyldu sinni og félagslífi. Það er ekki einungis verðmætt fyrir einstaklinginn sjálfan og aðstandendur hans, heldur einnig fyrir samfélagið í heild.

Nú er kominn tími til að tekið verði á þessum málum, mótuð verði stefna í málefnum fólks með ákominn heilaskaða og boðið verði upp á endurhæfingarúrræði við hæfi. Lífi sem er bjargað verður að gefast tækifæri til að lifa.

# TILBOÐ

**BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!**
**KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!**



HYUNDAI ix35 High Output
Nýskr. 10/12, ekinn 145 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.590.000**
Rnr. 120926
**TILBOÐ kr. 2.890 þús.**



BMW 523
Nýskr. 11/05, ekinn 84 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.690.000**
Rnr. 283317
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/13, ekinn 101 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 6.090.000**
Rnr. 283100
**TILBOÐ kr. 5.590 þús.**



HYUNDAI i40 COMFORT
Nýskr. 08/13, ekinn 35 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.990.000**
Rnr. 120694
**TILBOÐ kr. 3.190 þús.**



RENAULT CLIO SPORT TOURER
Nýskr. 11/12, ekinn 79 þús km.
dísil, beinskiptur
**Verð áður kr. 1.660.000**
Rnr. 191934
**TILBOÐ kr. 1.360 þús.**



OPEL AMPERA PLUGIN HYBRID
Nýskr. 06/12, ekinn 16 þús km.
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.390.000**
Rnr. 131695
**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**



BMW 320i
Nýskr. 05/07, ekinn 95 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.390.000**
Rnr. 340085
**TILBOÐ kr. 1.690 þús.**



TOYOTA AVENSIS WAGON SOL
Nýskr. 06/06, ekinn 197 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 1.350.000**
Rnr. 283427
**TILBOÐ kr. 890 þús.**



SUZUKI GRAND VITARA PREM.
Nýskr. 05/14, ekinn 81 þús km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður kr. 4.090.000**
Rnr. 152018
**TILBOÐ kr. 3.290 þús.**



KIA SPORTAGE CRDi
Nýskr. 10/05, ekinn 184 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 1.390.000**
Rnr. 103339
**TILBOÐ kr. 890 þús.**



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02/14, ekinn 86 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 3.570.000**
Rnr. 143079
**TILBOÐ kr. 2.990 þús.**



HONDA ACCORD EXECUTIVE
Nýskr. 12/13 ekinn 34 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.090.000**
Rnr. 103304
**TILBOÐ kr. 3.490 þús.**



LEXUS IS250
Nýskr. 09/08, ekinn 72 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 3.090.000**
Rnr. 283364
**TILBOÐ kr. 2.490 þús.**



HYUNDAI ix35 COMFORT
Nýskr. 05/14, ekinn 75 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 4.390.000**
Rnr. 103186
**TILBOÐ kr. 3.590 þús.**



BMW 320d
Nýskr. 08/06, ekinn 86 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 2.780.000**
Rnr. 142996
**TILBOÐ kr. 1.990 þús.**



MERCEDES BENZ GL 350
Nýskr. 12/14, ekinn 18 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður kr. 16.800.000**
Rnr. 102981
**TILBOÐ kr. 14.900 þús.**



HYUNDAI TERRACAN GLX
Nýskr. 09/04, ekinn 155 þús km.
dísil, beinskiptur.
**Verð áður kr. 1.390.000**
Rnr. 282947
**TILBOÐ kr. 790 þús.**



BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 02/14, ekinn 19 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 10.890.000**
Rnr. 131851
**TILBOÐ kr. 9.890 þús.**



MERCEDES BENZ ML300
Nýskr. 12/11, ekinn 65 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 7.990.000**
Rnr. 102467
**TILBOÐ kr. 6.490 þús.**



RENAULT MASTER
Nýskr. 05/08, ekinn 145 þús km.
dísil, sjálfskiptur
**Verð áður kr. 2.090.000**
Rnr. 142723
**TILBOÐ kr. 1.490 þús.**

**Opið frá kl. 9-18 á virkum dögum**
**og kl. 12-16 á laugardögum.**

Klettháisi 11 - Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
**www.facebook.com/bilaland.is**

**bílaland**



Brynjar Þór Björnsson, fyrirliði KR, lyftir Íslandsbikarnum eftir sigur á Tindastóli í fjórða leik liðanna í úrslitaeinvíginu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Getur einhver stöðvað KR?

**Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, segir þrjár af fjórum viðureignum í átta-liða úrslitum Domino's-deildarinnar vera afar áhugaverðar. Fréttablaðið fékk Inga til að rýna í átta-liða úrslitin sem hefjast í kvöld.**

Ingvi Þór Sæmundsson
ingvithor@365.is



**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppnin í Domino's-deild karla í körfubolta hefst í kvöld með tveimur leikjum. Þá mætast annars vegar deildarmeistarar KR og Grindavík og hins vegar Keflavík og Tindastóll. Á morgun hefjast svo einvígi Stjörnunnar og Njarðvíkur og Hauka og Þórs Þorlákshöfn.

Fréttablaðið fékk Inga Þór Steinþórsson, þjálfara karla- og kvennaliða Snæfells, til að spá í spilin fyrir fyrstu umferðina í úrslitakeppninni.

**KR-Grindavík**
KR og Grindavík mætast í átta-liða úrslitum annað árið í röð en í fyrra sópuðu KR-ingar Grindvíkingum úr leik á leið sinni að Íslandsmeistaratitlinum. Grindvíkingar hafa átt í vandræðum í vetur og Ingi telur að þeir verði ekki mikil fyrirstaða fyrir KR.

„Tímabilið hefur verið algjörlega svart og hvítt hjá liðunum. Það eru gæði í Grindavíkurliðinu en ég held að það sé ekki nógu stöðugt til að fara í gegnum seríu gegn KR," sagði Ingi.

„KR-liðið er virkilega vel þjálfað og það hefur mikið að segja. Það er ekki nóg að vera með góðan mannskap, það þarf að hafa almennilega stjórn á þessu og Finnur [Freyr Stefánsson, þjálfari KR] er með þetta í fínum málum. Hann er klókur og ég hef fulla trú á að KR fari í gegnum þetta 3-0," bætti Ingi við.

**Stjarnan-Njarðvík**
Stjarnan og Njarðvík mætast einnig í átta liða úrslitum annað árið í röð. Í fyrra fóru Njarðvíkingar áfram eftir fimm leiki þar sem Stefan Bonneau fór á kostum. Óvíst er hversu stóran þátt hann tekur í einvíginu í ár.

## Spá þjálfara þeirra fjögurra liða sem komust ekki í úrslitakeppnina



**Ingi Þór Steinþórsson, Snæfell:**
KR 3-0 Grindavík
Stjarnan 3-1 Njarðvík
Keflavík 1-3 Tindastóll
Haukar 2-3 Þór



**Erik Olson, FSu:**
KR 3-1 Grindavík
Stjarnan 3-2 Njarðvík
Keflavík 1-3 Tindastóll
Haukar 3-2 Þór



**Borce Ilievski, ÍR:**
KR 3-0 Grindavík
Stjarnan 3-0 Njarðvík
Keflavík 1-3 Tindastóll
Haukar 2-3 Þór



**Viðar Örn Hafsteinsson, Hetti:**
KR 3-0 Grindavík
Stjarnan 2-3 Njarðvík
Keflavík 1-3 Tindastóll
Haukar 2-3 Þór

> **Keflvíkingar eru að ná árangri langt umfram væntingar. Þeir áttu ekki von á að vera svona ofarlega.**
>
> Ingi Þór Steinþórsson

„Það er mjög undarlegt að Njarðvík skuli vera í 7. sæti miðað við mannskap. Þetta verður mjög áhugaverð rimma en ég sé hana fara 3-1 fyrir Stjörnuna," sagði Ingi. Að hans mati skiptir fyrsti leikur liðanna í Ásgarði höfuðmáli.

„Ef Stjarnan ætlar að fara í gegnum þetta þurfa þeir að vinna fyrsta leikinn og ná frumkvæðinu. En ef Njarðvík vinnur fyrsta leikinn og stelur heimavallarréttinum gæti þetta orðið strembið," sagði Ingi en allir fimm leikirnir í einvígi liðanna í fyrra unnust á heimavelli.

Varðandi Bonneau hafði Ingi þetta að segja: „Það er eitt að vera heill og annað að vera kominn í leikæfingu. Ég veit ekki hvort hann er búinn að æfa mikið fimm á fimm en ef hann er búinn að spila það reglulega er engin spurning að hann á eftir að hjálpa þeim."

**Keflavík-Tindastóll**
Keflvíkingar féllu niður í 3. sætið á lokasprettinum eftir að hafa verið í toppsæti Domino's-deildarinnar lengi framan af vetri. Þeir fá því það erfiða verkefni að mæta Tindastóli sem kemur inn í úrslitakeppnina á miklum skriði, hafandi unnið sjö leiki í röð.

Margra augu verða eflaust á Jerome Hill sem var látinn taka pokann sinn hjá Tindastóli í lok janúar. Hill var ekki lengi atvinnulaus því Keflavík samdi við hann nokkrum dögum síðar.

„Hill tók það stýrt fram að honum væri vel við alla hjá Tindastóli nema þjálfarann [José Costa] og því gæti verið svolítið rafmagn í loftinu," sagði Ingi sem segir Keflavík og Tindastól vera á gjörólíkum stað.

„Keflvíkingarnir eru að ná árangri langt umfram væntingar. Þeir áttu ekkert von á því að vera svona ofarlega en þeir hafa gert virkilega vel í vetur. Á meðan ætluðu Stólarnir að blása í alla lúðra fyrir norðan en það kom bara fret út úr því. En þeir hafa rétt skútuna við og koma inn í úrslitakeppnina á meiri siglingu en Keflavík," sagði Ingi sem skýtur á að Tindastóll fari áfram 3-1.

**Haukar-Þór Þ.**
Eina liðið á landinu sem er heitara en Tindastóll eru Haukar sem unnu síðustu átta deildarleiki sína á tímabilinu. Þeir mæta Þórsurum í fyrstu umferð en Þorlákshafnarliðið hefur verið í smá lægð frá bikarúrslitaleiknum gegn KR.

„Það eru hæfileikaríkir ungir strákar í báðum liðum og þeir eiga eftir að láta að sér kveða. Þetta verður mjög áhugavert," bætti Ingi við en einn af þessum ungu strákum, Haukamaðurinn Kári Jónsson, var valinn besti leikmaður seinni hluta Domino's-deildarinnar.

Ingi segir nær ómögulegt að spá um hvort liðið fer áfram en hallast þó frekar að sigri Þórsara.

„Heimavöllurinn hefur mikið að segja en ég ætla samt að spá Þór áfram 3-2," sagði Ingi Þór að lokum.

### ÚRSLIT GÆRKVÖLDSINS
Úrslit úr leikjum gærkvöldsins í Domino's-deild kvenna í körfubolta og Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Umfjöllun um alla viðburði gærkvöldsins er að finna á íþróttavef Vísis.

### BÓNUSGREIÐSLUR ENN TIL SKOÐUNAR HJÁ KSÍ
Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, segir að það sé enn til skoðunar með hvaða hætti árangurstengdum greiðslum verður háttað til leikmanna íslenska karlalandsliðsins í tengslum við Evrópumótið í knattspyrnu í sumar.



„Sumu er lokið og sumu ekki," sagði Geir en samkvæmt heimildum íþróttadeildar er búið að semja um þá upphæð sem rennur til leikmanna fyrir að komast í lokakeppni EM. Geir vildi hins vegar ekki staðfesta það. „Þessu ferli er ekki að öllu leyti lokið en það er alveg ljóst að leikmenn munu fá afreksgreiðslur fyrir að taka þátt í lokakeppni," segir Geir enn fremur.

Eins og kom fram á ársþingi KSÍ í síðasta mánuði mun KSÍ fá átta milljónir evra, jafnvirði 1.120 milljóna íslenskra króna. Áætlaður kostnaður KSÍ af þátttöku Íslands á EM er 600 milljónir króna.

### LÍÐAN ABELS BETRI
Óskar Örn Ólafsson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV, segir að líðan markvarðarins Abels Dhaira sé betri í dag en fyrir fáeinum vikum síðan.

„Maður hafði áhyggjur um daginn en nú virðist allt stefna í rétta átt," sagði Óskar en Abel greindist með krabbamein í kviðarholi seint á síðasta ári. Meinið hefur dreift sér víða um líkama hans og hefur barátta markvarðarins, sem er frá Úganda, verið hörð.

„Abel er sjálfur mikill bjartsýnismaður og að eðlisfari og þegar hann talar ekki um annað en þegar hann kemur til baka og tekur annað tímabil með ÍBV. Að tapa er ekki hluti af hans orðaforða."

Símasöfnun sem var komið á fót fyrir Abel er lokið en enn er hægt að leggja inn á söfnunarreikning hans. Reikningsnúmerið er 582-14-602628 og kennitala 680197-2029.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.55 | Bayer Lev. - Villarreal | Sport |
| 18.00 | Arnold P. Inv. | Golfstöðin |
| 18.50 | KR - Víkingur | Sport 5 |
| 19.00 | Keflavík - Tindastóll | Sport 4 |
| 20.00 | Sevilla - Basel | Sport 3 |
| 20.00 | Tottenham - Dortm. | Sport 2 |
| 20.00 | Man. Utd. - Liverpool | Sport |

**Lengjubikar karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 17.30 | Fjölnir - Þór | Fjölnisvöllur |
| 19.00 | KR - Víkingur | Egilshöll |

**Olís-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | ÍBV - Valur | Vestm. |
| 19.00 | Grótta - Akureyri | Seltj. |
| 19.30 | Víkingur - ÍR | Víkin |
| 19.30 | Afturelding - FH | Mosfellsbæ |
| 19.30 | Fram - Haukar | Framhús |

**Domino's-deild karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | KR - Grindavík | DHL-höllin |
| 19.15 | Keflavík - Tindast. | TM-höllin |

KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!



KRÓNAN - fyrst og fremst ódýr!




TILBOÐIN GILDA TIL 20. MARS - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

Fajitas Jellópínó

349 kr. stk.
BBQ Classic, 480g

299 kr. stk.
Jalapenos, 230g

979 kr. pk.
Holta Fajitas eldaður kjúklingur, 300g

# Gerðu þína eigin pizzu!

129 kr. kg
Rauðlaukur, Holland

259 kr. stk.
Gestus karamellusósa

257 kr. stk.
Hvítir súkkulaðidropar

Bragðarebbi

295 kr. pk.
Emmess skafís vanillu 1L

198 kr. pk.
Oreo kex

499 kr. pk.
Heimilisostur rifinn, 370g

Herra Ostasvín

299 kr. pk.
Pizzadeig, 230g

419 kr. pk.
Stjörnugrís pepperoni, 180g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

TILBOÐIN GILDA TIL 20. MARS - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

20% afsláttur







**379 kr. pk.**
Páska eldhúsrúllur 3 stk.

**799 kr. pk.**
Verð áður ~~999~~ kr. pk.
Fífa klósettpappír 12 rúllur




20% afsláttur

**279 kr. stk.**
Verð áður ~~349~~ kr. stk.
Cif ræstikrem, sítrónu




33% afsláttur

**399 kr. stk.**
Verð áður ~~599~~ kr. stk.
Ajax Klorin hreingerningasprey




15% afsláttur

**839 kr. pk.**
Verð áður ~~989~~ kr. pk.
Uppþvottavélakoddar 20 stk.




20% afsláttur

**399 kr. stk.**
Verð áður ~~499~~ kr. stk.
Ajax professional kalk- og fituhreinsir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




20% afsláttur

**339 kr. pk.**
Verð áður ~~429~~ kr. pk.
Domestos salernisþurrkur 40 stk.




20% afsláttur

**399 kr. stk.**
Verð áður ~~499~~ kr. stk.
Salernishreinsir, UltraWhite og sítrónu




20% afsláttur

**399 kr. stk.**
Verð áður ~~499~~ kr. stk.
Ajax baðherbergishreinsir




20% afsláttur

**479 kr. pk.**
Verð áður ~~599~~ kr. pk.
Harpic salernisilmur, lavender og marine

TILBOÐIN GILDA TIL 20. MARS - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

## Vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum

HS Orka fyrirhugar að reisa allt að 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum. Um er að ræða rennslisvirkjun ofan Biskupstungnabrautar, austan við Geysi í Haukadal.

Almenningi gefst kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd ásamt niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum **fimmtudaginn 17. mars nk.** Kynningin verður haldin á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að **Dalbraut 12, Laugarvatni.** Húsið verður opið á milli **kl. 16 og 20.** Skýrslan er einnig aðgengileg á vef HS Orku (www.hsorka.is) og hjá Mannviti (www.mannvit.is).

**Á staðnum verða fulltrúar frá HS Orku og Mannviti.**



HS Orka hf • Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
Sími 4225200 • www.hs.is • hs@hs.is

Selfossi, 17. mars 2016
1405411 BG

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Auglýsing
## Um deiliskipulag Mjólkurbúshverfis á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1.mgr.41.gr. skipulagslaga n.r. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi svokallaðs Mjólkurbúshverfis á Selfossi.

Deiliskipulagstillagan nær yfir Grænumörk 1-5, Þórsmörk 1-8, Heiðmörk 1a-8 og Austurvegar 59-63. Svæðið afmarkast af Austurvegi til suðurs, Grænumörk til vesturs, Árvegi til norðurs og lóð Mjólkurbús til austurs. Skipulagssvæðið er alls um 3.7 ha að flatarmáli.
Lóðirnar Austurvegur 51-53 verða sameinaðar í eina lóð og lóðirnar Austurvegur 55-59 í eina. Spilda milli lóða og Austurvegar verður sameinuð lólðunum.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að við Austurveg verði gert ráð fyrir fjölbýlishúsum með littlum íbúðum sem muni fjölga búsetukostum fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu . Í tengibyggingu milli Grænumarkar 5 og Austurvegar 51-53 er gert ráð fyrir þjónustu fyrir aldraða með aðkomu að norðanverðu.
Markmið deiliskipulagstillögunar er að skýra kvaðir og heimildir á byggðum og óbyggðum lóðum á skipulagssvæðinu.

Teikning ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum17.mars 2016 til og með fimmtudeginum 28.apríl 2016. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 28. apríl 2016 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning,greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið bardur@arborg.is.

*Virðingarfyllst,*

*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingafulltrúi*

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

### Aðalskipulagsmál

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynntar lýsingar fyrir eftirfarandi aðalskipulagsverkefni:**

**Aðalskipulag Flóahrepps 2015-2028**
Sveitarstjórn Flóahrepps hefur hafið vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Í dag eru í gildi þrjár aðalskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir eitt af þeim þremur sveitarfélögum sem sameinuðust í Flóahrepp árið 2006, þ.e. Hraungerðishrepp, Gaulverjabæjarhrepp og Villingaholtshrepp, en með nýju aðalskipulagi verða svæðin sameinuð í eitt skipulag sem nær yfir allt land sveitarfélagsins. Haldinn var kynningarfundur um verkefnið í lok nóvember 2015 og nú er kynnt lýsing skipulagsverkefnisins þar sem gerð er grein fyrir helstu viðfangsefnum aðalskipulagsins, áherslum sveitarstjórnar auk upplýsinga um fyrirhugað skipulagsferli. Gert er ráð fyrir að vinna við aðalskipulagið verði í gangi fram eftir árinu 2016 og munu gefast nokkur tækifæri til að koma upplýsingum og sjónarmiðum á framfæri.

**Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti.**
Lögð fram til kynningar skipulags- og matslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar sem felst í að gert er ráð fyrir 9,9 MW vatnsaflsvirkjun í Tungufljóti í landi Brúar. Stifla og stöðvarhús er á landi sem í dag er skilgreint sem landbúnaðarsvæði en að auki er gert ráð fyrir nýju efnistökusvæði og haugsvæði þar sem nú er skilgreint svæði fyrir frístundabyggð.

**Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Bláskógabyggð, innan þéttbýlisins Laugarás. Stækkun verslunar- og þjónustusvæðis á lóð Iðufells.**
Lögð fram til kynningar lýsing skipulags vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar sem felst í að svæði fyrir verslun- og þjónustu á lóð Iðufells í Laugarási stækkar á kostnað íbúðarsvæðis. Ástæða breytingar er að fyrirhugað er að reisa nýtt hótel á svæðinu þar sem í gildandi skipulagi eru gert ráð fyrir íbúðarhúsalóðum.

**Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi aðalskipulagsverkefnum:**

**Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027. Heildarendurskoðun**
Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Í dag eru í gildi þrjár aðalskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir eitt af þeim þremur sveitarfélögum sem sameinuðust í Bláskógabyggð árið 2002, þ.e. Laugardalshrepp, Biskupstungnahrepp og Þingvallasveit, en með nýju aðalskipulagi verða svæðin sameinuð í eitt skipulag sem nær yfir allt land sveitarfélagsins. Drög að tillögu að endurskoðun aðalskipulagsins var kynnt á íbúafundi sem haldinn var 3. febrúar sl. Á fundinum bárust ýmsar athugasemdir og ábendingar auk þess sem haft hefur verið samráð við einstaka hagsmunaaðila á svæðinu í tengslum við ákveðna þætti aðalskipulagsins. Í kjölfar þessa hafa verið gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á gögnum aðalskipulagsins. Tillagan er hér lögð fram til kynningar áður en sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu.

**Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2028. Heildarendurskoðun.**
Lögð fram til kynningar tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Drög að tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps var kynnt á íbúafundi sem haldinn var í félagsheimilinu á Flúðum 1. febrúar sl. Á fundinum bárust ýmsar athugasemdir og ábendingar auk þess sem haft hefur verið samráð við einstaka hagsmunaaðila á svæðinu í tengslum við ákveðna þætti aðalskipulagsins. Í kjölfar þessa hafa verið gerðar ýmsar breytingar og lagfæringar á gögnum aðalskipulagsins. Tillagan er hér lögð fram til kynningar áður en sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu.

**Breyting á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015, Flóahreppi, á Galtastaða (lnr. 198977). Móttökustöð ISAVIA og frístundabyggð**
Lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem nær til hluta lands Galtastaða (lnr. 198977) í Flóahreppi. Landið er í eigu Isavia og er fyrirhugað að setja upp varamóttökuloftnet vegna flugfjarskipta flugumferðar auk þess sem einnig verður gert ráð fyrir byggingu 1-3 frístundahúsa. Landið, sem í heild er um 80 ha að stærð, er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingu er gert ráð fyrir 0,35 ha iðnaðarsvæði og 4,6 ha sem frístundabyggð. Drög að deiliskipulagi svæðisins er kynnt sem hluti af skipulagsgögnum.

Ofangreindar aðalskipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16 frá 17. mars n.k. til 5. apríl. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.sbf.is. Athugasemdir og ábendingar við tillögurnar þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 5. apríl og skulu vera skriflegar.

### Deiliskipulagsmál

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórna varðandi eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:**

**Deiliskipulag fyrir lóðina Sökk 5 úr landi Efri-Brúar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þrjár frístundahúsalóðir.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 2. mars 2016 tillögu að deiliskipulagi þriggja frístundahúsalóða á landi sem heitir Sökk lóð 5 úr landi Efri-Brúar. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 7. janúar sl. með athugasemdafresti til 19. febrúar. Athugasemdir bárust og var tillagan samþykkt með breytingum til að koma til móts við þær.

**Deiliskipulag fyrir lóðina Fljótsholt í Reykholti, Bláskógabyggð. Íbúðarhúsalóðir.**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi 3. mars 2016 tillögu að deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Fljótsholt í Reykholti. Lóðin er tæplega 1 ha að stærð og er þar gert ráð fyrir 6 parhúsum og 4 einbýlishúsum. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 7. janúar sl. með athugasemdafresti til 19. febrúar. Athugasemd barst en að mati sveitarstjórnar gaf hún ekki tilefni til breytinga á tillögunni.

**Deiliskipulag fyrir 1 ha svæði úr landi Langholts 2 (lnr. 166249) í Flóahreppi. Frístundahús til nota í ferðaþjónustu..**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 2. mars 2016 tillögu að deiliskipulagi sem nær til 1 ha svæðis úr landi Langholts 2 lnr. 166249. Tillagan var auglýst 7. janúar 2016 með athugasemdafresti til 19. febrúar. Athugasemdir bárust og var tillaga samþykkt með þeirri breytingu að byggingarreitur fyrir frístundahús til útleigu færðist fjær Hallandavegi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa nú verið sendar Skipulagsstofnun til afgreiðslu í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ákvörðun sveitarstjórna um samþykkt deiliskipulags er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá því að auglýsing um gildistöku deiliskipulags hefur birst í B-deild stjórnartíðinda.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

LUNDUR FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616


Karl Gunnarsson
lögg. fasteignasali
s. 898 2102


Kristján P. Arnarsson
lögg. fasteignasali
s. 896 1188


Unnur Karen
Karlsdóttir
s. 698 9056

ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.
HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.
Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916

www.lundur.is • lundur@lundur.is



Guðmundur er mjög ástríðufullur þjálfari og tekur virkan þátt í leiknum eins og sjá má. Ekki síst þegar mikið er undir eins og hjá danska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Eitt heitasta starfið í Danmörku

**Gríðarmikil fjölmiðlaumfjöllun hefur komið Guðmundi Þórði Guðmundssyni helst á óvart í starfi sínu sem landsliðsþjálfari Danmerkur. Hann segir starfið vera skemmtilegt en mjög krefjandi. Guðmundur er enn að jafna sig eftir vonbrigðin á EM í Póllandi. Starfið hans er líklega undir í næsta mánuði.**

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Starf landsliðsþjálfara Danmerkur er eitt af stærstu þjálfarastörfunum þar í landi. Því stýrir Guðmundur Þórður Guðmundsson síðan sumarið 2014.

„Þetta er búið að vera skemmtilegt en þetta er auðvitað rosalega krefjandi starf enda kröfurnar miklar. Við erum búnir að spila 33 leiki undir minni stjórn og vinna langflesta leikina. Aðeins tapað fimm leikjum,“ segir Guðmundur en mikilvægir leikir hafa tapast hjá liðinu sem hafa gert það að verkum að liðið hefur ekki komist í undanúrslit á báðum þeim stórmótum sem Guðmundur hefur stýrt liðinu. Í Danmörku eru gerðar kröfur um sæti í undanúrslitum.

### Sjaldan liðið jafn illa eftir mót

„Í Katar þá töpuðum við aðeins einum leik af níu. Það var auðvitað í átta liða úrslitunum gegn Spáni svo við komumst ekki í undanúrslit. Þeir skora sigurmark er tvær sekúndur voru eftir. Á EM í Póllandi lendum við í svipuðum aðstæðum. Erum að spila geysilega vel framan af móti og leikur okkar afar sannfærandi. Við erum á blússandi siglingu er við gerum jafntefli við Svía. Það var úrslitaleikurinn fyrir okkur þegar upp var staðið. Sigur þar hefði komið okkur í undanúrslit. Þetta mót var vissulega vonbrigði fyrir okkur en það er ótrúlega stutt á milli í þessu,“ segir Guðmundur en það má vel heyra á tóninum í honum að hann er ekki enn kominn yfir vonbrigðin.

„Það er varla að ég sé búinn að jafna mig. Mér hefur sjaldan liðið jafn illa og eftir þetta mót. Það helgast líka af því að maður er búinn að gera allt rétt í fyrstu fjórum leikjunum. Við vinnum svo Spánverja glæsilega í milliriðli og spilum frábærlega. Svo veldur augnablikseinbeitingarleysi því að við klúðrum þessum Svíaleik. Ég vil varla ræða það að við spilum við Þjóðverja í kjölfarið tæpum 20 tímum eftir að Svíaleiknum lýkur. Það er náttúrulega alveg galið. Ég ætla ekkert að afsaka mig þannig en það sér hver maður að slíkt fyrirkomulag gengur ekki upp. Það er út úr kú. Það væri gaman að vita hver fékk hugmyndina að þessu fyrirkomulagi.“

Guðmundur segir að það sé áhugaverð þróun í íþróttaheiminum þar sem verulega sé að draga saman á milli stóru og litlu liðanna.

„Ég fylgist líka með enska fótboltanum og þar er eiginlega alveg sama hver spilar við hvern. Það geta eiginlega allir unnið alla. Svona finnst mér þróunin í íþróttaheiminum vera í dag og það er stórmerkilegt.“

### Þið eruð eins og leikskólabörn

Danskir fjölmiðlamenn hafa ekki tekið Guðmund neinum vettlingatökum og hann hefur fengið drjúgan skammt af gagnrýni fyrir að koma liðinu ekki í undanúrslit. Hann var á stundum ekki sáttur við gagnrýni sem hann fékk hér heima en segir það ekkert í líkingu við það sem gerist í Danmörku.

„Þið íslensku fjölmiðlamennirnir eruð bara eins og leikskólabörn í samanburði við danska kollega ykkar,“ segir Guðmundur og hlær dátt en er fljótur að verða aftur alvarlegur. „Þetta er eitt heitasta starfið í Danmörku, alveg grínlaust. Það er vegna þess að það er mikið fjallað um liðið og handbolti er mjög stór íþrótt í Danmörku. Það eru um tvær milljónir manna að horfa á leiki liðsins á stórmótum. Það hefur gengið vel hjá liðinu í gegnum tíðina og því eru gerðar miklar kröfur,“ segir Guðmundur en hvernig gengur honum að takast á við þessa pressu?

„Ég held mér hafi gengið það vel og ég reyni að vera faglegur. Ég einbeiti mér að minni vinnu og les ekki það sem er verið að skrifa. Ég hef farið þá leið að velta mér ekki of mikið upp úr skrifunum. Það er vissulega þjarmað að mér en þá er mjög mikilvægt að vinna alla leikina,“ segir Guðmundur léttur þó málið sé vissulega ekki léttvægt. Hann missti sig aðeins í viðtali eftir tapið gegn Þýskalandi í janúar enda svekkelsið mikið.

„Auðvitað verður maður stundum pirraður en ég reyni að vera hreinskiptinn í samskiptum við fjölmiðla. Ég virði þeirra starf en svo getur maður deilt um hvaða línu menn eru að taka. Ég hef alltaf reynt að svara heiðarlega og segja hlutina eins og ég sé þá.“

Það var umræða um að það ætti að reka Guðmund eftir vonbrigðin í Póllandi en af því varð nú ekki. Ef Guðmundi tekst aftur á móti ekki að koma Dönum á ÓL í forkeppninni í næsta mánuði má telja líklegt að það verði heitt undir honum. Lítur hann svo á að starfið sé undir í forkeppninni?

„Ég vil ekkert segja um það en ég segi þó að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að komast á Ólympíuleikana,“ segir Guðmundur varkár.

### Áhuginn komið á óvart

Danska handknattleikssambandið er mun stærra en það íslenska og peningarnir sem menn hafa úr að spila þar miklu meira en hjá HSÍ.

„Það hefur komið mér á óvart hversu ofboðslega mikill áhugi er á liðinu og hversu mikil fjölmiðlaumfjöllunin er. Ég held að hvergi í heiminum sé eins mikill fjölmiðlaáhugi á handboltalandsliði og í Danmörku. Ég lít það jákvæðum augum og það er frábært að liðið fái mikla athygli,“ segir Guðmundur en er mikill munur á því að þjálfa danska og íslenska landsliðið?

„Það er ekki svo mikill munur. Það er helst í umhverfinu. Hér eru miklu fleiri fjölmiðlar og þeir eru á öllum æfingum hjá okkur. Þegar ég vann hjá HSÍ þá bar ég mikla virðingu fyrir því hvað menn lögðu á sig til að hafa umgjörðina í kringum liðið góða.“

Guðmundur var að þjálfa þýska stórliðið Rhein-Neckar Löwen áður en hann tók við danska landsliðinu.

„Að þjálfa landslið hefur sína kosti og galla. Stundum sakna ég daglegu þjálfunarinnar. Að hafa liðið í höndunum alla daga og hafa mikið um það að segja í hvaða formi leikmennirnir eru. Hafa tíma til að móta liðið. Hjá landsliði er takmarkaður tími til að móta lið og gera breytingar. Þar er maður líka dæmdur á mjög stuttum tíma. Jafnvel viku eða tíu dögum. Pressan er líka margföld að vera landsliðsþjálfari og ég tala ekki um þegar maður þjálfar eitt besta landslið heims.“

## Þjálfaraferill Guðmundar

**1989-1992** Víkingur
**1992-1995** Afturelding
**1995-1999** Fram
**1999-2001** Bayer Dormagen
**2001-2004** Ísland
**2005-2007** Fram
**2008-2012** Ísland
**2009-2010** GOG
**2010-2014** Rhein-Neckar Löwen
**2014 Danmörk**

**Ég held að hvergi í heiminum sé eins mikill fjölmiðlaáhugi á landsliði og í Danmörku.**

Guðmundur Þórður Guðmundsson



THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox

**Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10**




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# Þetta eru ágætis tímamót

## Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur býst við stuði annað kvöld í tilefni afmælisins.

„Ég er bara alveg hissa að það skuli ekki hafa verið fyrr, mér hefur fundist svo lengi að ég væri alveg að verða fertug,“ segir Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur spurð hvernig henni finnist að eiga fertugsafmæli í dag. „Þetta eru ágætis tímamót.“

Guðrún Eva býr í Hveragerði með eiginmanninum Marteini Þórssyni, handritshöfundi og leikstjóra, og fjögurra ára dóttur þeirra, Mínervu. Hún er ánægð fyrir austan fjall. „Það er fínt að vera aðeins úti á landi,“ segir hún og kveðst hafa ágætan samanburð.

„Alltaf að skrifa? Já, það er eina alvöru vinnan mín, sú eina sem ég fæ borgað fyrir,“ segir Guðrún Eva sem gaf út sína fyrstu bók árið 1998 þegar hún var 22 ára. Það var smásagnasafnið Á meðan hann horfir á þig ertu María mey. Hún lofar ekki bók á þessu ári en segir það góðan möguleika.

Annað kvöld ætlar Guðrún Eva að halda upp á afmælið í Petersen svítunni á efri hæð Gamla bíós. „Þangað eru allir velkomnir sem þykir vænt um mig, þó þeim hafi ekki verið boðið,“ segir hún og tekur fram að engar keyptar veitingar verði í boði, bara tilboð á barnum. „Ég hef afþakkað gjafir svo ég þarf ekki að vita hversu margir koma, en það er opið hús og skífuþeytir á staðnum. Vonandi verður stuð.“ **gun@frettabladid.is**



**Guðrún Eva ætlar að halda upp á afmælið í miðborginni, þó hún kunni því vel að búa utan skarkalans.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

---



Bróðir okkar,

**Ragnar Haraldsson**

sjómaður,
Álfheimum 36,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 11. mars.
Útför fer fram frá Langholtskirkju
21. mars kl. 13.00.

**Systkini hins látna**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Árni Guðmundsson**

fyrrverandi skólastjóri
Íþróttakennaraskóla Íslands,
Laugarvatni,
Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

lést mánudaginn 7. mars.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn
22. mars kl. 13.00.

**Hjördís Þórðardóttir**
**Árni Árnason** **Dóra G. Wild**
**Árni Haukur Árnason, Agnes Wild, Egill K. Wild**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, dóttir og systir,

**Lilja Kúld**

Huldubraut 5, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á
Landspítalanum við Hringbraut
þriðjudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá
Kópavogskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.

**Jóhann Hafnfjörð Rafnsson**
**Kristína Aðalsteinsdóttir**
**Björn Halldór Helgason**
**Guðrún Lilja Skúladóttir**
**Guðný Kúld**
**Þorsteinn Kúld**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og hlýhug við
andlát og útför elskulegrar móður
okkar, tengdamóður, ömmu og
langömmu,

**Ástu Þorvarðardóttur**

Hraunbúðum,
Vestmannaeyjum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hraunbúða í
Vestmannaeyjum fyrir einstaka alúð og umönnun.

**Guðrún Linda Þorvaldsdóttir**
**Valgerður Þorvaldsdóttir** **Ola K. Naa**
**Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir**
**Hannes Þorvaldsson** **Anna Magdalena Sivertsen**
**Björk Þorvaldsdóttir** **Hjalti Erdmann Sveinsson**
**Guðrún Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Margrét Helga Kristjánsdóttir**

frá Ártúni við Hofsós,

lést miðvikudaginn 9. mars 2016.
Útförin fer fram frá Hofsóskirkju
laugardaginn 19. mars kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir,
en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð
Rakelar Pálmadóttur við Grunnskólann á Hofsósi,
reikningsnr. 0310-13-703015, kt. 561179-0189, og
Minningarsjóð Svandísar Þulu Ásgeirsdóttur, reikningsnr.
0150-15-380128, kt. 421208-0180.

**Kristján Björn Snorrason** **Þóra Þrastardóttir**
**Guðný Snorradóttir** **Árni Sörensen**
**Anna Jóna Snorradóttir** **Jón Magnús Magnússon**
**Kristín Snorradóttir** **Þorvaldur E. Þorvaldsson**
**Helga S. Snorradóttir** **Jón Hallfreð Engilbertsson**
**Þórunn Snorradóttir** **Jón Ágúst Björnsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Ástkær móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Dóra Guðbjörnsdóttir**

Háaleitisbraut 22,

lést 13. mars
Útförin verður auglýst síðar.

**Jóna Njálsdóttir**
**Einar Biering Ágústsson**
**Ágúst Valur Einarsson** **Dóra Esther Einarsdóttir**
**Erla Björk Biering** **Njáll Örvar Einarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður Árnadóttir**

kennari,

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum föstudaginn
11. mars. Útförin verður gerð frá
Seljakirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

**Júlíus Jón Daníelsson**
**Árni Daníel Júlíusson** **Birna Gunnarsdóttir**
**Anna Guðrún Júlíusdóttir** **Viðar Hreinsson**
**Monica Haug**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Bjarni Aðalsteinsson**

Bólstaðarhlíð 62,
fyrrum skólastjóri
að Reykjum í Hrútafirði,

andaðist á líknardeild Landspítalans 13. mars sl. Útförin
fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Guðrún Kristjánsdóttir**
**Guðlaug Bjarnadóttir**
**Alda Bjarnadóttir** **Einar Sigtryggsson**
**Steinunn Kristín Bjarnadóttir** **Aðalsteinn Þór Sigurðsson**
**Eyrún Jenný Bjarnadóttir** **Kristján Pétur Hilmarsson**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Helgi E. Kristjánsson**

Miðtúni 16, Selfossi,

lést 8. mars. Útförin fer fram frá
Fossvogskirkju mánudaginn 21. mars
kl. 13.00.

**Óðinn Burkni Helgason** **Rhiannon Mary Helgason**
**Sylvía Rós Helgadóttir** **Friðjón Guðmundsson**
**Sunneva Ösp Helgadóttir**
**og barnabörn.**

---



Elsku besti pabbi okkar, afi og vinur,

**Tadeusz Jón Baran**

Gvendargeisla 28,
Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu.
Jarðað verður 21. mars kl. 13.00
í Vídalínskirkju í Garðabæ.

**Margrét Solvang** **Finn Rune Solvang**
**Thomas André, Marius Réne og Frida Martine**
**Brynjar Theodór Baran**
**Ellen Marta Baran** **Atli Fannar Bjarnason**
**Pawel Lewicki** **Agnieska Poslednik**
**Marek Wolanczyk** **Heiða Ásgeirsdóttir**
**Sigurlín Margrét Sigurðardóttir** **Magnús Sverrisson**

---



Hjartkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sturla Þórðarson**

Sunnubraut 19, Búðardal,

lést föstudaginn 11. mars.
Útför hans fer fram frá Hjarðarholts-
kirkju laugardaginn 26. mars kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim
sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag
Breiðfirðinga.

**Þrúður Kristjánsdóttir**
**Kristján Sturluson** **Sigrún M. Arnarsdóttir**
**Steinunn Sturludóttir** **Sveinn Ólafsson**
**Friðrik G. Sturluson** **Silja Rún Gunnlaugsdóttir**
**Hanna Dóra Sturludóttir** **Lothar Odinius**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# netto

markhönnun ehf



-40%

STJÖRNUGRÍS BAYONNESTEIK
**1.198**
ÁÐUR 1.996 KR/KG



-25%

ÞÝSK NAUTALUND
**2.999**
ÁÐUR 3.998 KR/KG



SS LAMBALÆRI FROSIÐ
**1.199**
ÁÐUR 1.394 KR/KG



-20%

PÁSKAKJÚKLINGUR
STÓR MEÐ FYLLINGU
**1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG



-25%

3 tegundir

FERSKT,
Í SÍTRÓNUSMJÖRI
&
KOLAKRYDDAÐ

KS LAMBAPRIME
**2.474**
ÁÐUR 3.298 KR/KG




-20%

NÝTT Í NETTÓ

MIKIÐ ÚRVAL – VERÐ FRÁ 279 KR



-50%

TÓMATAR – 250 G
**135**
ÁÐUR 269 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 17. – 20. mars 2016**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Glerártorg · Hrísalundur · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Húsavík · Egilsstaðir · Selfoss

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



• Fermingar 2016 •
GLEÐILEGAR GJAFIR
Pioneer
X-EM12 hljómflutningstæki fyrir þá sem vilja einfalt og kraftmikið. Full Range hátalarar.
Verð kr.: 23.900,-
Pioneer
ClubSound MX7
Heyrnartól.
Verð kr.: 33.900,-
SAMSUNG
32"
Samsung
SMART TV
The Future of Smart TV, Now
Samsung 32" SMART TV J5605.
FullHD (1920x1080p) SMART TV með þráðlausu neti, USB afspilun, Game Mode, Football Mode, 3xHDMI og 2xUSB.
Verð kr.: 79.900,-
levenhuk
Zoom&Joy
Levenhuk sjónaukar
frá kr. 3.490,-
Levenhuk Rainbow sjónauki.
Vatnsheldur og niturfylltur með fjölhúðaðar linsur.
Lífstíðarábyrgð á göllum í efni og framleiðslu.
Verð kr.: 14.900,-
Pioneer
SE-MJ721
Heyrnartól - 4 litir
Verð kr.: 7.900,-
Pioneer XW-BTSP70S
Bluetooth, 2x40mm
Full-Range hátalarar
Verð kr.: 36.900,-
NINTENDO 3DS
Betri stjórnun, stærri skjár og öflugri.
Til í nokkrum litum. Gott úrval leikja.
Verð kr.: 39.900,-
XL Verð kr.: 46.900,-
Nintendo
Wii U
Nintendo Wii U Premium
Leikjatölva ársins 2015 hjá Forbes.
Verð kr.: 59.900,-
FiiO
Fiio X3 Hágæða
Tónlistarspilari.
Aðeins fyrir unnendur góðrar tónlistar.
Góð tónlist þarfnast alvöru spilara!
Verð kr.: 37.990,-
BRAUN
Braun Series 3
Wet&Dry Rakvél.
Hágæða vatnsheld og
þráðlaus rakvél.
Verð kr.: 19.990,-
Braun Series 1
Classic Sport Rakvél.
Flott vatnsheld og
þráðlaus rakvél.
Verð kr.: 12.990,-
BRAUN
Braun Satin Hair 1 Style&GO
Nett og létt keramik sléttujárn.
Verð kr.: 4.990,-
ormsson.is
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið virka daga kl. 10-18
og á laugardögum
kl. 11-15.
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

# Myndir af morðum á Bermúda kveiktu þessa ástríðu

**Á morgun verður opnuð í Hörpu sýningin Bowie – The Session eftir portrettljósmyndarann Gavin Evans sem hefur myndað ótal stjörnur á gifturíkum ferli.**



Gavin Evans ljósmyndari fyrir framan nokkur verka sinna á sýningunni Bowie – The Session sem verður opnuð í Hörpu á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Þetta er bara fínt hingað til og enskur morgunverður gerir lífið allt betra," segir hinn heimsfrægi portrettljósmyndari Gavin Evans glaðlega um komu sína til landsins. Á morgun verður opnuð í Esju, nýjum sýningarsal Hörpu, sýningin Bowie – The Session. Sýningin var opnuð 19. febrúar í The Institute í Holzmarkt í Berlín en verður opnuð nánast samtímis í A-Galerie Paris og Hörpu. The Session mun ferðast víða á árinu en myndlistarmaðurinn Ingvar Björn sem hefur starfað með Gavin í Berlín mun einnig sýna afrakstur þess samstarfs.

Uppistaða sýningarinnar er myndir úr þekktri myndaröð af David Bowie en af öllum myndum sem teknar voru af Bowie var portrettmyndin eftir Evans í algjöru uppáhaldi. Enda er hún áhrifamikil og persónuleg birtingarmynd af manninum á bak við goðsögnina sem kemur kannski ekki á óvart þar sem Evans hefur fengist við að mynda fólk frá unga aldri.

**Réttarmeinafræði, rokk og ról!**

„Ég er fæddur og uppalinn á Norðaustur-Englandi þar sem ég kynntist ljósmyndum strax þegar ég var strákur. Nágranni okkar var fyrrverandi réttarmeinaljósmyndari fyrir lögregluna á Bermúda og ég komst í að skoða möppuna hans og heillaðist gjörsamlega. Þarna voru myndir af líkum og ótrúlegu blóðbaði sem ég átti auðvitað ekki að sjá. Þannig að ég hafði komist í þessa möppu, sem ég átti auðvitað ekkert með að vera að skoða, og hann tók hana af mér um leið og hann áttaði sig á þessu en það var of seint. Þarna var ég tólf ára og þetta var hugljómum fyrir mér. Þarna uppgötvaði ég að myndavélin væri miðill sem ég gæti beint að hverju sem er og að ljósmyndum væru engin takmörk sett.

Þegar ég var fimmtán ára var ég svo farinn að nota myndavélina til þess að komast inn á tónleika og til að komast baksviðs á tónleikum og mynda tónlistarmennina. Fyrir mér snerist áhuginn alltaf um að mynda fólk. Það var alltaf markmiðið og ég hafði aldrei áhuga á því að mynda líflausa hluti eða landslag. Ætli það sé ekki vegna þess að þaðan sem ég kem þá er landslagið eins og í upphafsatriðinu í Blade Runner, afar líflaust og óspennandi, enda er ég frá sama stað og Ridley Scott. En ég hef s.s. alltaf verið heillaður af fólki og þessi áhugi og myndavélin voru í raun vegabréfið mitt frá Norðaustur-Englandi og út í heim.

**Þetta er bara fólk**

Gavin Evans hefur á ferli sínum myndað ótal stjörnur á borð við Julliette Binoche, Morrissey, Nick Cave, Iggy Pop, Björk, Terry Gilliam og þannig mætti áfram telja og myndir hans þykja sérstaklega beinskeyttar og draga fram persónuleika viðkomandi. „Málið er að ég byrja að mynda svo ungur og þá var ég gjörsamlega ómeðvitaður um að það væru einhverjar reglur. Ég var til að mynda algjörlega ómeðvitaður um alla fagurfræði og annað slíkt og það mótaði afstöðu mína. Ég er svo mjög ungur farinn að mynda þekktar rokkstjörnur, hetjurnar mínar, en fljótlega geri ég mér grein fyrir því að þetta er bara fólk. Manneskjur. Það sem heillaði mig var því að ná að mynda þetta fólk sem manneskjur fremur en fræga fólkið og það hefur alltaf verið grunnurinn að öllum mínum verkum. Ef maður setur fólk ekki á stall heldur leitast við að mynda það eins og það er þá fær maður beinskeyttar myndir af fólki eins og það er í raun og veru. Þannig að fyrir mér snýst þetta í raun meira um sálfræði en fagurfræði, það er mín nálgun."



Ein þekktasta mynd Gavins Evans af poppgoðinu David Bowie. MYND/GAVIN EVANS

**Ég bara mynda**

Stjörnurnar sem Evans hefur myndað í gegnum árin þurfa eflaust að gæta að ímynd sinni gagnvart almenningi og því þarf að vera til staðar traust á milli þeirra og ljósmyndarans. „Málið er að fólkið kemur til mín í stúdíóið í því felst ákveðið öryggi. Það er ekki eins og ég sé á ströndinni að smella myndum af fólki þar sem það er berskjaldað. Þegar fólk kemur til mín veit það að það er ekki að fara fá glamour-myndir heldur eitthvað annað og öðruvísi en samt myndir af sér. Þannig að traustið er í sjálfu sér til staðar þegar fólk kemur á staðinn og í rauninni hef ég aldrei pælt mikið í þessu, ég bara mynda fólk. Með stafrænu tækninni get ég líka sýnt fólki hvað ég er að gera í miðju ferlinu og ég hika ekki við að gera það því þá er stundum hægt að ýta því aðeins lengra, komast nær því og fá betri mynd.

**Barrie og Gary**

Evans segir að það skipti máli að láta reyna á mörk þess hvað fólk er tilbúið að gera og hvað myndavélin getur gert. Hann segir að sumir þeirra sem hafi verið fyrir framan myndavélina hjá honum séu óneitanlega eftirminnilegri en aðrir. „Sá allra eftirminnilegasti er gaur sem heitir Barrie og fólk getur skoðað myndirnar mínar og kynnt sér sögu hans á vefsvæðinu mínu (gavinevans.com). Þetta er náungi sem ég hitti á götum Glasgow og við eyddum saman mörgum mánuðum í stúdíóinu og það er heilmikil saga á bak við það. Hann er mér ógleymanlegur og hafði mikil áhrif á mig.

En af fræga fólkinu þá verð ég að segja Gary Oldman en ég varði degi með honum og hann er stórkostlegasta myndefni sem ég hef hitt. Hann er líka fyndnasti maður sem ég hef nokkurn tíma hitt og það var algjör opinberun því hann er alltaf að leika einhverja rosalega harðhausa.

En svo veit maður aldrei hvað gerist næst. Núna er ég að fara að ferðast um heiminn með þessa sýningu og myndavélin er aldrei langt undan. Hún er kannski ekki utan á mér en alltaf innan seilingar."




Eftirréttir
Pralín ostakaka
Ljúffeng ostakaka fyrir 6–8 manns
Pralín ostakaka
Fullkomnaðu augnablikið með ljúffengri sælkeraköku.
– Láttu það eftir þér!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 16-0429

# Danir fá fyrstu óperu Daníels Bjarnasonar

**Daníel Bjarnason tónskáld hefur samið sína fyrstu óperu og hún er engin smásmíði. Óperan er gerð eftir dönsku bíómyndinni Brødre frá 2004 og verður frumflutt af dönsku þjóðaróperunni í Árósum á næsta ári.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





„Þetta er ópera fyrir stórt svið, stóra hljómsveit, marga einsöngvara og kór – þannig að hún er grand,“ segir Daníel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Það var spennandi en líka pínu ógnvænlegt að byrja á svona stóru verki, því þetta er ópera fyrir stórt svið, stóra hljómsveit, marga einsöngvara og kór – þannig að hún er grand,“ segir Daníel Bjarnason tónskáld um frumraun sína í óperusmíð. Um er að ræða óperu eftir dönsku myndinni Brødre eftir danska kvikmyndaleikstjórann Susanne Bier.

„Það er allavega ár síðan byrjað var að tala um þetta – kannski rúmlega ár,“ upplýsir Daníel. „Síðan höfum við verið að vinna í handritinu, eða librettoen eins og það kallast á dönsku. Það er sænsk kona sem skrifar textann, Kerstin Perski, hún er reynd í óperuhandritaskrifum.“ Hann segir óperuna verða sungna á ensku en ekki dönsku. Af hverju? „Sú hugmynd er frá mér komin. Þó ég tali góða dönsku, eftir að hafa búið í Danmörku um tíma, fannst mér liggja beinna við að hafa enskan texta til að gera verkið alþjóðlegra og til að auðvelda erlendum söngvurum að syngja hann. Kerstin Perski hefur reynslu af því að skrifa handrit á ensku svo það var ekkert mál.“

Danska þjóðaróperan í Árósum pantaði óperuna hjá Daníel. „Tilefnið er það að Árósar eru menningarborg Evrópu 2017 og þar er verið að ráðast í nokkur stór verkefni, meðal annars það sem er kallað Bier-þrílógían, þar sem þrjár bíómyndir eftir Susanne Bier verða teknar og unnið úr þeim nýtt efni; ein myndin verður óperan mín, önnur dansverk og sú þriðja leikhúsverk. Músíkhúsið þeirra í Árósum heldur utan um verkefnin sem öll eru sjálfstæð en undir þessari regnhlífarhugmynd,“ útskýrir hann.

**Í FYRSTU FRÉTTATILKYNNINGUNNI SEM ÉG SÁ UM ÓPERUNA GENGU ÞEIR LENGRA, ÞAR VAR ÉG SKRIFAÐUR DANSK/ÍSLENSKUR EN ÉG NÁÐI AÐ LEIÐRÉTTA ÞAÐ ÞVÍ ÉG ER RAMMÍSLENSKUR.**

Daníel segir Dani verða í aðalhlutverkum í óperunni, nokkrir komi annars staðar frá en ekki sé búið að loka þeim hlutum endanlega. Hins vegar sé nýbúið að tilkynna að Daninn Kasper Holten, fyrrverandi stjórnandi Danska konunglega leikhússins, stjórni uppfærslunni. „Holten er að hætta sem listrænn stjórnandi Covent Garden í London og hann stökk á þetta sem fyrsta verkefni eftir að hann hættir þar. Mér finnst það frábært,“ segir Daníel.

Í grein í Politiken er tekið fram að Daníel sé „danskfæddur“, þannig gera Danir smá tilkall til hans og það finnst honum svolítið fyndið. „Þeir hafa greinilega þörf fyrir að taka þetta fram. Í fyrstu fréttatilkynningunni sem ég sá um óperuna gengu þeir lengra, þar var ég skrifaður dansk/íslenskur en ég náði að leiðrétta það því ég er rammíslenskur,“ segir hann. „En það er rétt að ég er fæddur á Rigshospitalet því foreldrar mínir, Bjarni Daníelsson og Valgerður Gunnarsdóttir Schram, voru í námi í Danmörku á þeim tíma, ég var sex mánaða þegar við fluttum heim. Svo var ég reyndar í menntaskóla líka í Kaupmannahöfn því við bjuggum þar aftur um tíma. En Danir mega orða þetta svona ef þeir vilja.“





**Bókin AUKAVERKANIR eftir Ólaf Hauk Símonarson er spennandi og hugljúf skáldsaga um íslenskan heimilislækni sem neyðist til að endurskoða líf sitt einmitt þegar hann er að læra á snjallsíma.**

**ÚTGÁFUVEISLA**

**Í dag kl. 17 í Eymundsson Skólavörðustíg.**
**Allir velkomnir.**

sögur útgáfa




Söngkonurnar Signý, Björk og Jóhanna með þá Gunnar og Bjarna Þór á bak við sig. MYND/RAGNHEIÐUR KJARTANSDÓTTIR

# Dalakofinn og lagið um hana Unu

Söngkonurnar Björk Jónsdóttir, Jóhanna V. Þórhallsdóttir og Signý Sæmundsdóttir, sem kalla sig 3Klassískar, koma fram á hádegistónleikum í Fríkirkjunni í dag, ásamt 2Prúðbúnum, þeim Bjarna Þór Jónatanssyni píanóleikara og Gunnari Hrafnssyni bassaleikara.

„Yfirskrift tónleikanna er Lífið er lambagras, það er vísun í eitt ljóðanna sem við flytjum. Það er eftir Þorvald Þorsteinsson og við syngjum það við lag Megasar,“ segir Jóhanna Þórhalls. Hún segir það eina ljóð Þorvaldar á dagskránni en fleiri séu eftir Megas og Davíð Stefánsson. „Við erum m.a. með nýja útsetningu á Dalakofanum og lagið um hana Unu sem heyrist ekki oft. Þá erum við líka með skemmtilega útsetningu af Táraborginni eftir Megas og svo auðvitað Sögu úr sveitinni.“

Söngkonurnar hafa sungið saman um árabil og komið fram víða um land. Jóhönnu eru minnisstæðir tónleikar í Bragganum á Hólmavík þar sem allt ætlaði um koll að keyra þegar þær mættu með Megasi í júlímánuði fyrir nokkrum árum.

Tónleikarnir í Fríkirkjunni tilheyra tónleikaröðinni Á ljúfum nótum. Þeir hefjast klukkan 12 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og ekki er tekið við greiðslukortum. **– gun**

# Annika, hjálpaðu mér!

Þessi sms-skilaboð eru síðasta lífsmarkið sem komið hefur frá Birgittu, systur Anniku Bengtzon.




★★★★

**„Verðugur endir á sérstöku skeiði í norrænni glæpasagnagerð."**

*Politiken*

★★★★

**„… fáir höfundar spinna jafn vel saman ólíka þræði …"**

*Íris Davíðsdóttir / Fréttanetið (um **Hamingjuveg**)*



Bækur **Lizu Marklund** um blaðakonuna Anniku Bengtzon hafa komið út á yfir 30 tungumálum og notið gríðarlegra vinsælda. *Járnblóð* er seinasta sagan í þessum bókaflokki.

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

SUNNUDAG klukkan 04:30 | 2 SPORT




FYRSTI KAPPAKSTURINN UM HELGINA

KEYRUM **FORMÚLUNA** Í GANG

2 SPORT 2

Allt áhugafólk um hraðskreiða bíla verður á sófabrúninni um helgina því þá fer fram fyrsti kappakstur ársins í **Formúlu 1**. **Lewis Hamilton** sigraði í fyrra en sá sem oftast hefur komið fyrstur í mark í Melbourne er enginn annar en Michael Schumacher. **Endurtekur Hamilton leikinn eða klára Rosberg og Vettel hringina 58 á undan Englendingnum knáa?**

| | | |
|---|---|---|
| **17. mars** | Upphitunarþáttur | **Kl. 22:00.** |
| **18. mars** | Æfing klukkan | **Kl. 3:00.** |
| **19. mars** | Tímataka | **Kl. 6:00.** |
| **20. mars** | Keppni | **Kl. 4:30.** |

365.is | Sími 1817 365



María Ellingsen í hlutverki sínu í Enginn hittir einhvern.

# Naumhyggja og nánd

**LEIKHÚS**

**Enginn hittir einhvern**

★★☆☆☆

**Black Box – Norræna húsið**
**Höfundur:** Peter Asmussen
**Þýðandi:** Jón Atli Jónasson
**Leikstjóri:** Simon Boberg
**Leikarar:** María Ellingsen og Björn Ingi Hilmarsson
**Hreyfingar:** Raisa Foster
**Tónlist:** Andreas Ljones
**Leikmynd:** Snorri Freyr Hilmarsson
**Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson

Kjallari Norræna hússins hefur verið endurskipulagður til að hýsa lítið leikhúsrými. Fyrsta sýningin, Enginn hittir einhvern eftir danska leikskáldið Peter Asmussen, var frumsýnd þar síðastliðinn föstudag. Nýtt leiksvið eru frábærar fréttir sem sýnir hversu mikil gróska er í íslenskum sviðslistum þessa dagana, einnig ber að fagna samnorrænni samvinnu. Sýningin markar líka endurkomu Maríu Ellingsen og Björns Inga Hilmarssonar á fjalirnar eftir nokkurt hlé. Þess væri þó óskandi að þessi fyrsta sýning Black Box hefði farið betur.

Leikverkið er eins konar tilbrigði við ástand þar sem mannveran og mannleg hegðun er undir smásjá. Peter Asmussen er hugvitssamur textasmiður en virðist skauta framhjá dramatík, hvort sem það er viljandi eður ei. Jón Atli Jónasson þýðir leikritið laglega. Handritið er byggt upp á mismunandi þrenningum um ákveðið lykilorð s.s. stefnumót, bið, einvera, svik og endalok. Óljóst er hvort parið sé ávallt hið sama, slíkt er reyndar gefið í skyn, eða mismunandi einstaklingar.

María Ellingsen og Björn Ingi Hilmarsson eru fínustu leikarar og gaman er að sjá þau aftur á leiksviði. Því miður geta þau hvorki dregið nægilegan styrk úr textanum né leikstjórninni. Sviðsverur þeirra berjast við hið mannlega ástand þar sem súrrealismi hversdagsleikans er ávallt nærri. Svo viðkvæm samvinna þarf að vera átakameiri þar sem tilfinningaofsinn er haminn frekar en slökktur algjörlega.

Þessar áherslur verður að skrifa á leikstjórann, Simon Boberg. Leikararnir virðast fara með textann frekar en gera hann að sínum í leik. Þessi stöðuga aftenging gerir sýninguna kraftlausa og langdregna, þrátt fyrir að hún sé í styttri kantinum. Sviðshreyfingarnar skapar Raisa Foster en þrátt fyrir aflíðandi áherslur verða þær litlausar því oftar sem tilbrigðin eru endurtekin. Enginn er skráður fyrir búningunum en þeir eru samansettir úr gallabuxum og hvítum skyrtum, að mestu. Allt til að beina áhorfendum frá sviðsetningunni og að textanum. Það liggur við að áhorfendur fengju meira út úr því að lesa leikritið frekar en að sjá sýninguna, sem er algjör synd.

Einna skást er lýsingin sem Björn Bergsteinn Guðmundsson hannar en hann vinnur sérstaklega vel með skugga og myrkur. Tónlist Andreas Ljones er einnig áferðarfögur en líkt og í sýninguna, þá vantar fleiri tilbrigði í stefin til að hún verði eftirminnileg. Leikmynd Snorra Freys Hilmarssonar er fagurfræðilega skýr og spennir upp sýninguna að einhverju leyti. Forvitnilegt verður að sjá hvernig næsta sýning í Black Box vinnur úr þessu spennandi rými.

Sýningin verður of fyrirsjáanleg og handritinu er enginn greiði gerður með spennulítilli leikstjórn. Andrúmsloftið mallar í dramatík framan af, verður fljótlega of þunglamalegt og spennubreytingarnar eru alltof fáar. Naumhyggja í leikhúsi getur verið gríðarlega falleg en verður að skila hlutverki sínu. Í stað þess að ýta undir sviðsræna dramatík þá skerpir Simon frekar á texta handritsins, slíkt verður hreinlega of leiðigjarnt til lengdar.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Veikar dramatískar áherslur verða sýningunni að falli.


4
ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR
BESTA MYND
BESTA LEIKSTJÓRN - LENNY ABRAHAMSON
BESTA HANDRIT - EMMA DONOGHUE
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI - BRIE LARSON
"JOAN ALLEN IS EXCELLENT."
JUSTIN CHANG, VARIETY
"LIFE-AFFIRMING AND AWE-INSPIRING."
BRIAN FORMO, COLLIDER
"JACOB TREMBLAY IS A STARTLING REVELATION."
NIGEL SMITH, theguardian
"ASTONISHING PERFORMANCES."
DAVID EHRLICH, Time Out New York
"AN ENTHRALLING FILM WITH TWO EXCEPTIONAL PERFORMANCES"
JOE MORGENSTERN, THE WALL STREET JOURNAL.
"BRIE LARSON MUN FÁ ÞIG TIL AÐ TAKA ANDKÖF. ÞÚ MUNT EKKI SJÁ BETRI LEIK Í ÁR"
OFFICIAL SELECTION Telluride FILM FESTIVAL 2015
TRULY MOVING PICTURE AWARD heartland film
SIGURVEGARI
PEOPLE'S CHOICE AWARD
tiff.40 toronto international film festival
ÓSKARSVERÐLAUN
Besta leikkona í aðalhlutverki - Brie Larson
Óður til móðurástarinnar
RICHARD LAWSON, VANITY FAIR
ÁSTIN Á SÉR ENGIN TAKMÖRK
ROOM
BYGGT Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK
AN A24 RELEASE TELEFILM CANADA FILM4 AND BORD SCANNÁN NA hÉIREANN/THE IRISH FILM BOARD
WITH THE PARTICIPATION OF ONTARIO MEDIA DEVELOPMENT CORPORATION PRESENT AN ELEMENT PICTURES/NO TRACE CAMPING PRODUCTION IN ASSOCIATION WITH DUPERELE FILMS A FILM BY LENNY ABRAHAMSON "ROOM"
BRIE LARSON JACOB TREMBLAY JOAN ALLEN SEAN BRIDGERS AND WILLIAM H. MACY CASTING BY FIONA WEIR ROBIN D. COOK CSA COSTUME DESIGNER LEA CARLSON MUSIC BY STEPHEN RENNICKS EDITOR NATHAN NUGENT PRODUCTION DESIGNER ETHAN TOBMAN
DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY DANNY COHEN BSC BASED ON THE NOVEL BY EMMA DONOGHUE EXECUTIVE PRODUCERS ANDREW LOWE EMMA DONOGHUE JESSE SHAPIRA JEFF ARKUSS DAVID KOSSE ROSE GARNETT TESSA ROSS
PRODUCED BY ED GUINEY p.g.a. DAVID GROSS SCREENPLAY EMMA DONOGHUE DIRECTED BY LENNY ABRAHAMSON
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KRINGLAN SAMBÍÓIN
SAMbio.is
AKUREYRI SAMBÍÓIN
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
12

# Þú getur gert það sem þú vilt ef það særir engan

**Samsýningin Whatever Works verður opnuð í Tveimur hröfnum listhúsi í dag og þema sýningarinnar er sótt í samnefnda mynd eftir Woody Allen en stærsta verk sýningarinnar er eftir yngsta listamanninn.**

„Þessi hugmynd kviknaði fyrst fyrir um ári og er nú orðin að veruleika. Hlutirnir taka tíma í þessum bransa og þolinmæði er dyggð,“ segir Ágúst Skúlason galleristi í Tveimur hröfnum listhúsi að Baldursgötu. Í dag verður opnuð þar sýningin Whatever Works en titill sýningarinnar vísar í samnefnda kvikmynd Woody Allen. „Sýningin er samsýning þeirra listamanna sem eru á okkar snærum og okkur langaði til þess að gera slíka sýningu þar sem þeir myndu vinna ný verk fyrir sýninguna sérstaklega. Nafnið Whatever Works lýsir því kannski helst hvað er þarna í gangi en það er líka hægt að túlka það á svo ótal marga vegu og bæði jákvætt og neikvætt og allan hringinn. Þeir sem hafa horft á þessa Woody Allen mynd muna kannski að hún er svolítið þung framan af og karlinn, aðalpersónan sem Larry David leikur, dálítið pirraður en svo endar þetta skemmtilega. Þú gerir bara það sem þér hentar, hvað sem það er, svo lengi sem þú ert ekki að særa neinn annan í leiðinni.“

Ágúst segir að þau hafi ekki sett listamönnunum einhverjar takmarkanir fyrir sýninguna en þó hafi þau þurft að vera með ákveðinn stærðarramma. „En það bjagaðist nú eins og gengur og einu fyrirmælin sem stóðu eftir voru að hafa þetta ekki stór verk. Yngsti listamaðurinn sem er hjá okkur, hann Georg Óskar sem er að klára mastersnám í Noregi í myndlist, hann er með miðjuverkið ef svo má segja. Það var eiginlega hugmynd frá Jóni Óskari að leyfa þeim yngsta og nýjasta að fá svona ákveðna miðsetningu í þessu og styðja þannig við ungu kynslóðina. Mér fannst það flott hjá Jóni að leggja þetta svona fram og við studdum það.“

> **MÉR FANNST ÞAÐ FLOTT HJÁ JÓNI AÐ LEGGJA ÞETTA SVONA FRAM OG VIÐ STUDDUM ÞAÐ.**

Listamennirnir sem eru með verk á sýningunni eru þau Georg Óskar, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hadda Fjóla Reykdal, Hallgrímur Helgason, Hulda Hákon, Húbert Nói Jóhannesson, Jón Óskar, Óli G. Jóhannsson og Steinunn Þórarinsdóttir. Ágúst segir að Halla hafi séð um að stilla upp sýningunni.

„Hvert og eitt verk er gert fyrir sýninguna nema nokkrar teikningar eftir Óla G. sem við völdum en hann er fallinn frá og svo sýnum við eitt gamalt verk eftir Steinunni Þórarinsdóttur vegna þess að hún er að undirbúa sýningu sem hún verður með á Listahátíð hjá okkur í maí. Svo vonum við bara að fólk komi og hafi gaman af því að skoða þessa ólíku og flinku listamenn saman á einum stað.“

magnus@frettabladid.is


Ágúst Skúlason og Halla Jóhanna Magnúsdóttir á Tveimur hröfnum listhúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


# VIÐ PRENTUM




Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is




# PÁSKATILBOÐ

# Á ÖLLUM PHILIPS SJÓNVÖRPUM

NOKKUR VERÐDÆMI




**Philips 55PUS7150**
55" 4K LED Android 5.0 snjallsjónvarp með Ultra HD 3840x2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD myndvinnslubúnaði. Micro Dimming Pro. 800Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 baklýsing. Multiroom TV. Wi-Fi innbyggt þráðlaust net með Miracast. 2 stafrænir DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3xUSB og 4xHDMI tengi. MyRemote app. Easy 3D – 4 gleraugu fylgja. Innbyggður soundbar.

**TILBOÐ**
**199.995**
VERÐ ÁÐUR 249.995




**Philips 48PUS7600**
48" 4K LED Android 5.0 snjallsjónvarp með Ultra HD 3840x2160p upplausn og Pixel Precise Ultra HD myndvinnslubúnaði. Micro Dimming Pro. 1400Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Quad Core örgjörvi. Ambilight 3 baklýsing. Multiroom TV. Wi-Fi innbyggt þráðlaust net með Miracast. 2 stafrænir DVB-C/T2/S2 móttakarar. Gervihnattamóttakari. 3xUSB og 4xHDMI tengi. MyRemote app. 3D Max – 2 gleraugu fylgja.

**TILBOÐ**
**229.995**
VERÐ ÁÐUR 299.995




**Philips 32PFT4100**
32" FullHD LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn. Digital Crystal Clear. 100Hz Perfect Motion Rate. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 2xHDMI og USB tengi með upptökumöguleika. Heyrnartólstengi og CI kortarauf. EasyLink.

**TILBOÐ**
**54.995**
VERÐ ÁÐUR 64.995

**TILBOÐIN GILDA TIL PÁSKA EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

BÍÓ



Phoenix segir frá gyðingnum Nelly sem lifði af útrýmingarbúðir nasista í seinni heimsstyrjöldinni en varð afskræmd í framan.

# Risið upp úr öskunni og nýtt líf hafið

**Þýskir dagar standa nú sem hæst í Bíói Paradís þar sem kennir ýmissa grasa. Í Pheonix eftir Christian Petzold er tekist á við áleitin málefni og þykir hún einkar vel gerð.**

KVIKMYNDIR

**Phoenix**

★★★★☆

**Byggð á skáldsögu eftir Hubert Monteilhet**

**Leikstjóri:** Christian Petzold
**Handrit:** Christian Petzold og Haron Farucki
**Aðalhlutverk:** Nina Hoss, Ronald Zehrfeld og Nina Kunzendorf.

Phoenix, sem sýnd er á Þýskum dögum í Bíó Paradís, er nýjasta mynd þýska leikstjórans Christians Petzold sem hefur getið sér gott orð undanfarin ár og er í dag talinn einn helsti leikstjóri Þýskalands. Hann er líklega þekktastur fyrir mynd sína Barbara frá 2012.

Phoenix segir frá gyðingnum Nelly (Nina Hoss) sem lifði af útrýmingarbúðir nasista í seinni heimsstyrjöldinni en varð afskræmd í framan. Stuttu eftir lok stríðsins fer Nelly í lýtaaðgerð en læknunum tekst ekki að láta hana líta eins út og hún gerði fyrir afskræminguna. Nelly kemst svo að því að maðurinn hennar, Johnny (Ronald Zehrfeld), sveik hana til nasistanna en hún ákveður samt að leita hann uppi og ná saman við hann aftur. En loks þegar hún hittir manninn sinn aftur þekkir hann hana ekki í sjón. Upphefst þá mikil svikamylla.

Hér er tekist á við mörg málefni, bæði endurbyggingu Þýskalands eftir stríðið og hvernig eftirlifandi gyðingar byrjuðu nýtt líf (t.d. er mjög áhugavert þegar gyðingarnir tala um að flytja til Palestínu, enda nokkur ár þarna í að Ísraelsríki verði stofnað). En einnig er hér á ferðinni eins konar „film noir“ mynd um ástir og svik. Titill myndarinnar segir líka ansi mikið, hann er bæði vísun í skemmtistað sem atburðarásin hverfist um að einhverju leyti og sömuleiðis er þetta vísun í fuglinn Fönix sem reis úr öskunni. Fönix er í þessu tilliti bæði Þýskaríkið, gyðingarnir og Nelly sjálf.

Petzold sýnir hér mikið öryggi bak við myndavélina enda er Phoenix afskaplega vel leikstýrt og tæknilega er hún mjög vönduð. Petzold veit nákvæmlega hvert hann á að beina myndavélinni og nær réttum takti í myndinni. Stígandin er tiltölulega hæg og það virðist sem lítið sé að gerast, en í raun er fullt að gerast, bæði á yfirborðinu og undir því. Það sem er að gerast undir yfirborðinu er í raun það sem allt snýst um þar sem þetta er að einhverju leyti mynd um bælingu, bælingu á sjálfinu og bælingu á fortíðinni. Þetta er mynd sem læðist að áhorfandanum, heldur honum allan tímann og byggir upp að hreint mögnuðum endi þar sem þræðir sögunnar eru listavel hnýttir saman.

Handritið er þó ekki gallalaust. Sagan er áhugaverð og spennandi en engu að síður ekki fullkomlega trúverðug. Til dæmis er hegðun eiginmanns Nelly ekki alltaf nógu sannfærandi, bæði hvernig hann grunar ekkert að þarna sé konan hans á ferðinni og sömuleiðis áætlanir hans með hana. Eins er ein lykilpersóna í myndinni látin fara um miðbik sögunnar á mjög skringilegan hátt sem kemur eiginlega upp úr þurru, eins og þessi persóna hafi ekki verið nauðsynleg lengur fyrir söguna en handritshöfundarnir ekki alveg vitað hvað ætti að gera með hana. En þessir gallar koma samt ekki verulega niður á sögunni og hún heldur svip sínum að mestu þrátt fyrir þá. **Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Einkar vel samansett og snjöll mynd sem heldur áhorfandanum allan tímann fram að mögnuðum endalokum.

## Frumsýningar



KUNG FU PANDA 3
Teiknimynd
Aðalhlutverk: Hjálmar Hjálmarsson, Jóhann Sigurðsson, Arnar Jónsson, Edda B. Eyjólfsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Valdimar Örn Flygenring, Björn Thorarensen og Esther Thalía Casey
IMDb 7,5/10 – Rotten Tomatoes 84%
Frumsýnd: 18. mars



FIFTY SHADES OF BLACK
Grínmynd
Aðalhlutverk: Marlon Wayans, Kali Hawk og Fred Willard.
IMDb 3,4 – Rotten Tomatoes 7%
Frumsýnd: 18. mars



WHERE TO INVADE NEXT
Heimildarmynd
Aðalhlutverk: Michael Moore, Krista Kiuru og Tim Walker
IMDb 7,1/10 – Rotten Tomatoes 76%
Frumsýnd: 18. mars



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**LÍFRÆNAR APPELSÍNUR**



**359** kr. 1 kg

**Lífrænar Appelsínur**
1 kg, Spánn

**LÍFRÆN EPLI**



**498** kr. 4 stk.

**Juliet Lífræn Epli**
700 g, 4 stk. í pakka

**LÍFRÆNAR GULRÆTUR**



**398** kr. 800 g

**Lífrænar Gulrætur**
800 g, Danmörk

## SPARAÐU MEÐ BÓNUS

AGRIFORM

Smakkaðu á töfrum Ítalíu



**100kr** verðlækkun

**498** kr. 200 g

**Grana Padano**
Ítalskur ostur, 200 g
Verð áður 598 kr.

**100kr** verðlækkun

**598** kr. 200 g

**Parmigiano**
Ítalskur ostur, 200 g
Verð áður 698 kr.



**60kr** verðlækkun

**698** kr. 500 ml

**Jómfrúar Ólífuolía**
Kaldpressuð, 500 ml
Verð áður 758 kr.

LÍFRÆNT Solla



**398** kr. 340 g

**Sollu Hnetusmjör**
Fínt eða gróft, 340 g

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTI SKAMMTUR
55.000 POKAR



**1.279** kr. 900 g

**Euro Shopper Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g - Verð áður 1549 kr.

**270kr.** verðlækkun

# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti***

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 20. mars eða meðan birgðir endast - *Sjá dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 317/2015 frá 21. janúar 2016

SAMBÍÓIN

GODS OF EGYPT – EIN ALLRA FLOTTASTA ÆVINTÝRAMYND ÁRSINS
LONDON HAS FALLEN
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FROZEN OG BIG HERO 6 – ZOOTROPOLIS – Sýnd með íslensku og ensku tali

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| GODS OF EGYPT VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 6 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8:20 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 - 10:40 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 - 8 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 10:20 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 |
| ROOM | KL. 8 - 10:30 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 - 8 |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 10:10 |
| THE BROTHERS GRIMSBY | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| GODS OF EGYPT | KL. 8 - 10:40 |
| LONDON HAS FALLEN | KL. 8 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| ZOOLANDER 2 | KL. 5:40 |
| ROOM | KL. 10:10 |

ÓSKARSVERÐLAUN – Besta leikkona í aðalhlutverki – Brie Larson – ROOM
ZOOLANDER No. 2

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
REYKJAVÍK
THE BROTHERS GRIMSBY
BORIS GODUNOV – Ópera eftir Mussorgsky – Háskólabíó 21. mars
KUNG FU PANDA 3 – FORSALA HAFIN
Fyrir framan annað fólk
DEADPOOL
SPOTLIGHT – BESTA MYNDIN
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ – midi.is – Miðasala og nánari upplýsingar

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| REYKJAVÍK | 5:50 |
| BROTHERS GRIMSBY | 8, 10 |
| TRIPLE 9 | 8 |
| ZOOTROPOLIS 2D | 5:40 ÍSL.TAL |
| FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK | 5:50, 8, 10 |
| DEADPOOL | 10:25 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 17. MARS 2016

### Tónlist

**Hvað?** VIL dúettinn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Í kvöld munu tónlistarmennirnir Maria Bay Bechmann og Julius Rothlaender, sem saman skipa dúettinn VIL, koma fram og flytja nýja tónlist sem mun á næstunni rata inn á fyrstu plötu dúettsins. Tónlist VIL er lágvær og seiðandi þar sem nostrað er við andrúmið og þögnina á milli. Allir velkomnir.

**Hvað?** Norðlenskar konur í tónlist
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Félagskonur KÍTÓN á Norðurlandi standa fyrir tónleikum í kvöld þar sem þær Helga Kvamm, Kristjana Arngrímsdóttir, Þórhildur Örvarsdóttir og Lára Sóley Jóhannsdóttir sjá um að halda uppi fjörinu. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

**Hvað?** Kvikmyndatónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborgarsal Hörpu
Kvikmyndatónleikar verða haldnir í kvöld þar sem frumfluttar verða nýjar hljómsveitarsvítur Golden Globe verðlaunahafans Jóhanns Jóhannssonar, úr The Theory of Everything. Að auki hefur Jóhann valið efnisskrá með sínum eftirlætisverkum úr kvikmyndatónlistarheiminum. Stjórnandi er Adrian Prabava, sem hefur undanfarin ár stýrt Sinfóníunni. Miðasala á harpa.is.

**Hvað?** Æfingar á Pétri og úlfinum
**Hvenær?** 13.00-16.30
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Það stendur mikið til í Hallgrímskirkju um komandi helgi þar sem einn færasti organisti Norðurlandanna, Mattias Wager, kemur sérstaklega hingað til lands til að halda tvenna tónleika á Klaisorgel Hallgrímskirkju. Mattias og Halldóra Geirharðsdóttir verða við æfingar á Pétri og úlfinum í Hallgrímskirkju í dag en hann er annars við æfingar meira og minna á opnunartíma kirkjunnar frá klukkan 9.00 til 17.00. Allir velkomnir.



**Hallgrímur Helgason verður ásamt fríðu föruneyti í Tveimur hröfnum á Baldursgötu í dag.**



**Halldóra Geirharðsdóttir verður í Hallgrímskirkju í dag þar sem hún undirbýr sig fyrir Pétur og úlfinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Leiðsögn

**Hvað?** Prestar og Frímínútur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Gallerí Grótta, Eiðistorgi
Hönnunarverkefnin Prestar og Frímínútur litu fyrst dagsins ljós þegar sýning á þeim var opnuð á HönnunarMars um síðustu helgi. Í dag bjóða hönnuðir verkefnanna, þau Sturla Már Jónsson og Þórunn Árnadóttir, upp á leiðsögn. Um tvö aðskilin hönnunarverkefni er að ræða, en sýningarnar standa til 1. apríl. Allir velkomnir.

**Hvað?** Leiðsögn um Sköpun bernskunnar 2016
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Boðið er upp á leiðsögn í Ketilhúsi um sýninguna Sköpun bernskunnar 2016. Guðrún Pálína Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi og sýningarstjóri tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna. Aðgangur er ókeypis.

### Listir

**Hvað?** Opnun Whatever ... Works.
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Tveir hrafnar, Baldursgötu
Stefnumót nýrra verka níu samtímalistamanna fer fram í dag en þar munu þau Georg Óskar,



**Lone Koldtoft heldur áhugavert erindi á dönsku í Norræna húsinu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


BIO ★ PARADIS – HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| B-movie: lust & sound in West-Berlin 1979-1989 ENG SUB | 18:00 |
| Anomalisa | 18:00 |
| Carol | 17:30 |
| Phoenix ENG SUB | 20:00 |
| The Witch / Nornin | 20:00, 22:00 |
| The Look of Silence | 20:00 |
| Spotlight | 22:00 |
| Hrútar ENG SUB | 22:15 |

THE VVITCH
LUST & SOUND
B MOVIE

Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hadda Fjóla Reykdal, Hallgrímur Helgason, Hulda Hákon, Húbert Nói Jóhannesson, Jón Óskar, Óli G. Jóhannsson og Steinunn Þórarinsdóttir leiða saman hesta sína. Allir velkomnir.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Til hvers að tala um dauðann?
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a, 1. hæð
K. Hulda Guðmundsdóttir, MA-guðfræðingur, skógarbóndi og formaður Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð, flytur síðasta erindið um dauðann í dag. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Fyrirlestur Lone Koldtoft
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Norræna húsið
Lone Koldtoft, aðjúnkt í dönsku máli og bókmenntum við Háskólann í Lundi, heldur fyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Norræna hússins um glæp sem hafði mikið vægi í lífi og verkum danska heimspekingsins Sørens Kierkegaard. Fyrirlesturinn er fluttur á dönsku. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

## Önnur afþreying

**Hvað?** Franska um allan heim
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Café Lingua í Borgarbókasafninu, Grófinni
„Franska um allan heim“ er viðburður þar sem sem hægt verður að mæla sér mót við frönskumælandi einstaklinga frá ýmsum heimshornum sem búsettir eru á Íslandi, miðla eigin kynnum og reynslu af frönskumælandi menningarheimum og/eða njóta hreinlega fræðandi ferðalags um hinn frönskumælandi heim í góðum félagsskap. Frönskunemendur hjá Alliance Française og íbúar frá Belgíu, Marokkó og Kanada koma til með að kynna málið. Gestum gefst tækifæri til að smakka á möndluköku og mintutei frá Marokkó og láta kitla bragðlaukanna með góðgæti frá hinum frönskumælandi heimi. Allir velkomnir.

**Hvað?** Leshringurinn Sólkringlan
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Sólheimum
Leshringurinn Sólkringlan er sameiginlegur leshringur Borgarbókasafnanna í Kringlunni og Sólheimum. Er skipst á að hittast á söfnunum en hópurinn hittist þriðja fimmtudag hvers mánaðar. Þema vorannarinnar er skáldævisögur eða ævisögulegar skáldsögur. Bókin Jarðnæði eftir Oddnýju Eiri lesin. Allir hjartanlega velkomnir.



**Tónlist Jóhanns Jóhannssonar verður flutt í Hörpu í kvöld.**

# Kvikmyndatónskáldin Claudio Simonetti og Fabio Frizzi koma fram á ATP

Fjöldi listamanna hefur bæst í hóp þeirra sem fram koma á tónlistarhátíðinni ATP á Íslandi en hún fer fram á Ásbrú dagana 1. til 3. júlí 2016. Þeir sem bæst hafa í hópinn eru meðal annars kvikmyndatónskáldin Claudio Simonetti (Goblin) og Fabio Frizzi en fyrir var búið að boða komu bandaríska tónskáldsins Johns Carpenter og er því kvikmyndatónlist í hæsta gæðaflokki í boði á ATP.

Hið áhrifamikla tríó frá Ástralíu Dirty Three hefur boðað komu sína, tilraunasveitin This Is Not This Heat lætur til sín taka, alþjóðlega stórstjarnan Omar Souleyman mætir til leiks og sveitin Suuns kemur frá Montreal. Einnig koma fram íslensku sveitirnar Valdimar, Kimono og Muck ásamt fleiri framúrskarandi listamönnum og hljómsveitum.

Ítalska tónskáldið Claudio Simonetti (Goblin) á mjög farsælan feril að baki við að semja tónlist fyrir hryllingsmyndir Dario Argento. Hann kemur á ATP á Íslandi sem Goblin og á efnisskránni verða vinsælustu verk Goblin en sveitin á sér langa sögu í ítalskri framúrstefnu- og kvikmyndatónlist.

Fabio Frizzi kemur til með að flytja nýjar tónsmíðar en auk þess mun hann heiðra hið sérstaka samstarf sitt við leikstjórann Lucio Fulci. Á tónleikunum koma saman meðlimir úr Frizzi 2 Fulci sveitinni ásamt söngvurum. Frizzi kemur til með að flytja tónlist sína við The Beyond sem á einmitt 35 ára afmæli um þessar mundir. Vinsældir hans hafa aukist síðustu ár eftir að Quentin Tarantino notaði tónlist hans úr The Psychic (a.k.a. Seven Notes in Black) í kvikmyndinni Kill Bill, Vol. 1. **– glp**



**Omar Souleyman snýr aftur til landsins en hann kom fram á Iceland Airwaves 2013.**


# Gefðu sparnað í fermingargjöf

**Gjafakort Landsbankans** er góð leið til að gefa sparnað í fermingargjöf. Ef fermingarbarnið leggur 30.000 krónur eða meira í sparnað hjá Landsbankanum greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag. Þannig getur gjafakortið lagt grunn að góðum fjárhag.

**Kortið** kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í útibúum Landsbankans. Kynntu þér sparnaðarleiðir fyrir fermingarbarnið á klassi.is.



# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Lukku-Láki
**07.50** Litlu Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Masterchef USA
**11.05** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**11.50** Um land allt
**12.15** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** America
**14.30** Jane Eyre
**16.30** Tommi og Jenni
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.15** Matargleði Evu Þriðja sería þessara fróðlegu og freistandi þátta þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni og kennir á horfendum að töfra hann fram á skemmtilegan hátt.
**19.40** The Restaurant Man Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað og því til halds og trausts er Russell Norman.
**20.40** NCIS
**21.25** Better Call Saul
**22.15** Crimes That Shook Britain
**23.00** Married
**23.25** X-Men. The Last Stand
**01.05** Rizzoli & Isles
**01.50** Shetland
**02.50** Piranha 3DD
**04.15** America
**05.45** The Middle

## SPORT

**07.25** Formúla E - Beijing
**08.45** Reading - Crystal Palace
**10.25** Leicester - Newcastle
**12.05** Ensku bikarmörkin
**12.35** Bayern München - Juventus
**14.15** Barcelona - Arsenal
**15.55** Meistaradeildarmörkin
**16.25** Körfuboltakvöld
**17.25** Premier League World
**17.55** Bayer Lever. - Villarreal BEINT
**20.00** Man. Utd. - Liverpool BEINT
**22.00** Formúla 1 - Upphitunarþáttur
**22.35** MD 2016 - Samantekt.
**23.50** Keflavík - Tindastóll Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
**01.25** KR - Víkingur R. í Lengjubikarnum.

## SPORT 2

**11.25** Chievo - Milan
**13.05** Las Palmas - Real Madrid
**14.45** Man. Utd. - West Ham
**16.25** Messan
**17.25** Atletico Madrid - PSV Eindhoven
**20.00** Tottenh. - Bor. Dortm. BEINT
**22.00** Snæfell - Keflavík Útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.
**23.30** Bayer Leverkusen - Villarreal
**01.10** Formúla 1 - Upphitunarþáttur

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Valspar Championship
**12.00** PGA Tour - Highlights
**12.55** Golfing World
**13.45** Valspar Championship
**17.35** Inside The PGA Tour
**18.00** Arnold Palmer Invitational
**22.00** Golfing World
**22.50** Inside The PGA Tour
**23.15** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 3

**18.40** Guys With Kids
**19.05** Comedians
**19.30** League
**19.55** Supergirl
**20.40** Discovery Atlas
**21.30** Gotham
**22.15** NCIS Los Angeles
**22.55** Justified
**23.45** First Dates
**00.35** League
**01.00** Supergirl
**01.40** Discovery Atlas
**02.25** Gotham
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Ofurhundurinn Krypto
**07.25** Brunabílarnir
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar
**08.45** Tom and Jerry
**08.50** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Svampur Sveinsson
**09.25** Áfram Diego, áfram!
**09.49** Rasmus Klumpur
**09.55** UKI
**10.00** Lína Langsokkur
**10.23** Latibær
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Ofurhundurinn Krypto
**11.24** Brunabílarnir
**11.48** Ævintýraferðin
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar
**12.45** Gulla og grænjaxlarnir
**12.55** Tom and Jerry
**13.00** Svampur Sveinsson
**13.25** Áfram Diego, áfram!
**13.49** Rasmus Klumpur
**13.55** UKI
**14.00** Lína Langsokkur
**14.23** Latibær
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Ofurhundurinn Krypto
**15.24** Brunabílarnir
**15.48** Ævintýraferðin
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar
**16.45** Gulla og grænjaxlarnir
**16.55** Tom and Jerry
**17.00** Svampur Sveinsson
**17.25** Áfram Diego, áfram!
**17.49** Rasmus Klumpur
**17.55** UKI
**18.00** Lína Langsokkur
**18.23** Latibær
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Surf's Up



**Svampur Sveinsson kl. 09.00, 13.00 og 17.00**

## GULLSTÖÐIN

**18.55** Friends
**19.20** Raising Hope
**19.40** Poppsvar
**20.20** Cold Feet 5
**21.15** Major Crimes
**22.00** The Sopranos
**22.50** Peaky Blinders
**23.50** It's Always Sunny in Philadelphia
**00.10** Mind Games
**00.55** Poppsvar
**01.35** Cold Feet 5
**02.25** Major Crimes
**03.05** The Sopranos
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.05** My Girl
**11.45** Nine
**13.45** The Mask of Zorro
**16.00** My Girl
**17.45** Nine
**19.45** The Mask of Zorro (Grima Zorros) Ævintýramynd frá 1988 með Antonio Banderas, Anthony Hopkins og Catherine Zeta-Jones í aðalhlutverkum.
**22.00** As Cool as I Am Í smábæ í Montana í Bandaríkjunum býr Diamond fjölskyldan; Chuck og Lainee og sextán ára dóttir þeirra Lucy. Á yfirborðinu lítur fjölskyldulífið ósköp venjulega út en ekki er allt sem sýnist.
**23.35** Winter's Tale
**01.35** Twelve
**03.10** As Cool as I Am

## RÚV

**15.35** Violetta
**16.20** Vísindahorn Ævars
**16.30** Skólahreysti
**17.05** Kiljan
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Stundin okkar
**18.20** Eðlukrúttin
**18.31** Hrúturinn Hreinn
**18.38** Kafteinn Karl
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Tobias og sætabrauðið – Ungverjaland Sætabrauðsdrengurinn og ferðalangurinn Tobias Hamann-Pedersen leggur land undir fót og kannar köku- og sætabrauðsmenningu annarra landa.
**20.45** Martin læknir
**21.35** Best í Brooklyn
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Svikamylla
**00.05** Skylduverk
**01.05** Kastljós
**01.40** Fréttir
**01.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Top Chef
**09.50** Minute to Win It
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**12.30** Dr. Phil
**13.10** Leiðin á EM 2016
**13.40** America's Next Top Model
**14.25** The Muppets
**14.50** The Voice
**16.20** The Tonight Show
**17.00** The Late Late Show
**17.40** Dr. Phil
**18.20** Everybody Loves Raymond
**18.45** King of Queens
**19.10** How I Met Your Mother
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.10** Billions
**22.05** Scandal
**22.50** The Tonight Show
**23.30** The Late Late Show
**00.10** Scorpion
**00.55** Law & Order: Special Victims Unit
**01.40** The People v. O.J. Simpson. American Crime Story
**02.25** Billions
**03.20** Scandal
**04.05** The Tonight Show
**04.45** The Late Late Show
**05.25** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





2 | 19:15
**MATARGLEÐI EVU**
Það styttist í páskana og í þætti kvöldsins leggur Eva Laufey áherslu á páskamáltíðina. Ljúffengt andabringusalat með geitaosti og valhnetum, fylltur lambahryggur með öllu tilheyrandi og súkkulaðikaka með frosting kremi og súkkulaðieggjum.

FRÁBÆR **FIMMTUDAGUR**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 19:40
**THE RESTAURANT MAN**
Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.



2 | 20:40
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | 21:25
**BETTER CALL SAUL**
Önnur sería þessara óborganlegu þátta um Saul Goodman sem er best þekktur sem lögfræðingur Walters White í þáttaröðinni Breaking Bad.




| 22:00
**AS COOL AS I AM**
Skemmtileg bíómynd um fjölskyldu sem virðist lifa einföldu og venjulegu lífi en undir niðri krauma vandamálin og ekki er allt sem sýnist.



3 | 19:30
**LEAGUE**
Bandarísk gamanþáttasería um nokkra vini sem hafa ódrepandi áhuga á amerískum fótbolta og taka Draumadeildina fram yfir einkalífið.




G | 22:00
**THE SOPRANOS**
Magnaður og margverðlaunaður þáttur þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.




©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

Nike • Adidas • Puma • Asics • Reebok • Brooks - og öll hin flottu merkin

# ÍÞRÓTTASKÓR
# EINSTAKT TÆKIFÆRI!

## BARA 3 VERÐ

## Kr. 2.990.-
## Kr. 5.990.-
## Kr. 7.990.-

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

SÍÐAN 1962

## ÞAÐ ER FARIÐ AÐ VORA Í BYKO




-20%

**Túrbó Sámur** 5l.

2.395kr.

90500705

Almennt verð: 2.995kr.




-20%

**Þrýstikútur** 1,8l.

2.995kr.

49974497

Almennt verð: 3.795kr.



-20%

**Flöskutjakkur**
í tösku 3T

2.395kr.

67079094

Almennt verð: 2.995kr.




-30%

**SONAX**
bón, hard wax 500ml

1.045kr.

90503012

Almennt verð: 1.495kr.



-20%

TORIN

**Lyftuborð**
f/mótorhjól 150kg

7.995kr.

67079101

Almennt verð: 9.995kr.

TORIN

**Bílrampur**
2,5T, 240mm 1stk

4.795kr.

67587015

Almennt verð: 5.995kr.



-20%

Broil King®
Great Barbecues Every Time




-35%

**Gasgrill**
Gem super 8,8kW

32.495kr.

50657518

Almennt verð: 49.995kr.



## PÁSKABLÓMIN
### FÁST Í BREIDD

| | | |
|---|---|---|
| **Páskagreinar** | Vnr. 55092305/b | 595-795kr. |
| **Téte a téte** | Vnr. 55029093 | 495kr. |
| **Páskalilja 7 stk** | Vnr.55029095 | 995kr. |
| **Pottakrysi** | Vnr.55029092 | 995kr. |
| **Túlipanar í potti** | Vnr.55029099 | 655kr. |
| **Muscari 5stk** | Vnr.55029096b | 475kr. |

byko.is

25% AFSLÁTTUR AF MOTTUM OG DREGLUM

SONAX 20-30% AFSLÁTTUR AF SONAX BÍLAVÖRUM

25% AFSLÁTTUR AF BÖKUNARVÖRUM

20% AFSLÁTTUR AF VINNUFÖTUM OG SKÓM

# GERUM HEIMILIÐ FÍNT



**Tímastillir**
625kr. -30%
41752006
Almennt verð: 895kr.

**Matar og kaffistell** 20stk.
5.195kr. -26%
41100109
Almennt verð: 6.995kr.



**Glös** 3stk. 300 ml.
595kr. -34%
41121777
Almennt verð: 895kr.



**Kökudiskur** 30cm á fæti
1.995kr.
41823033
Almennt verð: 2.895kr.
-31%



**Eldhúsvog** 5kg.
þunn stafræn
2.995kr.
41753829



-20%
**Ultraglozz** bón
250 ml.
1.835kr.
90522343
Almennt verð: 2.295kr.



-20%
**Búkkar**
3 tonn
2.395kr.
67079066
Almennt verð: 2.995kr.



-20%
**Kollur** 360°
4.795kr.
67587022
Almennt verð: 5.995kr.

Einhell
**Bónvél**
BT-PO 90
4.755kr.
74807505
Almennt verð: 5.945kr.



-20%

BOSCH
**Háþrýstidæla**
AQT 33 100dB.
15.835kr.
74810233
Almennt verð: 19.795kr.



-20%



-34%
**Rúðuvökvi**
3L, -21°C
395kr.
53521037
Almennt verð: 595kr.



**Sorppokar**
700x1100, 10stk
295kr.
53521037

**Strákústur**
með skafti, 40 cm
995kr.
68583100



Einhell
**Hekkklippur**
BG-EH 570W
9.995kr.
74830004





**Hekkklippur** 56cm
1.995kr.
55530028

**Stórgreinaklippa**
1.995kr.
68316410



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 29.mars

## ÞÚ FÆRÐ PALLAEFNIÐ Í BYKO

| | |
|---|---|
| AB-gagnvarin 22x95 mm. Vnr. 0058254 | 185kr./lm* |
| Gagnvarin Eco-grade 27x95 mm. Vnr. 0058274 | 185kr./lm |
| AB-gagnvarin 27x95 mm. Vnr. 0058324 | 215kr./lm* |
| AB-gagnvarin 45x95 mm. Vnr. 0058504 | 295kr./lm* |
| AB-gagnvarin 45x145 mm. Vnr. 0058506 | 485kr./lm* |
| A-gagnvarin 95x95 mm. Vnr. 0059954 | 715kr./lm* |
| Lerki, rásað, 27x117 mm. Vnr. 0053275 | 675kr./lm |
| Plastefni dökkgrátt/ljósgrátt 23x146mm - 3,6m. Vnr. 0039510/14 | 3.895kr./stk |

*4,5 m og styttra.



SPURÐU RENZO UM ALLT TENGT TIMBRI

## FRÁBÆR Í PALLASMÍÐINA



-20%
Einhell
**Bútsög** TH-MS
13.435kr.
74808295
Almennt verð: 16.795kr.

BOSCH SKIL Einhell
20% AFSLÁTTUR AF RAFMAGNSVERKFÆRUM



25% AFSLÁTTUR AF FRÆJUM, SÁÐBÓKUM OG VORLAUKUM

Josera ROYAL CANIN
20% AFSLÁTTUR AF GÆLUDÝRAVÖRUM FÓÐUR OG LEIKFÖNG

25% AFSLÁTTUR AF LISTMÁLARAVÖRUM

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Algjör rokkstjarna í litabókabransanum



Hanna Karlzon, sænskur hönnuður, er konan á bak við litabækurnar sem allir elska. MYND/SAMUEL PETTERSSON

**Hanna Karlzon**, sænskur hönnuður og menntaður myndlistarkennari, er konan á bak við litabækurnar sem allir elska. Heimurinn bíður í ofvæni eftir nýju litabókinni hennar, Sommarnatt, sem kemur út í apríl á heimsvísu. Þetta litabókaæði er ekki bara bundið við Ísland heldur hefur það farið eins og eldur í sinu um heiminn.

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is



Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem til Íslands og hef þær hugmyndir að Ísland sé algjörlega töfrandi staður. Ég er viss um að ég mun fá góðan innblástur fyrir listsköpun mína hér,“ segir Hanna Karlzon aðspurð hvort hún telji landið geta veitt henni innblástur, en hún kom til Íslands í gær og verður viðstödd litapartí í A4 í Skeifunni í kvöld frá klukkan 20.00. Þar mun hún segja fólki frá bakgrunni sínum og hvernig hún rakst inn í þennan litaheim.

Allar teikningar Hönnu eru handunnar og kýs hún helst að nota blek við listsköpun sína. Hanna er þekkt fyrir að leyfa smáatriðunum að njóta sín en henni finnst skemmtilegast að teikna blóm, tré, hús og dýr. Innblásturinn fær hún frá náttúrunni og oft eru teikningar hennar sveipaðar dulúð og draumkenndum tilfinningum.

„Ég fæ mestan innblástur frá náttúrunni í kringum mig í Norður-Svíþjóð þar sem ég bý. Móðir mín býr í gömlu húsi sem hefur tilheyrt fjölskyldunni okkar í margar kynslóðir. Húsið stendur alveg í skógarjaðrinum og það er æðislegur garður í kringum húsið. Þegar ég leita að hugmyndum fyrir teikningarnar mínar hugsa ég alltaf um þennan fallega stað. Þegar ég teikna myndirnar mínar reyni ég að sameina náttúruna og æskuminningar, svo finnst mér gaman að bæta við draumkenndu ívafi,“ segir Hanna.

**ÉG FÆ MESTAN INNBLÁSTUR FRÁ NÁTTÚRUNNI Í KRINGUM MIG HÉR Í NORÐUR-SVÍÞJÓÐ ÞAR SEM ÉG BÝ. MÓÐIR MÍN BÝR Í GÖMLU HÚSI SEM HEFUR TILHEYRT FJÖLSKYLDUNNI OKKAR Í GEGN UM MARGAR KYNSLÓÐIR.**




**ÉG HEF VERÐIÐ AÐ TEIKNA ALVEG SÍÐAN ÉG MAN EFTIR MÉR, Í UPPHAFI VAR ÉG MEST Í GRAFÍKTEIKNINGUM OG MÁLVERKUM. ÞESSAR SVOKÖLLUÐU BLEKTEIKNINGAR SEM ÉG ER AÐ GERA NÚNA HEF ÉG VERIÐ AÐ ÞRÓA SÍÐUSTU ÁR.**

Smáatriðin eru áberandi í teikningum Hönnu og litabækurnar hennar hafa rokið út eins og heitar lummur. Framleiðslan hefur aukist mikið undanfarin ár vegna mikillar eftirspurnar og vinsælda. En hvað ætli taki langan tíma að teikna mynd sem hefur þessi óteljandi smáatriði?

„Það fer alveg eftir því hversu flókin myndin er, ef ég er í stuði og teikna heila opnu getur það tekið allt að tvo daga, en ef ég er að gera eina mynd tekur það einn dag. Ég verð nánast aldrei óþolinmóð þegar ég er að skapa og teikna, en það getur þó komið fyrir. Sérstaklega þegar ég er alveg að verða búin með mynd og er farin að sjá fyrir mér næstu mynd. Svo hefur það líka komið fyrir þegar ég er að renna út á tíma,“ segir Hanna og bætir við að það að teikna taki tíma og er hún alveg sátt við það.

Hanna hefur teiknað myndir frá því hún man eftir sér, en stíll hennar hefur þróast mikið enda er ferillinn langur hjá þessari stjörnulistakonu sem hefur vakið athygli um allan heim.

„Ég hef teiknað alveg síðan ég man eftir mér, í upphafi var ég mest í grafík teikningum og málverkum. Þessar svokölluðu blekteikningar sem ég er að gera núna hef ég verið að þróa síðustu ár. Þegar ég var að byrja að teikna gerði ég blekmyndir því ég var mikið að vinna með silkiþrykk. Ég teiknaði mína eigin hönnun og þrykkti á föt.

Eftir talsverðan tíma í þeirri vinnu ákvað ég að einbeita mér hægt og rólega einungis að teikningum og ákvað að halda mig við hreinar blekteikningar. Stuttu síðar fór ég að gera litabækurnar og þá fór ég að þróa teikningarnar mínar ennþá meira. Ég þróaði myndirnar þannig að það væri auðveldlega hægt að teikna þær en á sama tíma væru þær líka flottar einar og sér án lita,“ segir Hanna létt í bragði.



Hér má sjá teikningu sem er í nýjustu litabók Hönnu, Sommarnatt.

# Miklu betra að vera fullur en dauður

Við opnum í dag á sjálfan St. Patrick's day, sem er tilvalið þar sem þetta er írskur pöbb og stemningin á staðnum í anda Írlands. Á föstudaginn verðum við svo með formlegt opnunarpartí, þar sem við ætlum að gleðjast með vinum og fjölskyldu og fagna opnun Drunk Rabbit en við höfum unnið hér dag og nótt í nær fjóra mánuði,“ segir Andrés Björnsson, annar eigandi Drunk Rabbit í Austurstræti.

Þeir félagar Andrés og Ómar Ingimarsson lentu í hörðum deilum vegna nafnsins sem þeir völdu á staðinn í upphafi en létu það ekki á sig fá. Þeir félagar höfðu farið til New York til að kynna sér írska pöbba og sækja sér innblástur varðandi útlit og stemningu fyrir staðinn. Í kjölfar ferðarinnar völdu þeir nafnið Dead Rabbit, en þar sem annar staður ber það nafn fengu þeir ábendingu um að þetta væri ekki við hæfi og ákváðu þeir því að breyta nafni barsins.

„Okkur bárust þær fréttir að eigendur The Dead Rabbit í New York væru ekki sáttir og teldu okkur vera að herma eftir þeim. Í framhaldinu fengum við frekar neikvæða umfjöllun frá öðrum bareigendum í Reykjavík. Eftir talsverðar vangaveltur tókum við þá ákvörðun að breyta nafninu í Drunk Rabbit Irish Pub, enda er miklu betra að vera fullur heldur en dauður,“ segir Andrés léttur í bragði.

Á staðnum verður boðið upp á fjölbreytta kokteila en þeir félagar hafa fengið í lið við sig reynda barþjóna sem hafa hannað kokteilaseðil þar sem er að finna yfir tuttugu mismundi kokteila. Auk þess hyggjast þeir bjóða upp fjölbreytt úrval bjórtegunda. Allt á staðnum eru upprunalegar antikvörur frá Írlandi og óhætt að segja að ásýnd staðarins beri mann hálfa leið til Írlands.

„Ég hannaði staðinn ásamt Ómari og lagði mikið upp úr því að lúkkið á staðnum yrði í anda írskra pöbba, ég er með mikið af flottum antikhúsgögnum frá Írlandi, heildarlúkkið á staðnum er svokallað „old fashion“. Við lögðum mikla áherslu á það að staðurinn væri fyrir alla, bæði skemmtilega stelpnahópa sem vilja setjast niður og fá sér flotta viskíkokteila að írskum sið og fyrir þá sem vilja kíkja með félögunum eftir vinnu og horfa jafnvel á skemmtilega íþróttaviðburði en við ætlum að sýna alla stóru íþróttaviðburðina sem fram undan eru,“ segir Andrés og bætir við að hann sé mjög ánægður með útkomuna.

Þeir Andrés og Ómar Ingimarsson eru ekki að opna bar í fyrsta skipti en þeir ráku staðinn Brooklyn Bar sem var í sama húsnæði.

„Við opnuðum Brooklyn Bar, það gekk ekki alveg eins og ætlað var, en við lærðum af reynslunni. Brooklyn Bar þróaðist hálfpartinn í hamborgarastað en það var alls ekki ætlunin. Við tókum því ákvörðun um að loka staðnum og byrja upp á nýtt; á Drunk Rabbit komum við einungis til með að bjóða upp á snarl með drykkjunum,“ segir Andrés fullur bjartsýni.

gudrunjona@frettabladid.is




Félagarnir Andrés Björnsson og Ómar Ingimarsson opna Drunk Rabbit Irish Pub í Austurstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


NÝTT
NÓA
Trítlar
Trítilgóðir
NÓA
Trítlar
Síkætandi súkkulaðihjúpað lakkríshlaup
Æðisgengið sykurhúðað súrt ávaxtahlaup



Hópurinn er ánægður með að geta lagt hönd á plóg og safnað peningum með þessum hætti. Fjörið hefst klukkan 17.30 og Úlfur Úlfur stígur á svið kl. 22.30 með lokaatriðið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Midasala á tix.is, harpa.is, í midasölu Hörpu og í síma 528 5050
DÆGURFLUGAN

# Munar ekkert um þennan klukkutíma

Að einhver geti leitað til manns og maður þannig lagt hönd á plóg er mjög góð tilfinning, segir Helgi Sæmundur Guðmundsson, annar meðlimur Úlfs Úlfs sem auk annarra banda safnar fyrir UNICEF á Kexi í kvöld.

Það er lítið mál fyrir okkur að að mæta á Kex, fá okkur kannski einn bjór og spila á tónleikum þar sem við getum safnað peningum fyrir UNICEF. Við þurfum þennan klukkutíma ekki, og sér í lagi ekki í stóra samhenginu,“ segir Helgi Sæmundur Guðmundsson, annar tvíeykisins í einhverri vinsælustu rappsveit landsins, Úlfur Úlfur. Stígur bandið ásamt tónlistarfólkinu í Milkywhale, AmabAdamA, Sóleyju, Kött Grá Pjé, dj. flugvél og geimskipi og DJ Silja Glømmi á svið á Kexi hosteli í kvöld, er blásið verður til styrktartónleika í ljósi þess að fimm ár eru liðin frá upphafi átaka í Sýrlandi.

„Þetta snertir alla. Eins og staðan er núna eru um tvær og hálf milljón barna á flótta. Það skiptir máli að geta lagt sitt af mörkum í þessari söfnun, en allt sem kemur inn rennur óskipt til UNICEF. Allir listamennirnir og þeir sem að þessu koma gefa vinnu sína. Ég mun sömuleiðis pottþétt borga mig sjálfur inn,“ bendir Helgi á og bætir við að sannarlega séu forréttindi fólgin í að vera í þeirri stöðu að geta hjálpað með þessum hætti.

Segist Helgi býsna ánægður með þá tónlistarmenn sem stefni á að pakkfylla Kex. „Þetta er góður vinahópur í rauninni. Við unnum með Kött Grá Pjé á síðustu plötu og erum þannig oft saman á tónleikum. Vorum með dj. flugvél og geimskipi um daginn og svo er alltaf ákveðin tenging við AmabAdama,“ segir hann og glottir. „Auk þess sem krakkarnir eru góðir vinir okkar,

**VIÐ ERUM REYNDAR ÁKVEÐNIR Í AÐ SPILA LAG SEM VIÐ HÖFUM AÐEINS EINU SINNI SPILAÐ, ÞÁ Á SÓNARHÁTÍÐINNI Í ÁR.**

við höldum mikið með þeim. Þetta er allt saman toppfólk.

Að einhver geti leitað til manns og maður þannig lagt hönd á plóg er mjög góð tilfinning. Við reynum eftir fremsta megni að hjálpa þegar við erum beðnir.“

Hefjast leikar klukkan 17.30 á morgun en Helgi og Arnar Freyr Frostason, mótherji hans í bandinu, loka kvöldinu og stíga á svið klukkan 22.30. Aðspurður um hvort þeir hagi prógramminu eitthvað öðruvísi á tónleikum er snerta á viðkvæmum málefnum samanborið við til dæmis Airwaves segir hann svo ekkert endilega vera.

„Við ákveðum aldrei fyrirfram hvað við gerum heldur mætum bak við og metum stöðuna og stemninguna í salnum. Þannig að það kemur ekki í ljós fyrr en á reynir. Við erum reyndar ákveðnir í að spila lag sem við höfum aðeins einu sinni spilað, þá á Sónarhátíðinni í ár. Það er ekki komið út, og ekki einu sinni komið nafn á það,“ segir hann og brosir. „Þeir sem ekki mæta geta sent sms í 1900 og lagt þannig 1.900 krónur inn á samtökin. En það kostar 1.500 krónur inn, svo maður nánast græðir á að koma og hlusta á fullt af góðri tónlist,“ segir hann og skellir upp úr. – ga




# NÝTT – BÍÓMYNDIR Á 0 KR.

**Sjónvarp 365 veitir áskrifendum að völdum tilboðspökkum* aðgang að frábæru sjónvarpsefni fyrir 0 kr. – og margt fleira**

- Yfir 130 bíómyndir fylgja með í hverjum mánuði
- Aðgangur að Stöð 2 Maraþon með yfir 500 íslenska og erlenda þætti á 0 kr.
- Níu erlendar sjónvarpsstöðvum á 0 kr.
- Tímaflakk og Stöð 2 Frelsi þegar þér hentar
- Möguleiki á að kaupa aðgang að stökum íþróttaviðburðum

*Fylgir með Skemmtipakkanum, Stórapakkanum og Risapakkanum.

365.is | Sími 1817

365



Jacques Lemans Liverpool
25.700 kr.

*Fallegar fermingar-gjafir*
*– fyrir stráka*



Michelsen Tradition
73.000 kr.



Fossil Grant
21.100 kr.



Casio Retro
11.900 kr.



Armani Classic
40.200 kr.

**Kíktu á úrvalið í vefversluninni á michelsen.is/fermingar**

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni
Sími 511 1900 - www.michelsen.is




Ofurskutlan Cara Delevingne mætti á Dita's Crazy Show á Le Crazy Horse í París.



Ty Hunter, stílisti sjálfrar Beyoncé, lét sig ekki vanta í náttfatapartí boð Dolce & Gabbana. Hvers vegna ætti hann svo sem að gera það?



Kristen Stewart og franska leikkonan Stephanie Sokolinski, eða SoKo, eru splunkunýtt par sem naut sín í hvívetna í París á dögunum. Franskir kossar voru einmitt í hávegum hafðir.

# Frægir á ferð og flugi

Hér ber að líta brot af því besta sem fræga fólkið hefur haft fyrir stafni það sem af er vikunni. Dolce & Gabbana smelltu í náttfatapartí í verslun sinni við 5. breiðstræti í New York, Gwyneth Paltrow dúndraði sér í sérlegan skvísuhitting í boði The Hollywood Reporter og Jimmy Choo og sjálf Cyndi Lauper blés til blaðamannafundar vegna nýrrar plötu. Já, álagið er víða.



**Gwyneth Paltrow** bar höfuð og herðar yfir hina partígestina er hún valsaði um í þessum tryllta samfestingi.



**Cyndi Lauper** sagði frá væntanlegri plötu, Detour, á blaðamannafundi í Tennessee. Lífleg að vanda.



Zoe Kravitz, leikkona og tískuíkon, tjaldaði öllu til fyrir frumsýningu myndarinnar Allegiant í Stóra eplinu á mánudag.



Miranda Kerr sér fyrir sér og sínum með því að vera geggjað sæt og pósa á heimsmælikvarða. Eitthvað brást henni bogalistin er hún rétti þessa banvænu fingur upp og smellti í „peace“. Hún er líklega mannleg eftir allt.



Sir Richard Branson sprellaði eins og hann ætti lífið að leysa er flugfélagið hans, Virgin, hóf flug frá San Francisco til Denver á miðvikudaginn.

# LA-Z-BOY
# TAXFREE

Allir LA-Z-BOY stólar og sófar á taxfree tilboði*






**EMPIRE**
Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði
Stærð: 80 × 70 × 102 cm
**72.573 kr.** ~~89.990 kr.~~



**ASPEN**
Klæddur leðri á slitflötum.
Svartur, vínrauður, brúnn eða hvítur.
Stærð: 80 × 85 × 102 cm
**119.990 kr.** ~~159.990 kr.~~



**RIALTO**
Nettur og skemmtilegur La-Z-Boy sjónvarpssófi.
Klæddur gráu eða svörtu áklæði.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Stærð: 205 × 90 × 105 cm
**258.056 kr.** ~~319.990 kr.~~

*** Taxfree tilboðið gildir bara á LA-Z-BOY og jafngildir 19,35% afslætti.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði.

Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar og gildir til 31. mars 2016

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

## FJÓRAR FYNDNAR MYNDSKRÍTLUR EFTIR PÉTUR SVEINSSON













Myndskrítlan um Jónsa í Í svörtum fötum sló í gegn á vefnum og jók vinsældir hópsins á Facebook. Dóttir Péturs, Amanda Emma, er hér með í skemmtilegri myndskrítlu þar sem hún er með Buff í hárinu.

# Var settur í brandarabann

**Pétur Sveinsson** stofnaði Facebook-hópinn Myndskrítlufélagið þar sem finna má myndir með orðagríni. Brandari um Jónsa í Í svörtum fötum jók vinsældir hópsins umtalsvert.

„Það má segja að síðan hafi sprungið út þegar að Jónsa-brandarinn fór í loftið. Meðlimafjöldinn fór úr sirka 500 og í 1.900 og eitthvað á einum mánuði eftir að brandarinn fór í loftið,“ segir Pétur Sveinsson, stofnandi Facebook-hópsins Myndskrítlufélagsins.

Um er að ræða Facebook-hóp þar sem fólk birtir hinar ýmsu myndskrítlur, sem einkennast gjarnan af svokölluðu orðagríni með myndaspaugi. Þó svo að síðan hafi verið stofnuð árið 2014 hefur hún hingað til farið frekar hljótt en eins og fyrr segir kveikti ein myndskrítlan neista og hefur meðlimum hópsins fjölgað svo um munar.

Ein af ástæðunum fyrir því að Pétur stofnaði hópinn er sú að hann var settur í nokkurs konar brandarabann í öðrum vinsælum Facebook-brandarahóp. „Ég byrjaði að setja eitt og eitt myndband inn á mína eigin síðu og fólk tók alveg vel í það. Svo fór ég að gera einn og einn myndabrandara og fór að taka eftir því að fólki fannst betra að fá bara myndir því þá sér fólkið þær strax og þarf ekki að bíða eftir að myndbandið hlaðist inn. Svo fór ég að dæla inn bröndurum á aðra brandarasíðu og fékk mjög góðar undirtektir, alveg mörg hundruð læk. Mín kenning er sú að eigendur síðunnar hafi orðið pínu afbrýðisamir því þeir báðu mig um að hætta að setja inn á síðuna og í kjölfarið ákvað ég bara að búa til mína eigin síðu,“ útskýrir Pétur.

Hann segist alla tíð hafa haft gaman af bröndurum og orðagríni. „Alveg síðan ég var ég lítill hef ég verið að snúa út úr öllu til að gera lífið skemmtilegra, svo eru þetta líka gamlir brandarar fastir í hausnum á manni.“

Pétur segir að brandararnir hans séu frumsamdir af honum. „Allt sem ég hef gert þarna er frumsamið, fólk hefur alveg sent mér og beðið mig um að búa til brandara úr hinu og þessu en þetta er allt eitthvað sem ég hef fattað. Mikið af þessu er eitthvað sem ég fattaði fyrir löngu, alveg tuttugu árum, en þá var enginn vettvangur til að koma þessu frá sér. Þetta er margt sem er bara fast í hausnum á manni síðan í gamla daga. Mér dettur alltaf eitthvað hug á hverjum degi,“ segir hann.

Pétur hvetur fólk til þess að taka þátt í gríninu og segist sjálfur nota grínið til þess að gera lífið skemmtilegra. „Mín kenning hefur alltaf verið að grín þurfi ekkert að vera það fyndið, sérstaklega á vettvangi þar sem fólk býst ekki við gríni. Einu sinni fór ég í lúgusjoppu, og spurði: „Hvað kostar Vikan hjá þér?“ sem er blað eins flestir vita og starfsmaður nefndi eitthvert verð og ég svaraði þá: „Á ég þá ekki bara að sækja þig eftir vinnu?“ Afgreiðslustúlkan grenjaði úr hlátri, þannig að þetta er dæmi um grín á vettvangi þar sem fólk býst ekki við því,“ útskýrir Pétur léttur í lundu.

gunnarleo@frettabladid.is

> MÍN KENNING ER SÚ AÐ EIGENDUR SÍÐUNNAR HAFI ORÐIÐ PÍNU AFBRÝÐISAMIR ÞVÍ ÞEIR BÁÐU MIG UM AÐ HÆTTA AÐ SETJA INN Á SÍÐUNA OG Í KJÖLFARIÐ ÁKVAÐ ÉG BARA AÐ BÚA TIL MÍNA EIGIN SÍÐU.



Pétur Sveinsson situr hér og hannar myndaskrítlu, sem án efa á eftir birtast í Facebook-hópnum hans, Myndskrítlufélaginu.



# HOLI-HÁTÍÐ

## GLEÐI, LITIR OG DÁSAMLEGUR MATUR

**Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi frá 17. mars til 24. apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI hátíðarmatseðli á frábæru verði: 5.990 kr. sun.-fim. og 6.990 kr. fös. og lau.**

**Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**

### Fimm rétta HOLI hátíðarmatseðill

*FORRÉTTUR*

**Malabar Coconut Masala Prawn**
*Pönnusteiktar risarækjur með kókosflögum, karrýlaufum, sinnepsfræjum og túrmerik*

*AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet marinerað í kúmmíni, engiferi og garam masala. Grillað í Tandoori-ofninum*
*og*

**Murgh Khalmi Tikka**
*Kjúklingabringur marineraðar í kóríander, hvítlauk, grænu chillí, kasjúhnetum og kjúklingabaunum. Grillaðar í Tandoori-ofninum*
*og*

**Aloo Dum Jeera**
*Hægeldaðar kartöflur í ljúfri sósu með tómötum, lauk, kasjúhnetum og kúmmíni*

*MEÐLÆTI*

*Blanda af Naan-brauði, Raitha jógúrtsósa og Basmati-hrísgrjón*

*EFTIRRÉTTUR*

**Halu Holige**
*Heimalagaður ís borinn fram á klatta með kókossósu Eftirlæti frá kaffiplantekrunum í Coorg á Suður-Indlandi.*

*5.990 kr. sunnudaga-fimmtudaga*
*6.990 kr. föstudaga og laugardaga*







# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: s. 552 1630** Hverfisgötu 56 Opið: Sun - Fim 17:30 - 22:00 og Fös - Lau 17:30 - 23:00

NÓI SÍRÍUS




**Þau eru tilbúin**

Nú mega páskarnir koma því að Nóa páskaeggin eru tilbúin. Og vitið þið bara hvað? Við vönduðum okkur alveg sérstaklega í ár, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Bæði gómsæta súkkulaðiskelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

**Ekki ryðjast – það er nóg til fyrir alla.**

**facebook.com/noisirius**

cocoa HORIZONS

Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Sukkulaðið okkar inniheldur kakó sem framleitt er á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Það stuðlar að betri lífsskilyrðum og aðbúnaði starfsfólks.



Valgerður hefur farið út um allan heim til að renna fyrir fisk, svo sem Skotlands, Mexíkó, Grænlands og Belíss. Hún horfir löngunaraugum til Rússlands núna.

# Pollslök fyrir framan tvær milljónir

**Valgerður Árnadóttir** þekkir laxveiði eins og lófann á sér. Hún gegnir stöðu dómara í þáttunum Earth's Wildest Waters: The Big fish sem breska sjónvarpsstöðin BBC framleiðir. Hún er eini kvendómarinn.

Ég hef aldrei verið í sjónvarpi svo það má segja að hafi sannarlega hoppað út í djúpu laugina þarna," segir Valgerður Árnadóttir, sem birtist nú á skjáum fiskveiðiáhugamanna um heim allan. Hún tók sér stöðu dómara í þáttum BBC-sjónvarpsstöðvarinnar, Earth's Wildest Waters: The Big Fish. „Þetta er átta þátta sería þar sem átta veiðimenn taka þátt og í hverjum þætti dettur einn út. Fyrsti þátturinn í þessari seríu var tekinn upp hér á Íslandi, á Þingvöllum og á Ísafirði," útskýrir Valgerður. Voru það sjónvarpsmennirnir Ben Fogle og Matt Hayes sem ásamt fylgdarliði heimsóttu landið í fyrra, í þeim tilgangi að leggja þrautir fyrir keppendur, og dómari hvers lands, sem heimsótt var, sá um að vega og meta færni viðkomandi.

Valgerður segir föður sinn, Árna Baldursson, eiganda Stangveiðfélagsins Lax-Á, upphaflega hafa verið hugsaðan í verkið en það hafi hins vegar ekki gengið upp og hún því skellt sér á Skype þar sem viðtalið við framleiðanda fór fram. Þar hreppti hún í stuttu máli hnossið. „Það var mjög gaman að fá að taka þátt í þessu, sér í lagi í ljósi þess að ég var eina konan sem sinnti hlutverki dómara í þessari seríu. Mér finnst gott að vera fyrirmynd bæði kvenna og ungu kynslóðarinnar."

**Besti sjónvarpstíminn**

Þættirnir hafa þegar verið sýndir í Bretlandi, Ástralíu og á Nýja-Sjálandi, en verða sýndir víða um Evrópu á næstunni, segir Valgerður. „Þetta er hálf fyndið, ég hafði ekki gert neitt svona áður. Svo eftir viku af upptökum segir framleiðandinn við mig: Vá, þú ert greinilega reynslubolti í þessu, ertu bara ekkert stressuð? og ég gat ekki annað en hlegið og spurt til baka; Nei í rauninni ekki. Hvað gæti klikkað? Tökum við ekki bara aftur ef með þarf? Hún játti því en gat ekki annað en spurt mig hvað ég héldi að margir myndu horfa á þetta. Ég sagðist halda kannski svona hundrað þúsund manns í besta falli. Hún hló, enda kom það á daginn að um tvær milljónir horfðu á þáttinn, enda á „primetime" í sjónvarpinu úti í Bretlandi."

Valgerður segist sjálf hafa mikinn áhuga á að vinna meira með vitneskju sína um fiskveiðar í sjónvarpi enda liðið vel fyrir framan vélarnar. Hún viðurkennir jafnframt að sannarlega sé ákveðið forskot fyrir hana að vera kona í þessum karllæga bransa, hún fái fyrr athygli í sportinu. „En það er líka dálítð erfitt. Að vera kona í þessum bransa gerir það að verkum að manni finnst maður oft þurfa að sanna sig meira. Vera eitthvað meira en „pretty face" og allt þetta." Þá segist hún alloft lenda í að veiðimenn sem komi í kofana hér heima, biðji hana um að hella upp á kaffi eða annað slíkt, sem hún og gerir. „Svo verða þeir eins og beygluð vaskaföt þegar ég klæði mig í gallann og fer að veiða rétt eins og þeir," segir hún og hlær.

**Samfélagsmiðlamiðuð**

Valgerður hefur í nægu að snúast, en hún er nýflutt aftur til landsins frá Kaupmannahöfn, þar sem hún var í mastersnámi í lögfræði, samhliða því að sinna gríðarlega umfangsmikilli samfélagsmiðlavinnu, sem einmitt er tengd fiskveiðunum, og ferðast vítt og breitt um heiminn með stöngina í farteskinu. „Ég hef mjög gaman af að spá í samfélagsmiðlana og er með tólf þúsund fylgjendur á Instagram þar sem ég pósta myndum úr veiðinni. Þá blogga ég líka, sem átti bara að vera hobbí en fær gríðarlega góðar viðtökur, sér í lagi í Kanada og Bandaríkjunum," segir hún að lokum, spennt fyrir komandi ævintýrum.

gudrun@frettabladid.is



Ben Fogle, Valgerður og Matt Hayes meðan á tökum stóð hér á landi.

**EARTH'S WILDEST WATERS**

Nýir raunveruleikaþættir þar sem átta þátttakendur hefja leikinn. Í hverjum þætti er farið í heimsókn til nýs lands þar sem aðstæður til veiði eru ólíkar og dettur einn keppandi út í hverjum þætti uns eftir stendur einn – sigurvegarinn. Þátturinn frá Íslandi var fyrstur í loftið og um tvær milljónir manna fylgdust með.

**EN ÞAÐ ER LÍKA DÁLÍTÐ ERFITT. AÐ VERA KONA Í ÞESSUM BRANSA GERIR ÞAÐ AÐ VERKUM AÐ MANNI FINNST MAÐUR OFT ÞURFA AÐ SANNA SIG MEIRA.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# 100% DÚNSÆNG FYRIR FERMINGARBARNIÐ

Léttar og hlýjar dúnsængur fyrir fermingarbarnið.
Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn og bómull.
Allur dúnn er hitahreinsaður án kemískra efna.

100% DÚNN / 790G DÚNN 140x200
Verð nú 23.994 kr
Verð áður 39.990 kr



Klifurrós
Verð nú 7.990 kr
Verð áður 13.490 kr



Friður
Verð nú 8.990 kr
Verð áður 12.980 kr



Áttablaðarós
Verð nú 9.990 kr
Verð áður 12.980 kr



Krummi
Verð nú 9.990 kr
Verð áður 12.980 kr



Tré lífsins
Verð nú 9.990 kr
Verð áður 14.990 kr



Lambagras
Verð nú 9.990 kr
Verð áður 14.990 kr



Blómahaf
Verð nú 7.990 kr
Verð áður 15.490 kr



Fálki
Verð nú 8.990 kr
Verð áður 13.490 kr

15 GERÐIR AF RÚMFÖTUM Á TILBOÐI
SJÁÐU ÚRVALIÐ Á LINDESIGN.IS




NÚ FYLGJA TVEIR MIÐAR Í LAUGARÁSBÍÓ Á MYNDIRNAR THE BOSS EÐA THE HUNTSMAN ÖLLUM SELDUM RÚMFÖTUM OG DÚNSÆNGUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS


Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com



8
OPNUM Í KRINGLUNNI
Velkomin í nýja verslun okkar í dag kl. 18.
GEYSIR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Hugleiks Dagssonar




## Spilling

Ég kláraði loksins að horfa á Ófærð um helgina. Mjög skemmtilegt. En reyndar vissi ég hver morðinginn var því Facebook spillti því fyrir mér fyrir svona mánuði síðan. Ég er ekki reiður. Bara vonsvikinn. Sá sem spillti þessu fyrir mér meinti ekkert illt heldur gerði bara ráð fyrir, eins og hann og hans fjölskylda, að allir Íslendingar væru að horfa samtímis. Því þannig var það einu sinni. Allir á sömu síðu. Alls sjónvarpsefnis var neytt í þeirri línulegu dagskrá sem ríkisjónvarpið úthlutaði okkur (ég var aldrei með Stöð 2). Ég hugsa til þeirra tíma með ljúfsárri fortíðarþrá. Hefðir eru góðar fyrir sálina. Þegar maður tók 45 mínútur frá á miðvikudagskvöldum til að horfa á Gilmore Girls. „Nei, Rory, þú ert of góð fyrir Jess!“ Í þá daga var hugtakið „spoiler“ varla til.

Nú er öldin önnur. Með upplýsingaöldinni komu nýjar leiðir til að stjórna eigin skjálífi. Nú getur maður, með hjálp niðurhals, streymisþjónustu og voddi stjórnað og skammtað sinni eigin imbakassafíkn. Ég horfði t.d. á Ófærð í tveimur hámgláps setum.

Hámgláp, einnig þekkt sem raðhorf eða staraþon (eða binge-watching á ensku) er þegar maður horfir á marga þætti í einu af tiltekinni þáttaröð. Mér finnst mun þægilegra að horfa þannig. Þá get ég afgreitt heilu sápurnar á einu bretti. En við sem kjósum þessa glápleið eigum sameiginlegan óvin. Spillinguna. Alltaf þegar einhver byrjaði að tala um Ófærð hrópaði ég „EKKI SEGJA NEITT! EKKI SPILLA.“ Það er asnalegt að þurfa að segja fólki að halda kjafti bara vegna þess að þú veist ekki jafn mikið og það um örlög skáldaðra Austfjarðalögga. En svona er þetta og við þurfum að aðlagast.

Hvenær er í lagi að spilla? Mín regla er þessi. Eitt ár fyrir kvikmyndir. Hálft ár fyrir sjónvarpsþætti. Einn mánuður fyrir íslenska sjónvarpsþætti. Þetta þýðir ekki að þú megir ekki tjá þig um þætti. Bara ekki segja mér hver morðinginn er í morðgátum. Úff hvað mér líður nördalega eftir að hafa skrifað þetta.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**

KRÓNAN




Vodafone RED
Öll fjölskyldan, eitt verð



8.980 kr.

Innifalið í Vodafone RED er m.a.

| | 50 GB | | |
|---|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Samnýtt gagnamagn | 500 mínútur til útlanda | Gagnamagnskort fyrir öll snjalltækin þín |

Vodafone SMART
Ótakmörkuð símtöl og SMS

1.990 kr.



| | 100 MB | 1 GB |
|---|---|---|
| Ótakmarkaðar mínútur og SMS | Innifalið gagnamagn | Fáðu SMART gagnamagn fyrir aðeins 1.000 kr. |

4G reiki í 24 löndum

Kynntu þér alla kosti Vodafone RED og SMART á vodafone.is, í síma 1414 eða í næstu verslun.

Vodafone
Við tengjum þig